



# ÁRSSKÝRSLA 2009

Háskólinn á Akureyri

ÁRSSKÝRSLA 2009

Háskólinn á Akureyri

Háskólinn á Akureyri

# EFNISYFIRLIT

| | |
|---|---|
| Stjórn | bls. 6 |
| Skipurit | bls. 6 |
| Reglur og stefnumál | bls. 7 |
| Formáli rektors | bls. 9 |
| Nemendafjöldi | bls. 10 |
| Starfsmenn | bls. 11 |
| Gæðamál | bls.12 |
| Góðvinir Háskólans á Akureyri | bls. 13 |
| Heilbrigðisvísindasvið | bls. 14 |
| Hug- og félagsvísindasvið | bls. 17 |
| Viðskipta- og raunvísindasvið | bls. 22 |
| Fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsvið | bls. 29 |
| Markaðs- og kynningarsvið | bls. 29 |
| Nemendur og deildir | bls. 30 |
| Kennslusvið | bls. 31 |
| Fjarnám | bls. 34 |
| Rannsókna- og þróunarmiðstöð HA - RHA | bls. 36 |
| Upplýsingasvið | bls. 38 |
| Félag stúdenta við HA - FSHA | bls. 39 |
| Félagsstofnun stúdenta - FÉSTA | bls. 40 |
| Símenntun HA | bls. 41 |
| Matvælasetur HA | bls. 42 |
| Sjávarútvegsmiðstöðin við HA - SHA | bls. 43 |
| Rannsóknamiðstöð ferðamála - RMF | bls. 44 |
| Rannsóknaþing norðursins – NRF | bls. 46 |
| RES – Orkuskóli | bls. 48 |
| Samningar og samstarfsstofnanir | bls. 49 |
| Styrkir og gjafir | bls. 50 |
| Eitt og annað | bls. 52 |
| Ársreikningur | bls. 56 |
| Brautskráning | bls. 58 |
| Brautskráningarræða rektors | bls. 59 |
| Brautskráðir – listi | bls. 64 |
| Lokaverkefni | bls. 66 |

Útgefandi: **Háskólinn á Akureyri.** Ritstjórn: **Guðrún María Kristinsdóttir.** Ljósmyndir: **Gísli Dúa Hjörleifsson, Dagmar Ýr Stefánsdóttir** og **Ljósmyndastofa Páls.** Lestur handrits: **Bragi Guðmundsson.** Hönnun: **Stíll.** Prentvinnsla: **Ásprent.** ISSN-L 1670-4894




# STJÓRN

Yfirstjórn háskólans er falin háskólaráði og rektor og er háskólaráð æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans. Háskólaráð hélt fjórtán formlega fundi árið 2009.

Háskólafundur er haldinn a.m.k. einu sinni á ári. Hann er vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og akademíska stefnumótun. Fulltrúar nemenda, kennara og annars starfsfólks sitja háskólafundi. Haldnir voru tveir háskólafundir á árinu.

Framkvæmdastjórn sér um samræmingu á daglegum rekstri háskólans. Þar er farið yfir fjármál, áætlanagerð, uppgjör og teknar ákvarðanir um samstarfssamninga, rætt um framgang þróunarverkefna og nýsköpunar, auk samræmingar verkefna á milli einstakra akademískra skipulagseininga og háskólaskrifstofu. Stjórnin er skipuð rektor, forsetum fræðasviða og framkvæmdastjóra.

Við háskólann starfar gæðaráð. Meginhlutverk þess er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að háskólinn standist ávallt þær kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Sæti í gæðaráði eiga rektor, forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri, gæðastjóri, forstöðumaður kennslusviðs, einn fulltrúi starfsmanna háskólans og annar frá nemendum.

**Eftirtaldir fulltrúar skipuðu háskólaráð árið 2009:**
Aðalheiður Ámundadóttir fulltrúi nemenda
Baldur Örn Guðnason forstjóri, fulltrúi menntamálaráðherra
Helga Hlín Hákonardóttir framkvæmdastjóri, skipuð af háskólaráði
Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra, fulltrúi menntamálaráðherra, frá júní
Ólöf Nordal alþingismaður, fulltrúi menntamálaráðherra, þar til í júní
Páll Skúlason prófessor, skipaður af háskólaráði
Þóroddur Bjarnason prófessor, fulltrúi háskólasamfélagsins

**Til vara:**
Andrea Hjálmsdóttir lektor, fulltrúi menntamálaráðherra, frá september
Elísabet Hjörleifsdóttir dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins
Jóhanna Guðrún S. Magnúsdóttir fulltrúi nemenda, á haustmisseri
Jóna Jónsdóttir starfsmannastjóri, fulltrúi menntamálaráðherra
Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra, fulltrúi menntamálaráðherra, janúar-maí
Steinþór Þorsteinsson fulltrúi nemenda, á vormisseri
Svanfríður Inga Jónasdóttir bæjarstjóri, skipuð af háskólaráði

**Rektor:**
Þorsteinn Gunnarsson til 1. júlí, Stefán B. Sigurðsson frá 1. júlí

**Framkvæmdastjóri:**
Ólafur Halldórsson

**Gæðastjóri:**
Sigrún Magnúsdóttir

**Deildarforsetar, forsetar fræðasviða:**
Fyrri hluta árs nefndust akademískar einingar háskólans deildir, þ.e. hug- og félagsvísindadeild, heilbrigðisdeild og viðskipta- og raunvísindadeild. Frá 1. ágúst 2009 nefnast einingarnar fræðasvið, sbr. Reglur fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009.

**Heilbrigðisdeild:** Árún Kr. Sigurðardóttir var deildarforseti heilbrigðisdeildar í rannsóknarleyfi Hermanns Óskarssonar skólaárið 2008-2009. Ráðningartími Hermanns rann út 31. júlí 2009. Árún Kr. Sigurðardóttir var þá ráðin forseti heilbrigðisvísindasviðs.

**Hug- og félagsvísindasvið:** Sigurður Kristinsson veitti forstöðu hug- og félagsvísindadeild og er forseti hug- og félagsvísindasviðs.

**Viðskipta- og raunvísindasvið:** Hans Kr. Guðmundsson var deildarforseti viðskipta- og raunvísindadeildar og er forseti viðskipta- og raunvísindasviðs.

**Forstöðumenn háskólaskrifstofu:**

**Fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsvið:** Úlfar Hauksson.

**Kennslusvið:** Steinunn Aðalbjarnardóttir skólaárið 2008–2009. Laufey Petrea Magnúsdóttir sem var þá í leyfi sagði starfinu lausu frá 1. júní 2009. Skólaárið 2009-2010 var Solveig Hrafnsdóttir náms- og starfsráðgjafi forstöðumaður kennslusviðs.

**Markaðs- og kynningarsvið:** Dagmar Ýr Stefánsdóttir

**RHA – Rannsókna- og þróunarmiðstöð:**
Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir

**Upplýsingasvið:** Astrid M. Magnúsdóttir

**Reglur og stefnumál samþykkt af háskólaráði 2009:**

- Reglur fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009
- Reglur um háskólafund Háskólans á Akureyri nr. 389/2009
- Reglur nr. 546/2009 um breytingar á reglum Háskólans á Akureyri um viðurlög við ritstuldi nr. 757/2006
- Reglur um stjórnskipulag hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri nr. 611/2009
- Reglur um stjórnskipulag heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri nr. 610/2009
- Reglur um Rannsóknasjóð Háskólans á Akureyri, samþykktar í háskólaráði 24. júní 2009
- Áætlun um jafna stöðu kynjanna við Háskólann á Akureyri, samþykkt í háskólaráði 24. júní 2009
- Reglur um stjórnskipulag viðskipta- og raunvísindasviðs Háskólans á Akureyri nr. 864/2009
- Reglur um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri nr. 885/2009
- Viðbragðsáætlun vegna inflúensufaraldurs, samþykkt í háskólaráði 2. október 2009



Háskólinn á Akureyri

STEFÁN B. SIGURÐSSON

# FORMÁLI REKTORS

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi og þróun háskólans á ýmsum sviðum á árinu 2009.

Árið einkenndist talsvert af almennum þrengingum í þjóðarbúskapnum en einnig af metnaðarfullu skólastarfi og uppbyggingu. Þannig var haldið áfram framkvæmdum við fjórða áfanga húsnæðis háskólans á Sólborg samkvæmt áætlun.

Samdráttur í ríkisrekstri árið 2009 kom niður á starfsemi Háskólans á Akureyri sem þurfti að bregðast við liðlega 73 mkr. niðurskurði á fjárveitingu til skólans yfir árið. Háskólaráð hafði að leiðarljósi við niðurskurðinn að vernda störf við háskólann og greip því til þeirra ráða að fresta hluta rannsóknamissera kennara, draga úr ferðakostnaði, hagræða í kennslu og gæta fyllsta aðhalds á öllum sviðum. Með þessum aðgerðum tókst að reka háskólann innan ramma fjárlaga. Auk þess tókst að greiða niður uppsafnaðan halla um 22.5 mkr.

Háskólaráð var einhuga um að horfa bæri fram á veginn með framtíð háskólans í huga. Ákveðið var að skipa starfshóp til að meta sóknarfæri kennara Háskólans á Akureyri í öflun rannsóknastyrkja. Innan raða háskólakennara eru margir frábærir vísindamenn og háskólaráð vill viðhalda hvetjandi umhverfi og góðri aðstöðu fyrir rannsóknir við háskólann. Mælikvarði á gæði og afrakstur rannsóknastarfs eru birtinga ritrýndra fræðigreina. Markmið ársins var 40 birtingar í erlendum fræðiritum og það náðist rúmlega.

Háskólaráð samþykkti nýjar reglur fyrir Háskólann á Akureyri á grundvelli laga um háskóla frá 2006, og laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Samkvæmt þeim eru starfrækt þrjú fræðasvið við háskólann, þ.e. heilbrigðisvísindasvið, hug- og félagsvísindasvið og viðskipta- og raunvísindasvið. Jafnframt var aflagt heitið skorir fyrir undireiningar sviðanna og nefnast þær nú deildir.

Haustið 2009 hófst fimm ára kennaranám við hug- og félagsvísindasvið í samræmi við ný lög nr. 87/2008. Um leið var skipting milli leikskóla- og grunnskólabrautar afnumin, en nemendur velja sérhæfingu í náminu eftir því á hvaða skólastigi þeir hyggjast kenna.

Fjarnám er löngu orðið aðalsmerki Háskólans á Akureyri. Veturinn 2009-2010 buðu öll þrjú fræðasvið hans upp á fjarnám. Námið er ýmist sett upp sem dagskóli, kennsla utan dagvinnutíma eða nám óháð stað og stund. Eftirspurn eftir fjarnámi frá háskólanum hefur aukist jafnt og þétt. Margt bendir til þess að sveigjanleiki muni einkenna kennsluhætti við háskólann enn frekar á næstu árum.

> „Háskólaráð ákvað að skipa starfshóp til að meta sóknarfæri kennara Háskólans á Akureyri í öflun rannsóknastyrkja.“

Matvælasetur Háskólans á Akureyri sem tók til starfa í janúar árið 2000 var lagt niður í ársbyrjun 2009. Sjávarútvegsmiðstöðin við Háskólann á Akureyri var formlega opnuð þann 16. apríl þegar samningur milli háskólans og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins var undirritaður. Sjávarútvegsmiðstöðin tók að hluta til við verkefnum Matvælasetursins og hefur það hlutverk að styrkja forystuhlutverk HA á sviði menntunar og rannsókna í sjávarútvegi. Meðal annars starfrækir Sjávarútvegsmiðstöðin gagnagrunn fyrir íslenskan sjávarútveg.

Brautskráðir nemendur frá Háskólanum á Akureyri eru nú tæplega þrjú þúsund talsins frá upphafi. Þeir starfa í ýmsum geirum og leggja sitt af mörkum til samfélagsins bæði í þéttbýli og ekki síður í dreifðum byggðum landsins.

Ég vil þakka Guðrúnu M. Kristinsdóttur, ritstjóra ársskýrslunnar, og öllum þeim sem lögðu til efni í skýrsluna eða aðstoðuðu við gerð hennar með öðrum hætti.

# NEMENDAFJÖLDI

Alls voru 1632 nemendur skráðir til náms á haustmisseri 2009. Í staðarnám voru skráðir 749 nemendur, 541 í fjarnám og 342 stunduðu framhaldsnám. Konur voru í miklum meirihluta eins og verið hefur eða 1199 og karlar voru 433. Alls var 84 umsækjendum synjað um skólavist.











# STARFSMENN

**Á árinu hlutu eftirtaldir starfsmenn framgang eða fengu hæfisdóma í tengslum við ráðningar:**

Ársæll Már Arnarsson, dósent við hug- og félagsvísindasvið

Árún Kr. Sigurðardóttir, prófessor við heilbrigðisvísindasvið

Giorgio Baruchello, prófessor við hug- og félagsvísindasvið

Guðrún Pálmadóttir, dósent við heilbrigðisvísindasvið

Halldóra Haraldsdóttir, dósent við hug- og félagsvísindasvið

Páll Björnsson, dósent við hug- og félagsvísindasvið

Pétur Dam Leifsson, dósent við hug- og félagsvísindasvið

Rachael Lorna Johnstone, dósent við hug- og félagsvísindasvið

Rannveig Björnsdóttir, dósent við viðskipta- og raunvísindasvið

Rúnar Sigþórsson, prófessor við hug- og félagsvísindasvið

Sigríður Sía Jónsdóttir, lektor við Heilbrigðisvísindastofnun HA

Snæfríður Þóra Egilson, prófessor við heilbrigðisvísindasvið

Stefán B. Sigurðsson, prófessorshæfi við heilbrigðisvísindasvið

Timothy Murphy, prófessor við hug- og félagsvísindasvið



Finnur Friðriksson lektor varði doktorsritgerð sína í almennum málvísindum við málvísindadeild Gautaborgarháskóla í Svíþjóð þann 19. desember 2008. Titillinn á verkinu er *Language change vs. Stability in conservative language communities: A case study of Icelandic.*



Ársæll Már Arnarsson dósent varð doktorsritgerð sína við læknadeild Háskóla Íslands þann 5. júní 2009. Heitið á doktorsverkefninu er *Faraldsfræði flögnunarheilkennis.*

Rannsóknarvirkni starfsmanna Háskólans á Akureyri hefur vaxið hratt. Markmið sem háskólinn setti sér fyrir árið 2009 hafa staðist en stefnt var að 40 birtingum í erlendum fræðiritum og var fjöldi birtinga 43 og af þeim voru 25 ISI greinar. Birting ritrýndra fræðigreina er ábyggilegasti mælikvarðinn á gæði og afrakstur rannsóknarstarfsins og er markmiðið fyrir árið 2010 25 ISI greinar.

Eftirtaldir voru í rannsóknamisseri vorið 2009:
Elín Díanna Gunnarsdóttir dósent,
Guðmundur Kristján Óskarsson lektor,
Guðrún Pálmadóttir dósent,
Halldóra Haraldsdóttir dósent,
Hermann Óskarsson dósent,
Jórunn Elídóttir dósent,
Kristín Dýrfjörð lektor,
Kristján Kristjánsson prófessor,
Nikolai Gagunashvili prófessor,
Páll Björnsson dósent,
Rósa Júlíusdóttir lektor,
Sigrún Garðarsdóttir lektor,
Valerie Jacqueline Harris lektor.




| Fastir starfsmenn | Karlar | Konur | Alls |
|---|---|---|---|
| Prófessorar | 19 | 5 | 24 |
| Dósentar | 15 | 9 | 24 |
| Lektorar | 16 | 23 | 39 |
| Aðjúnktar | 10 | 17 | 27 |
| Sérfræðingar | 16 | 14 | 30 |
| Skrifstofufólk | 9 | 24 | 33 |
| Aðrir | 3 | 5 | 8 |
| **Alls** | **88** | **97** | **185** |

# GÆÐAMÁL

Við háskólann starfar gæðaráð sem heldur fundi að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Gæðaráðið hélt alls níu fundi árið 2009. Sæti í gæðaráði eiga rektor, forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri, gæðastjóri, forstöðumaður kennslusviðs, einn fulltrúi starfsmanna háskólans og annar frá nemendum. Rektor er formaður ráðsins. Á árinu áttu eftirtaldir sæti í gæðaráði: Þorsteinn Gunnarsson rektor til 30. júní og Stefán B. Sigurðsson rektor frá 1. júlí, Árún Kr. Sigurðardóttir forseti heilbrigðisvísindasviðs, Hans Kr. Guðmundsson forseti viðskipta- og raunvísindasviðs, Sigurður Kristinsson forseti hug- og félagsvísindasviðs, Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri, Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri, Steinunn Aðalbjarnardóttir forstöðumaður kennslusviðs til 31. júlí og Solveig Hrafnsdóttir náms- og starfsráðgjafi og forstöðumaður kennslusviðs frá 1. ágúst, Helgi Gestsson lektor sem fulltrúi starfsmanna og Sindri Kristjánsson og Elísa Arnardóttir sem fulltrúar nemenda.

„Hvað nemendur varðar tryggja rafrænar kennsluáætlanir samræmda uppsetningu á texta og að allar nauðsynlegar upplýsingar komi þar fram.“

Meginhlutverk gæðaráðs er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að hann standist ávallt þær kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Vann gæðaráðið því að fjölmörgum framfara- og umbótamálum á árinu auk þess sem það fjallaði um regluleg viðfangsefni eins og kennslumat, rannsóknarvirkni akademískra starfsmanna, framkvæmd starfsmannasamtala, stöðu innleiðingar hæfniviðmiða og brotthvarf nemenda frá námi svo eitthvað sé nefnt. Meðal framfara- og umbótamála sem gæðaráð afgreiddi á árinu má telja aðgerðaáætlun vegna prófaeftirlits á fjarstöðum, reglur um veitingu viðurkenningar til starfsmanna vegna gæðaumbóta eða framúrskarandi árangurs í kennslu og endurskoðun námsmatsreglna. Einnig var á árinu gengið frá þróun og innleiðingu rafrænna kennsluáætlana sem verða til hagræðis fyrir vinnu kennara þar sem margar upplýsingar um námskeiðin fara sjálfkrafa úr upplýsingakerfinu Stefaníu inn í kennsluáætlanir. Hvað nemendur varðar tryggja rafrænar kennsluáætlanir samræmda uppsetningu á texta og að allar nauðsynlegar upplýsingar komi þar fram.

Skýrslan Sveigjanlegt nám við Háskólann á Akureyri – stefnumótun var til umræðu hjá gæðaráðinu auk þess sem því var gerð grein fyrir niðurstöðum rýnihópa með fjarnemum í kennaranámi, viðskiptafræði og hjúkrunarfræði sem skýrslan byggði að hluta á. Gæðaráðið fékk einnig á sama tíma kynningu á könnun meðal brautskráðra nemenda í viðskiptafræði sem Guðmundur Óskar Kristjánsson lektor og Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor unnu.

Haustið 2009 hófst undirbúningur þriggja ytri úttekta á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Var það samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um mat á kennslu og rannsóknum. Um var að ræða eftirfylgniúttekt vegna viðurkenninga á fræðasviðum háskólans og úttektir á námsbrautunum lögfræði og viðskiptafræði. Skipaðir voru þrír sjálfsmatshópar starfsmanna háskólans en fulltrúar nemenda störfuðu einnig með sjálfsmatshópunum vegna námsbrautanna. Gæðastjóri, námsráðgjafi og forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs stóðu í desember fyrir rýnihópakönnun meðal nemenda í lögfræði og voru niðurstöður þeirrar könnunar notaðar við sjálfsmat námsbrautarinnar.





# GÓÐVINIR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Góðvinir eru samtök nemenda sem brautskráðir eru frá Háskólanum á Akureyri og annarra velunnara háskólans. Brautskráðir nemendur verða sjálfkrafa meðlimir í félaginu við brautskráningu en byrja ekki að greiða félagsgjöld fyrr en tveimur árum síðar. Markmið samtakanna eru að auka tengsl háskólans við fyrrum nemendur sína og styðja við uppbyggingu háskólans eftir fremsta megni, fjárhagslega og á annan hátt. Þetta gera Góðvinir m.a. með því að heiðra nemendur við brautskráningu, innheimta félagsgjöld og safna fjármagni frá fyrirtækjum.

Aðalfundur fyrir árið 2009 var haldinn 25. mars 2010 í Háskólanum á Akureyri. Þuríður Jónasardóttir, fráfarandi formaður, flutti skýrslu stjórnar og fór þar yfir verkefni Góðvina á árinu. Þar bar hæst undirbúning fyrir brautskráningarveislu og endurfundi sem fram fóru í húsakynnum háskólans að kvöldi brautskráningardags. Skráning á viðburðinn var undir væntingum en kostnaður fyrir félagið mjög mikill og því hefur stjórnin ákveðið að ekki skuli halda slíka veislu 2010, heldur beina kröftum félagsins inn á önnur svið. Þuríður kynnti einnig áherslubreytingar sem fyrirhugaðar eru hjá félaginu og ný stjórn mun vinna áfram með.

Góðvinir heiðra árlega við brautskráningu einn nemanda frá hverju sviði. Verðlaunin eru gullnælur sem Kristín Petra Guðmundsdóttir gullsmiður hannar og smíðar sérstaklega fyrir Góðvini. Eftir tilnefningar frá deildarforsetum vorið 2009 voru valdir eftirtaldir einstaklingar sem sýndu góðan námsárangur og óeigingjarnt starf í þágu háskólans á þeim tíma sem þeir voru við nám:

Heilbrigðisdeild: Helena Hrund Jónsdóttir

Hug- og félagsvísindadeild: Ágústa Berglind Hauksdóttir

Viðskipta- og raunvísindadeild: Jón Ingi Björnsson

Til viðbótar heiðruðu Góðvinir Árna Sigurgeirsson fyrir gott starf í þágu Góðvinafélagsins og Reyni Albert Þórólfsson fyrir lofsvert framtak við að kynna háskólann. Að lokum heiðruðu Góðvinir Þorstein Gunnarsson, fráfarandi rektor, fyrir framúrskarandi og óeigingjarnt starf í þágu Háskólans á Akureyri en Þorsteinn studdi einnig vel við bakið á Góðvinum þann tíma sem hann var rektor.



Endurfundir Góðvina HA 13. júní 2009.

Í stjórn Góðvina árið 2008 störfuðu eftirtaldir:
Þuríður Jónasardóttir formaður

Selma Dögg Sigurjónsdóttir varaformaður

Sólveig Ása Árnadóttir meðstjórnandi og fulltrúi háskólaráðs

Baldvin Esra Einarsson gjaldkeri

Elín Helga Hannesdóttir á fyrri hluta ársins og Eva Möller á þeim síðari, fulltrúar nemenda HA.

Starfsmaður félagsins árið 2009 var Dagmar Ýr Stefánsdóttir forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs.

# HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Heiti heilbrigðisdeildar breyttist í heilbrigðisvísindasvið þann 1. ágúst í samræmi við Reglur fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009. Þá breyttust nöfn á undireiningum sem áður hétu skorir, og heita síðan hjúkrunarfræðideild, iðjuþjálfunarfræðideild og framhaldsdeild í heilbrigðisvísindum.

Vorið 2009 brautskráðust alls 64 nemendur frá heilbrigðisvísindadeild, þar af 38 með B.S. próf í hjúkrunarfræði og 19 með B.S. próf í iðjuþjálfunarfræði. Úr framhaldsnámi í heilbrigðisvísindum brautskráðust fjórir með 60 ECTS eininga diplómagráðu og þrír með 120 ECTS eininga meistaragráðu.

Á haustmisseri 2009 voru samtals 352 nemendur við nám á heilbrigðisvísindasviði. Nám í hjúkrunarfræði stunduðu 215 nemendur en af þeim var 101 nemandi í fjarnámi. Í iðjuþjálfunarfræði voru 77 nemendur, þar af 31 í fjarnámi. Í framhaldsnámi í heilbrigðisvísindum voru 60 nemendur, 21 í diplómanámi og 39 í meistaranámi.

Fastir starfsmenn heilbrigðisvísindasviðs eru 29, þar af eru 5 ráðnir til Heilbrigðisvísindastofnunar Háskólans á Akureyri. Auk fastra starfsmanna koma tugir stundakennara að kennslu á fræðasviðinu. Allir fastir starfsmenn eiga sæti á deildafundum heilbrigðisvísindasviðs ásamt fulltrúum stundakennara og nemenda.

Ágætt samstarf er við háskóla á Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum, Kanada og víðar.

Stjórnskipulagi heilbrigðisvísindasviðs er lýst í reglum nr. 610/2009.

**Rannsóknir**
Rannsóknarstarfsemi er öflug á heilbrigðisvísindasviði og kennarar sviðsins eru í rannsóknarsamstarfi við erlenda og innlenda fræðimenn. Árið 2009 hófst alþjóðlegt rannsóknarverkefni sem heitir *Eflandi fræðsla til liðskiptasjúklinga – mat og alþjóðlegur samanburður,* en þátttakendur í því eru frá 7 löndum í Evrópu. Einnig er unnið að evrópsku rannsóknarverkefni um viðbúnað við hópslysum í dreifbýli, sem er styrkt af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins, og að rannsóknum á hjartastoppum utan spítala. Rannsóknir eru í gangi meðal fólks með lungnasjúkdóma í samstarfi við Uppsalaháskóla. Á heilbrigðisvísindasviði eru áberandi rannsóknir þar sem leitast er við að fá sjónarhorn notenda heilbrigðis-, félags- og menntakerfis á þá þjónustu sem er veitt og hvers konar þjónustu þeir telja sig þurfa. Dæmi um það er mat á fjölskyldumiðaðri þjónustu. Þá er áfram unnið að rannsóknum á líkamsvirkni eða hreyfingu eldra fólks í dreifbýli og þéttbýli og að rannsóknum á upplifun kvenna af sársauka við fæðingu. Rannsökuð er upplifun fólks í atvinnulegri endurhæfingu af þeirri hjálp sem boðið er upp á til að komast aftur til vinnu eða í nám. Áframhald er á rannsóknum er snúa að fötluðum börnum og ungmennum, í nánu samstarfi við fræðimenn við HÍ og háskólana í Þrándheimi og í Linköping. Einnig er verið að skoða upplifun ýmissa hópa af endurhæfingarþjónustu og má þar nefna rannsókn á daglegu lífi kvenna með brjóstakrabbamein og þörfum þeirra fyrir endurhæfingu og stuðning, og rannsókn á upplifun einstaklinga með geðrænar raskanir af þjónustu er stuðlar að bata. Unnið er að rannsóknarverkefni í tengslum við Héðinsfjarðargöngin, á mannlífi á norðanverðum Tröllaskaga og á heilbrigðismálum Fjallabyggðar. Þar eru könnuð viðhorf og reynsla íbúa af heilbrigðisþjónustu í sínum byggðarlögum fyrir og eftir opnun Héðinsfjarðarganga.

Kennarar fræðasviðsins tóku virkan þátt í vísindaráðstefnum heima og erlendis á árinu og kynntu rannsóknir sínar í íslenskum og erlendum ritrýndum fræðiritum.

**Málþing og ráðstefnur**
Nokkur málþing og ráðstefnur voru haldin á vegum fræðasviðsins á árinu 2009. Má þar nefna *málþing um lækningu, líkn og siðferði* og um *stjórnun í heilbrigðisþjónustu.* Málþingin tókust afar vel og voru vel sótt. Málstofur heilbrigðisvísindasviðs hafa verið haldnar einu sinni í mánuði allt skólaárið og hefur aðsókn verið góð.

**HJÚKRUNARFRÆÐI**
Nám í hjúkrunarfræði er 240 ECTS einingar, tekur fjögur ár og lýkur með B.S. gráðu. Markmið námsins er að búa nemendur undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum svo og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu. Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar og hjúkrunarfræðigreinar.

Beita þurfti fjöldatakmörkunum í hjúkrunarfræði haustið 2009 en 78 nemendur hófu þá nám. Fimmtíu nemendur mega hefja nám á vormisseri 1. árs. Klínískt nám hefst strax á fyrsta ári. Fer það fram víða um land og tekur samtals 24 vikur.

Hjúkrunarfræðideild hefur haft að markmiði að hverjum árgangi í staðarnámi í hjúkrunarfræði fylgi hópur fjarnema. Miðað er við að a.m.k. 10 nemendur hefji námið hverju sinni. Haustið 2009 voru 18 fjarnemar á fjórða ári á Selfossi og 16 nemenda hópur á þriðja ári á Austurlandi, þ.e. Egilsstöðum, Reyðarfirði og á Höfn í Hornafirði. Níu nemendur á öðru ári voru í fjarnámi á Ísafirði og 10 nemenda hópur á Sauðárkróki. Á haustmisseri stundaði 37 fyrsta árs nema hópur nám í Reykjanesbæ og 7 nemenda hópur í Vestmannaeyjum.

Hjúkrunarfræðideild býður hjúkrunarfræðingum með próf úr Hjúkrunarskóla Íslands að ljúka B.S. námi við deildina en um þessar mundir er enginn nemandi sem notfærir sér það.

Tíu erlendir skiptinemar frá Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Noregi stunduðu klínískt nám á Íslandi á vegum hjúkrunarfræðideildar árið 2009.



Sigurður Bjarklind aðjúnkt við heilbrigðideild veitir móttöku viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í kennslu úr hendi rektors á brautskráningu 13. júní.

# HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

**IÐJUÞJÁLFUNARFRÆÐI**

Nám í iðjuþjálfunarfræði er 240 ECTS einingar, tekur fjögur ár og lýkur með B.S. gráðu. Markmið námsins er að búa nemendur undir að gegna margvíslegum störfum er tengjast iðjuþjálfun innan heilbrigðis- og félagsþjónustukerfisins, auk þess að veita góða undirstöðu í stjórnun og skipulagningu þjónustu.

Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar, heilbrigðisvísindi og iðjuvísindi. Klínískt nám er 25 vikur og hefst í lok 2. námsárs. Námið tekur mið af þörfum íslenska heilbrigðiskerfisins, jafnframt því að mæta alþjóðlegum staðli. Lögð er áhersla á að nemendur séu virkir þátttakendur í faglegri þróun og samstarfi bæði hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi. Vettvangsnám í iðjuþjálfun fer fram undir handleiðslu iðjuþjálfa víða um land. Fjöldatakmarkanir eru við deildina og miðast við 25 nema að loknu fyrsta misseri.

Eingöngu er hægt að nema iðjuþjálfunarfræði hér á landi við Háskólann á Akureyri, sem staðarnám frá 1997 og sem fjarnám frá haustinu 2008. Fjarnemar stunda nám í sinni heimabyggð og dreifast því um allt land en koma í námslotur til Akureyrar á hverju misseri. Fjarkennsluhættir eru í stöðugri þróun í samvinnu kennara, nemenda og tæknifólks HA.

Árið 2009 fóru þrír nemendur iðjuþjálfunarfræðideildar í skiptinám til Næstved í Danmörku.

**Framhaldsnám í heilbrigðisvísindum**

Haustið 2003 hófst 120 ECTS eininga meistaranám í heilbrigðisvísindum við deildina. Námið byggir á þverfaglegum grunni. Það er byggt upp af 60 ECTS einingum í námskeiðum og meistararitgerð sem er 60 ECTS einingar að jafnaði. Þrjú námskeið, samtals 30 einingar, eru skyldunámskeið en hinar 30 einingarnar eru valnámskeið, þar af skal nemandi að öllu jöfnu taka tvö námskeið innan heilbrigðisdeildar. Námið veitir prófgráðuna M.S. í heilbrigðisvísindum. Einnig er hægt að ljúka 40 eininga diplómanámi sem veitir Dipl. S. í heilbrigðisvísindum með áherslu á tiltekið sérsvið innan heilbrigðisþjónustunnar.

Leiðarljós í skipulagi meistaranámsins í heilbrigðisvísindum er þverfagleg áhersla á heilsu, virkni og vellíðan. Þetta leiðarstef hefur gefið tilefni til áhugaverðra rannsóknarverkefna í tengslum við meistaranámið.

**Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri**

Hlutverk Heilbrigðisvísindastofnunar HA er að vera sameiginlegur vettvangur starfsmanna Sjúkrahússins á Akureyri og HA til eflingar kennslu, þjálfunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum, miðlunar þekkingar og kynningar á rannsóknum starfsmanna.

Á árinu voru fimm starfsmenn við stofnunina, allir í hlutastörfum. Auk stöðu forstöðumanns er ein staða prófessors, ein staða dósents og tvær lektorsstöður. Starfsmenn komu að kennslu við heilbrigðisvísindasvið HA á sínum sérsviðum. Þá var á árinu nánar skilgreind skipting vinnuframlags milli kennslu og rannsókna.

Megináhersla var lögð á að gera rannsóknir starfsmanna sýnilegar og aðgengilegar auk þess að efla rannsóknarvirkni starfsmanna Sjúkrahússins á Akureyri og tengja verkefni nemenda HA við þarfir þess. Í maí var haldinn vísindadagur í samstarfi við Sjúkrahúsið á Akureyri þar sem starfsmenn kynntu rannsóknir sínar.

> **„Málstofur heilbrigðisvísindasviðs hafa verið haldnar einu sinni í mánuði allt skólaárið og hefur aðsókn verið góð.“**





# HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Þann 1. ágúst 2009 breytti hug- og félagsvísindadeild um nafn í samræmi við Reglur fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009 og nefnist nú hug- og félagsvísindasvið. Jafnframt var heitum undireininga breytt úr skorum í deildir.

Hug- og félagsvísindasvið skiptist í þrjár deildir: Félagsvísindadeild, kennaradeild og lagadeild. Innan hug- og félagsvísindasviðs er einnig Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri og starfar það í gagnvirkum tengslum við kennaradeild. Í byrjun árs 2010 var nafni Skólaþróunarsviðs breytt í Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Hlutverk hug- og félagsvísindasviðs er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í hug- og félagsvísindum, þar með talið félagsvísindum, lögfræði og menntunarfræðum. Stjórnskipulag sviðsins var formfest á árinu og er lýst í reglum nr. 611/2009.

Vorið 2009 brautskráðust 155 nemendur úr hug- og félagsvísindadeild. Frá félagsvísindaskor brautskráðist 21 kandídat, þar af voru 6 með B.A. próf í fjölmiðlafræði, tveir í nútímafræði, tveir í samfélags- og hagþróunarfræði, 10 í sálfræði, og einn í þjóðfélagsfræði. Frá kennaraskor brautskráðust 112 kandídatar, þar af 17 frá leikskólabraut, 26 frá grunnskólabraut, 46 með kennslufræði til kennsluréttinda, 13 með diplóma í menntunarfræðum og 10 með meistaragráðu í menntunarfræðum. Frá lagaskor voru brautskráðir 22 kandídatar; þar af 12 með B.A. próf í lögfræði, 6 með M.L. gráðu í lögfræði og fjórir með diplóma í heimskautarétti.

Á haustmisseri 2009 var 701 nemandi skráður til náms á hug- og félagsvísindasviði. Í félagsvísindadeild voru 176 nemendur, þar af 30 í fjölmiðlafræði, 36 í nútímafræði, 17 í samfélags- og hagþróunarfræði, 65 í sálfræði, 25 í þjóðfélagsfræði, einn í samsetta gráðu til sálfræði og þjóðfélagsfræði og tveir í rannsóknartengdu meistaranámi í félagsvísindum. Í kennaradeild voru 398 nemendur, þar af 60 á fyrsta ári í nýskipulögðu kennaranámi, 54 eldri nemar á leikskólabraut, 45 eldri nemar á grunnskólabraut, 103 í kennslufræði til kennsluréttinda og 136 í diplóma- og meistaranámi. Í lagadeild voru 120 nemendur, þar af 68 í B.A. námi í lögfræði, 30 í M.L. námi og 22 í námi í heimskautarétti. Að auki voru 7 nemendur skráðir í nám á fræðasviðinu utan hefðbundinna brauta.

Fastir starfsmenn hug- og félagsvísindasviðs voru 55 haustið 2009, þar af 17 í félagsvísindadeild, 22 í kennaradeild, 9 í lagadeild og 7 á Skólaþróunarsviði. Stöðugildi voru 45. Auk fastra starfsmanna kom að starfi sviðsins fjöldi stundakennara að viðbættum leik- og grunnskólakennurum víðs vegar um land sem tók að sér að veita nemendum leiðsögn í vettvangsnámi og æfingakennslu.

Fjölbreyttar rannsóknir voru stundaðar á hug- og félagsvísindasviði og áttu kennarar og sérfræðingar í samstarfi um rannsóknir og aðra þætti sem starfsemina varða við fjölmarga aðila innanlands og erlendis. Rannsóknir kennara og sérfræðinga birtust í íslenskum og alþjóðlegum ritrýndum vísindatímaritum, bókum og bókarköflum, auk ótal fyrirlestra og erinda á ráðstefnum, námstefnum og námskeiðum innanlands sem utan. Helstu rannsóknarsvið hverrar deildar eru tíunduð í umfjöllun um hverja þeirra hér á eftir.

Hug- og félagsvísindasvið tók á móti stórum hluta þeirra erlendu skiptinema sem stunduðu nám við Háskólann á Akureyri á árinu, enda kennt á ensku í allmörgum námskeiðum í félagsvísindadeild og lagadeild, þar með talið heilli námsbraut í heimskautarétti, auk þess sem í kennaradeild voru vistuð sérnámskeið fyrir erlenda skiptinema. Einnig voru nemendur úr öllum deildum sviðsins skiptinemar við erlenda háskóla og Háskóla Íslands.

**FÉLAGSVÍSINDADEILD**

Boðið er upp á þriggja ára B.A. nám í fjölmiðlafræði, nútímafræði, samfélags- og hagþróunarfræði, sálfræði og þjóðfélagsfræði. Námið felur í sér fjölþjóðlegar tengingar og kennt er bæði á íslensku og ensku.

**Fjölmiðlafræði**

Fjölmiðlafræði skoðar gangvirki fjölmiðlanna og stöðu þeirra og áhrif í samfélaginu. Háskólinn á Akureyri er eini háskólinn á Íslandi sem býður nám í fjölmiðlafræði til B.A.

Háskólinn á Akureyri

# HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

prófs. Fjölmiðlafræðinámið tekur mið af þeirri þróun sem hefur orðið á þessu sviði í helstu háskólum á Vesturlöndum þar sem reynt er að samþætta faglega þekkingu sem kennd hefur verið í svonefndum blaðamannaskólum og fræðilega þekkingu og aðferðafræði sem kennd hefur verið í hefðbundnu háskólanámi. Slík samtvinnun er talin eftirsóknarverð í námi af þessu tagi og til þess ætluð að gera nemendur hæfari til að takast á við samfélagsbreytingar sem fylgja upplýsingatæknibyltingunni og síhækkandi almennu menntunarstigi. Nemendur taka þátt í gerð ýmiss konar fjölmiðlaefnis í prent- og ljósvakamiðlum og áberandi er hve margir útskriftarnemar hafa fengið störf á fjölmiðlum eða í fjölmiðlatengdum störfum.

**Nútímafræði**
Nútímafræði er þverfagleg grein á sviði hugvísinda og er Háskólinn á Akureyri eini íslenski háskólinn sem býður nám í þessari grein. Námið er þverfaglegt vegna þess að fjallað er um nútímann, þ.e. lífshætti og viðhorf síðustu tveggja alda, frá mörgum hliðum, s.s. frá sjónarhóli heimspeki, sagnfræði, bókmenntafræði og ýmissa greina félagsvísinda. Nútímafræði er heppilegur kostur fyrir þá sem vilja afla sér víðtækrar menntunar í hugvísindum og hún er jafnframt góður undirbúningur fyrir framhaldsnám í ýmsum greinum hug- og félagsvísinda.

**Samfélgs- og hagþróunarfræði**
Samfélags- og hagþróunarfræði byggir á kenningalegum og aðferðafræðilegum grunni félagsvísinda með áherslu á orsakir og afleiðingar örra þjóðfélagsbreytinga á Íslandi, í öðrum samfélögum á norðurslóðum og í þróunarlöndum. Meðal umfjöllunarefna eru helstu kenningar og rannsóknir á sviði þjóðfélagsbreytinga, aðferðir tölfræði og vettvangsrannsókna, einkenni náttúrulegs og mannlegs umhverfis, stjórnun byggða- og þróunarmála og starfsemi þróunarstofnana og samtaka. Nemendur fá þjálfun í skipulagningu og framkvæmd rannsókna og framsetningu á rannsóknarniðurstöðum fyrir almenning og fræðimenn.

**Sálfræði**
Sálfræði leitast við að skilja og útskýra mannlega hegðun, hugsun og tilfinningar. Sálfræðinámið við Háskólann á Akureyri er fjölbreytt og veitir grunnþekkingu á sálfræði sem fræðigrein. Í náminu er m.a. lögð áhersla á að veita almenna þekkingu á mismunandi sviðum fræðigreinarinnar, bæði hvað varðar kenningar og rannsóknaraðferðir. B.A. próf í sálfræði veitir því ekki sérhæfingu á ákveðnu sviði innan sálfræðinnar heldur fá nemendur gott tækifæri til að kynna sér hin margvíslegu svið hennar. Það auðveldar þeim val á áhugasviði sem þeir geta síðan lagt stund á í framhaldsnámi.

**Þjóðfélagsfræði**
Þjóðfélagsfræðin er almennt háskólanám í félagsfræði, mannfræði og stjórnmálafræði. Nemendur öðlast innsýn í eðli mannlegs samfélags og hreyfilögmál félagsgerðar, menningar, stjórnmála og efnahagslífs. Námið veitir umtalsverða þjálfun í aðferðafræði félagsvísinda. Nemendum gefst jafnframt kostur á sérhæfðu vali á ýmsum áhugasviðum innan þjóðfélagsfræðinnar. Að loknu námi hafa nemendur öðlast traustan grunn til framhaldsnáms og starfa á margvíslegum sviðum íslensks þjóðfélags og á alþjóðavettvangi.

Ráðstefnur og opnir fyrirlestrar um félagsvísindaleg og hugvísindaleg efni eru fastur þáttur í starfi félagsvísindadeildar. Af ráðstefnuhaldi á árinu 2009 ber hæst *Ráðstefnu um íslenska þjóðfélagsfræði*, sem haldin var 8.-9. maí í samstarfi við átta framhaldsskóla á norðanverðu landinu, Hólaskóla, háskólann á Hólum og samtök félagsfræðinga á Norðurlandi.

Rannsóknarsvið kennara í félagsvísindadeild er afar fjölbreytt og nær til ýmissa þátta hug- og félagsvísinda. Má þar nefna viðfangsefni í Íslandssögu, alþjóðlegri hagþróunar- og hugmyndafræði, fjölmiðla og boðskipti ýmissa þjóðfélagshópa, áhrif samgöngumannvirkja á þjóðfélagsgerð landsins, heilsu og hugmyndir skólabarna, auk hugfræðilegra-, lífeðlisfræðilegra og klínískra athugana í sálfræði.

## KENNARADEILD

Haustið 2009 hófst fimm ára kennaranám í samræmi við ný lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008, en mikil vinna var lögð í að vinna námskrá fyrir hið nýja nám. Jafnframt fer fram kennaranám á leikskólabraut og grunnskólabraut samkvæmt eldri námskrá, en síðustu nemendur á þeim brautum munu brautskrást vorið 2012, fjarnemar sem taka námið á fjórum árum. Þá er boðið upp á diplóma- og meistaranám og nám í kennslufræði til kennsluréttinda við framhaldsbraut. Námsframboði deildarinnar er nánar lýst í umfjöllun um kennarabraut og framhaldsbraut hér að neðan.

Rannsóknarsvið kennaradeildarinnar spanna vítt svið menntunar- og kennarafræða og tengjast skólastarfi, s.s. skólaþróun, heimspeki menntunar, sérkennslufræði, lestrarfræði, skólastjórnun, sagnfræði, íslenskum fræðum, uppeldis- og kennslufræði, jafnrétti, sálfræði og upplýsingatækni í skólastarfi.

**Kennarabraut**
Haustið 2009 var sem fyrr segir fyrsta sinni innritað í fimm ára kennaranám í stað þriggja ára náms áður. Um leið var fyrri skipting milli leikskóla- og grunnskólabrautar afnumin og allt grunnnám kennara sett undir sama hatt. Nemendur geta þó eftir sem áður valið sér ákveðna sérhæfingu í námi eftir því á hvaða skólastigi þeir hyggjast kenna. Námið skiptist í annars vegar þriggja ára 180 ECTS eininga nám til B.Ed. gráðu og hins vegar tveggja ára 120 ECTS eininga nám til M.Ed. gráðu sem er forsenda kennsluréttinda. Kennsla fer fram bæði í staðarnámi og í fjarnámi. Fjarnámið er skipulagt sem fullt nám og kennt er samhliða staðarnámi. Kennt var til 11 fjarkennslustaða á skólaárinu í hinu nýja námi og í eldra námskipulagi leik- og grunnskólabrauta.

Í náminu er lögð áhersla á að mennta kennara sem geta lagt gagnrýnið og ígrundað mat á menntamál ásamt því að hafa þekkingu, færni og viðhorf sem gerir þeim kleift að takast á hendur þau uppeldishlutverk sem mæta þeim í starfi. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist alhliða þekkingu á þroska og félagsmótun barna og trausta þekkingu á kennslu- og námskrárfræðum. Sérstök rækt er lögð við verklega þjálfun kennaraefna með löngu, samfelldu vettvangsnámi.



# HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

**Framhaldsbraut**
Á framhaldsbraut eru tvær megin námsleiðir: Diplóma- og meistaranám í menntunarfræðum og nám í kennslufræði til kennsluréttinda. Diplóma- og meistaranámið er ætlað kennurum og öðrum sem vilja mennta sig til starfa í menntakerfinu sem krefjast framhaldsmenntunar, auka þekkingu sína á núverandi starfi, ásamt því að auka hæfni sína til að stunda frekara nám eða leggja stund á rannsóknir. Í boði voru áherslusvið um lestrarfræði, námskrár- og kennslufræði, sérkennslufræði og stjórnun skólastofnana, auk almenns meistaranáms. Nám í kennslufræði til kennsluréttinda á þessu skólaári er ætlað þeim sem hafa lokið B.Ed. prófi, M.Ed. prófi eða sambærilegu háskólaprófi í kennslugrein eða á fagsviði grunn- og framhaldsskóla. Markmið námsins er að mennta nemendur í kennslufræði og búa þá undir að takast á við störf í skólakerfinu jafnframt því að auka hæfni þeirra til þess að stunda frekara nám.

„Hug- og félagsvísindasvið tók á móti stórum hluta þeirra erlendu skiptinema sem stunduðu nám við Háskólann á Akureyri á árinu.“

Leiðarstef framhaldsnáms í kennaradeild HA eru gagnrýnin hugsun og ígrundað starf. Kennsla á framhaldsbraut fer fram í staðbundum lotum þar sem nemendur koma og eru í skólanum nokkra daga í senn þrisvar til fjórum sinnum á misseri. Námið er stöðugt í endurskoðun og voru gerðar nokkrar breytingar vegna námskrár 2009, m.a. vegna nýrra laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjóra nr. 87/2008.

**LAGADEILD**
Í lagadeild er boðið upp á þriggja ára B.A. nám í lögfræði, tveggja ára M.L. nám í lögfræði og alþjóðlegt meistaranám í heimskautarétti sem leiðir til LL.M. gráðu, M.A. gráðu eða diplóma. Nám í heimskautarétti er alfarið kennt á ensku en auk þess er B.A. námið alþjóðatengt og kennt bæði á íslensku og ensku.

**Lögfræði til B.A. prófs**
Nám í lögfræði til B.A. prófs er um margt með öðru sniði en tíðkast við aðra íslenska háskóla. Um er að ræða fjölbreytt fræðilegt nám þar sem lög og réttur eru skoðuð í sögulegu, félagslegu og heimspekilegu samhengi. B.A. námið nýtist vel sem fræðileg undirstaða fyrir þá sem hyggja á nám til embættisprófs í lögfræði. Námið er einnig áhugaverður kostur í hug- og félagsvísindanámi fyrir þá sem ekki stefna að hefðbundnum lögfræðistörfum heldur hyggjast fremur tengja lögfræði við framhaldsnám í öðrum greinum, til dæmis í alþjóðastjórnmálum og skyldum greinum.

**Lögfræði til M.L. prófs**
Nám í lögfræði til M.L. prófs er tveggja ára nám á meistarastigi. Sú prófgráða, í framhaldi af þriggja ára B.A. prófi í lögfræði, jafngildir hefðbundnu fimm ára embættisprófi í lögfræði (cand.jur.). Áherslan í náminu er á hagnýta íslenska lögfræði þannig að nemendur verði sem best í stakk búnir til að takast á við lögfræðistörf, sem dómarar, lögmenn eða lögfræðingar hjá opinberum stofnunum eða einkafyrirtækjum.

**Nám í heimskautarétti**
Nám í heimskautarétti til LL.M. gráðu er eins og hálfs árs nám á meistarastigi fyrir nemendur sem þegar hafa lokið þriggja ára laganámi. Nám í heimskautarétti til M.A. gráðu er tveggja ára nám á meistarastigi fyrir nemendur með B.A. próf í skyldum greinum. Í náminu er lögð áhersla á þau svið alþjóðalaga og landsréttar sem tengjast heimskautasvæðunum. Tekið er á viðfangsefnum umhverfislaga og fjölbreytni lífríkisins, mannréttinda, hafréttar, laga um sjálfbæra þróun og auðlindir, þar á meðal á álitamálum er varða fullveldi og deilur um markalínur á landi og sjó, réttindi frumbyggja í norðri, sjálfstjórn og stjórnfestu svo og landa- og auðlindakröfur á heimskautasvæðunum. Allt er gert sem unnt er til að tryggja að um viðfangsefni allra námskeiða sé fjallað út frá sjónarmiðum kynjajafnréttis. Nám í heimskautarétti undirbýr nemendur fyrir störf hjá hinu opinbera og einkafyrirtækjum, á mismunandi stigi stjórnsýslu, hjá alþjóðasamtökum, hjá frjálsum félagasamtökum, hjá frumbyggjaþjóðum á norðurskautssvæðinu sem og hjá háskólum og rannsóknarstofnunum. Námið er einnig góður undirbúningur fyrir doktorsnám eða frekari rannsóknir á málefnum heimskautanna.

Ráðstefnur og opnir fyrirlestrar um lögfræðileg efni eru fastur þáttur í starfi lagadeildar. Af ráðstefnuhaldi á árinu 2009 ber hæst að haldin var í annað sinn árleg alþjóðleg ráðstefna um heimskautarétt, *The Second Akureyri Polar Law Symposium*, 10.-12. september. Greinar sem byggjast á erindum sem þar voru flutt birtast í Árbók heimskautaréttarins, *The Yearbook of Polar Law*, sem kemur út á vegum lagadeildar Háskólans á Akureyri hjá Brill Academic Publishers í Hollandi.

Rannsóknir kennara í lagadeild eru fyrst og fremst á sviði mannréttinda, bæði alþjóðlegra og í landsrétti, stjórnskipunarréttar, þjóðaréttar, hafréttar, réttarheimspeki, kennilegrar lögfræði, réttarfélagsfræði, eignarréttar og samanburðarlögfræði.

**Skólaþróunarsvið**
Markmið sviðsins (síðar nefnt Miðstöð skólaþróunar) er að stuðla að umbótum í skólastarfi og vera farvegur þekkingar og þróunar út í hið daglega skólastarf. Meginviðfangsefni þess lúta að ráðgjöf og fræðslu til starfandi kennara og skólastjóra um hvers kyns nýjungar á sviði skóla- og kennslumála. Það stendur fyrir rannsóknum, stefnumótunarvinnu og mati á skólastarfi og heldur ráðstefnur, námskeið og fræðslufundi. Innan sviðsins hefur byggst upp margvísleg sérþekking, t.d. um samskipti heimilis og skóla, lestur, ritun og lestrarkennslu, stærðfræðikennslu yngri barna, einstaklingsmiðaða kennsluhætti, fjölbreytta starfshætti í skólum, fagmennsku, starfendarannsóknir og sjálfsmat.

Skólaþróunarsvið hefur með höndum sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla á Akureyri samkvæmt samningi þar um á milli Akureyrarbæjar og Háskólans á Akureyri. Að auki hefur Skólaþróunarsvið unnið að umbótastarfi með skólafólki víða um land. Á árinu 2009 var unnið að um 40 slíkum verkefnum.

Í apríl ár hvert stendur skólaþróunarsvið fyrir ráðstefnu um skólamál og koma fyrirlesarar sem hafa getið sér gott orð í menntunarfræðum víða að. Annað hvert ár heldur sviðið haustráðstefnu auk þess sem það hefur í samstarfi við bókasafn HA og Amtsbókasafnið á Akureyri staðið fyrir ýmiss konar viðburðum í tengslum við Dag læsis, 8. september.

Helstu verkefni sem Skólaþróunarsvið vann að árið 2009 voru:

- Læsiskennsla, þ.e. Byrjendalæsi, Leikskólalæsi, Orð af orði, Gagnvirkur lestur og Fágæti og furðuverk
- Foreldrasamstarf
- Eineltismál
- Einstaklingsmiðuð kennsla
- Fagmennska kennara
- Starfs- og kennsluhættir
- Forystuhæfni
- Námsmat
- Samfella í starfi leik- og grunnskóla, 5 að verða 6. Nýr skóli, sama barn
- Byrjendastærðfræði
- Starfendarannsókn við mótun og þróun nýs grunnskóla
- Úttektir og önnur þjónusta á sviði skólamála
- Ráðgjöf við innra mat í skólum
- Úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla fyrir menntamálaráðuneytið

Vorráðstefnan 2009 var haldin 18. apríl. Hún nefndist *Að kunna að taka í þann strenginn sem við á – fagmennska og starfsþróun kennara*. Einnig stóð sviðið fyrir átta fræðslufundum á skólaárinu þar sem nýbrautskráðir meistarar frá kennaradeild HA kynntu rannsóknir sínar.

Starfsmenn Skólaþróunarsviðs önnuðust kennslu í kennaradeild bæði sem umsjónarkennarar einstakra námskeiða og sem stundakennarar. Sömuleiðis komu kennarar í kennaradeild til samstarfs um einstök verkefni á vegum sviðsins.

# VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Heiti viðskipta- og raunvísindadeildar breyttist í viðskipta- og raunvísindasvið frá 1. ágúst og heiti undireininga breyttist úr skorum í deildir. Innan sviðsins eru tvær deildir, viðskiptadeild og auðlindadeild.

Boðið var sem fyrr B.S. nám á sviðum líftækni, sjávarútvegsfræði og umhverfis- og orkufræði innan auðlindadeildar auk þess sem tölvunarfræðibraut var rekin sjálfstætt innan deildarinnar. Frá hausti 2009 var boðið upp á tvær námslínur í grunnnámi viðskiptadeildar í stað fjögurra áður. Ennfremur meistaranám í auðlindafræði og viðskiptafræði.

Vorið 2009 voru 69 nemendur brautskráðir frá viðskipta- og raunvísindadeild. Þar af voru fjórir nemendur með B.S. gráðu í líftækni, fjórir í sjávarútvegsfræði, einn í umhverfis- og orkufræði, sjö í tölvunarfræði og 42 í viðskiptafræði. Sex nemendur luku meistaraprófi í auðlindafræðum. Fimm nemendur luku meistaraprófi í viðskiptafræði.

Við upphaf skólaárs haustið 2009 voru 468 nemendur skráðir til náms við viðskipta- og raunvísindasvið. Tuttugu og einn nemandi stundaði B.S. nám í líftækni, 17 nemendur voru í sjávarútvegsfræði, 38 í umhverfis- og orkufræði, 303 í viðskiptafræði og 14 í tölvunarfræði. Auk þess stunduðu 34 nemendur meistaranám í viðskiptafræðum, 13 stunduðu meistaranám í auðlindafræðum og 28 nemendur stunduðu meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun. Ekki voru teknir inn nýir nemendur í tölvunarfræði á árinu.

Á fræðasviðinu störfuðu á árinu 35 kennarar, þar með taldir þeir kennarar sem sviðið deilir með rannsóknarstofnunum sem aðsetur hafa á Borgum. Meðal kennara sviðsins eru tíu prófessorar. Auk þess störfuðu að jafnaði nokkrir sérfræðingar og aðstoðarmenn við deildina að ýmsum rannsóknarverkefnum og stundakennslu. Á árinu var framhaldið samstarfi við Símenntun HA um rekstrar- og viðskiptanám.

Starf viðskipta- og raunvísindasviðs var þróttmikið á árinu 2009 þrátt fyrir samdrátt í fjárveitingum. Styrkur sviðsins er óhefðbundin og þverfagleg nálgun í kennslu, námsframboði og rannsóknum. Endurskoðun á stefnu sviðsins var haldið áfram og brugðist var við sparnaðarkröfum yfirvalda með endurskoðun námsframboðsins sem m.a leiddi til fækkunar námskeiða og námsleiða.

Viðskipta- og raunvísindasvið hefur verið þátttakandi í Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna um árabil. Starfsmenn deildarinnar hafa kennt á námskeiðum skólans og verið leiðbeinendur nemenda. Auk þessa hefur tvenns konar sérmenntun verið í boði við HA, annars vegar grunnþjálfun nemenda háskólans í viðskiptafræði og markaðsfræði og hins vegar sérhæft nám um rekstur og markaðssetningu sjávarútvegsfyrirtækja, *A specialist course on Management of Fisheries Companies and Marketing*, sem miðar að því að þjálfa fólk í að stjórna sjávarútvegsfyrirtækjum af ólíkum toga. Helstu markmið með sérhæfða náminu eru að veita yfirlit yfir kenningar í rekstri og fjármálum fyrirtækja, að veita víðtæka þekkingu á rekstri sjávarútvegsfyrirtækja allt frá fiskeldi til markaðssetningar sjávarafurða og að þjálfa nemendur í gagnrýnni hugsun til að finna lausn á vandamálum í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja.

**AUÐLINDADEILD**

Innan deildarinnar eru þrjár námslínur til B.S. prófs, líftækni, sjávarútvegsfræði og umhverfis- og orkufræði. Boðið var upp á staðarnám og fjarnám. B.S. námið er skipulagt til þriggja ára, samtals 180 ECTS námseiningar. Ennfremur var boðið rannsóknartengt nám til meistaragráðu í auðlindafræði og meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði. Háskólinn á Akureyri hefur frá upphafi markað sér sérstöðu með því að vera einn íslenskra háskóla sem leggur áherslu á námsbrautir tengdar nýtingu náttúruauðlinda á þverfaglegu sviði auðlindafræða. Í starfi deildarinnar fara saman nám og rannsóknir í raunvísindum, náttúruvísindum og tæknigreinum samhliða áherslum á hagfræði, viðskiptafræði og stjórnun. Slík menntun er forsenda góðrar auðlindastjórnunar og styður sjálfbæra nýtingu auðlinda til verðmætasköpunar.

Náið samstarf er á sviðinu við fjölda fyrirtækja og rannsóknarstofnanir hérlendis og erlendis. Má þar nefna sérstaklega þær stofnanir sem eru í návígi við deildina á Borgum og deila með henni aðstöðu og starfsmönnum, svo sem Hafrannsóknastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyrarsetur. Samstarf hefur ennfremur verið virkt við aðra háskóla, svo sem Háskóla Íslands og Hólaskóla, háskólann á Hólum. Einnig við fjölda fyrirtækja og má þar m.a. nefna Matís, Landsvirkjun, Norðurorku, Norðurskel, Promens, Samherja hf, Brim hf og Biopol ehf. Náið og virkt samstarf er við RES-Orkuskóla, en kennarar deildarinnar kenna við og stjórna námsbrautum RES og nemendur RES brautskrást með sameiginlega meistaragráðu frá HA og HÍ.

> „Kennarar og sérfræðingar sem tengjast raunvísindum eru mjög virkir í rannsóknum sem spanna vítt svið raunvísinda og náttúruvísinda."

Kennarar og sérfræðingar sem tengjast raunvísindum eru mjög virkir í rannsóknum sem spanna vítt svið raunvísinda og náttúruvísinda. Rannsóknir tengdar sjávarútvegi eru hafrannsóknir, líffræði, efna- og örverufræði fiska, gæði og öryggi sjávarfangs, veiðarfærarannsóknir, vinnslutækni og hagrænar rannsóknir. Líftæknirannsóknir tengjast lífefnaleit, orkulíftækni, fiskeldi, kerfislíffræði, sameindaerfðafræði og gerðar eru rannsóknir á virkum íblöndunarefnum. Í umhverfis- og orkufræðum eru auk hafrannsókna ýmsar rannsóknir á eðli jarðskorpunnar, jarðvá og jarðhita, bæði er um að ræða grunnrannsóknir og rannsóknir er lúta að nýtingu. Jafnframt eru stundaðar rannsóknir á grunnvatni, gerð þess og uppruna.

Fjöldi rannsóknarverkefna fékk á árinu styrki til rannsókna og tækjakaupa úr opinberum samkeppnissjóðum, innlendum sem erlendum.

**Líftækni**

Háskólinn á Akureyri býður einn íslenskra háskóla upp á sérhæft nám í líftækni, þar sem blandað er saman ýmsum námskeiðum á sviði náttúruvísinda og auðlindalíftækni, ásamt viðskiptagreinum. Meðal áherslna B.S. námsins eru umhverfis- og orkulíftækni, til dæmis niðurbrot lífræns úrgangs og nýmyndun orkuríkra efna, líftæknilegir þættir fiskeldis, til dæmis hvað varðar heilbrigði og fóður, lífvirk efni, efni með lyfjavirkni, fæðubótarefni, aukaefni í matvælum og efni sem bæta ónæmiskerfið, og grunnrannsóknir á erfðaauðlindum íslenskrar náttúru. Lögð er rík áhersla á að kynna nemendum líftæknilegar aðferðir við að nýta auðlindir með nýjum hætti og koma afurðum slíkrar þróunar á markað. Af sérnámskeiðum má nefna erfðafræði og sameindaerfðafræði, sjávarlíftækni, líftæknilega örverufræði, matvælafræði og matvælavinnslu, næringarfræði, veirufræði, náttúrulegar afurðir, nýmyndun og niðurbrot, gena- og gagnasöfn og gæðaframleiðsluferli. Auk fastra kennara deildarinnar koma sérfræðingar ýmissa fyrirtækja að kennslunni.

Eitt þeirra öflugu rannsóknarverkefna sem unnin eru á sviði líftækni beinist sérstaklega að notkun hitakærra örvera við framleiðslu á líf-etanóli og líf-vetni. Þessar rannsóknir eru unnar í víðtæku samstarfi innanlands og erlendis og hefur fjöldi styrkja fengist til rannsóknarverkefna og uppbyggingar tækja og aðstöðu. Um er að ræða innlenda og erlenda styrki, m.a. styrk úr Tækniþróunarsjóði Rannís til verkefnisins LífEtanól sem unnið er í samvinnu við Mannvit verkfræðistofu. Á árinu var veittur öndvegisstyrkur úr Tækniþróunarsjóði til verkefnisins Lífeldsneyti sem snýst um framleiðslu á vetni, metan, etanóli og syngas framleiðslu úr sorpi. Um er að ræða styrk til þriggja ára og hefur Háskólinn á Akureyri með höndum verkefnisstjórn.

Starf sameiginlegrar rannsóknarstofu HA og Náttúrufræðistofnunar í sameindaerfðafræði sem stofnuð var 2008 efldist mjög á árinu. Þrír meistaranemar og einn doktorsnemi starfa nú að verkefnum á vegum stofunnar og innlendra og erlendra samstarfsaðila hennar. Einnig er lokaverkefnum

# VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ



nemenda í grunnnámi og verklegri kennslu í erfða- og sameindaerfðafræði sinnt á stofunni. Jafnframt er unnið að verkefnum í samstarfi við Matís og Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Rannsóknasjóður Rannís, Háskólasjóður KEA og Rannsóknasjóður HA eru meðal styrktaraðila rannsóknarstarfs á stofunni.

**Sjávarútvegur**

Háskólinn á Akureyri býður einn íslenskra háskóla 180 ECTS eininga nám í sjávarútvegsfræði til B.S. gráðu. Að námi loknu bera brautskráðir starfsheitið sjávarútvegsfræðingur. Markmið námsins er að veita nemendum góðan þekkingargrunn til að starfa í sjávarútvegi og tengdum greinum, og breiðan grunn til frekara náms. Námið veitir einnig þverfaglegan grunn sem nýtist vel til stjórnunarstarfa. Kennd eru undirstöðunámskeið raun- og viðskiptagreina. Sérnámskeið sjávarútvegsfræða eru um vistkerfi sjávar og veiðar og vinnslu sjávarafurða. Slík menntun er forsenda góðrar auðlindastjórnunar og -skipulags og ýtir undir sjálfbæra nýtingu auðlinda og verðmætasköpun. Mikil áhersla er lögð á samvinnu við fyrirtæki og stofnanir sem vinna við sjávarútveg og stoðgreinar hans, m.a. í tengslum við lokaverkefni nemenda.

Sjávarútvegsmiðstöðin við Háskólann á Akureyri, SHA var formlega opnuð fimmtudaginn 16. apríl 2009 þegar samningur milli Háskólans á Akureyri og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins var undirritaður. Samningurinn er undirritaður af Steingrími J. Sigfússyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og Þorsteini Gunnarssyni rektor Háskólans á Akureyri. Meginmarkið Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar er öflun og miðlun upplýsinga á sviði sjávarútvegs milli skóla, stofnana og atvinnulífs og að styðja þannig við stefnu HA í þeim efnum. Nánari upplýsingar um miðstöðina má sjá í sérkafla í ársskýrslunni.

Unnið var áfram að eflingu náms og rannsókna í sjávarútvegsfræðum á árinu í kjölfar samnings milli Háskólans á Akureyri, Landssambands íslenskra útvegsmanna og menntamálaráðuneytis frá 2007. Ýmislegt var gert til að markaðssetja og kynna námið og áhersla var lögð á heimsóknir nemenda og kennara í framhaldsskóla. Farið var með nemendur í sjávarútvegsfræðum í fjögurra daga ferð til Vestmannaeyja þar sem hinn fjölbreytti sjávarútvegur í Eyjum var skoðaður ásamt því sem framhaldsskólinn var heimsóttur. Gerð var könnun meðal framhaldsskólanema á landinu öllu um viðhorf þeirra til sjávarútvegs.

Ýmsar ráðstefnur voru sóttar á árinu og var á vegum sjávarútvegsfræðanna haldinn vinnufundur í maí með kræklingaræktendum og sérfræðingum í kræklingarækt frá Kanada. Fjölmennur hópur frá fiskveiðisamtökum Finnlands, Kalamiehet, heimsótti Akureyri um sumarið, og voru starfsmenn sjávarútvegsfræða leiðsögumenn þeirra.

**Umhverfi og orka**

B.S. námið í umhverfis- og orkufræði er grunnnám í náttúruvísindum með áherslu á jarðvísindi, vistfræði- og vatnafræðilega þætti, áhrif mengunar á umhverfi, auðlindanýtingu og auðlindastjórnun, sem og umhverfismat og umhverfisskipulag. Ennfremur er lögð áhersla á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, þ.m.t. jarðvarma, vatnsafls, sólarorku, vindorku, sjávarfallaorku, lífmassa o.fl. á efnarafala og þá sérstaklega á vetni sem orkubera. Markmið námsins er að nemendur þekki vel helstu ferla í náttúrunni og áhrif þjóðfélagsins á umhverfi sitt. Einnig að þeir þekki til tæknilegra þátta orkumála, orkubúskapar og nýrra nýtingarmöguleika hérlendis sem erlendis, öðlist vitneskju um sjálfbæra orkuöflun og fái innsýn í stjórnun orkumála og mörkun orkustefnu.

Háskólinn á Akureyri hefur gert samstarfssamninga við ýmsar stofnanir og Akureyrarbæ um rannsóknir og fræðslu á sviði náttúruvísinda, orkurannsókna og auðlinda- og umhverfisfræða ásamt því að skapa nemendum háskólans í grunn- og framhaldsnámi aðstöðu til að vinna að verkefnum á viðkomandi rannsóknarstofnunum. Náin tengsl eru við RES-Orkuskólann og stýra þrír prófessorar námsbrautarinnar þar námi á sviðum er tengjast jarðvarma og lífrænni orku.

Öflugar rannsóknir eru stundaðar á sviði umhverfis- og orkufræða. Sérstaklega er unnið að rannsóknum á eðli jarðskorpunnar með jarðeðlisfræðilegum aðferðum og grunnrannsóknum á jarðhita, eðli hans og eiginleikum. Einnig að rannsóknum á nýtingu jarðhita, t.d. útfellinga- og tæringarrannsóknum, rannsóknum á nýjum nýtingarmöguleikum og fjölnýtingu jarðhita, og nýtingu jarðvarma til heilsutengdrar ferðaþjónustu. Þá er unnið að grunnvatnsrannsóknum á köldu og heitu vatni í samvinnu við ýmsa aðila. Rauntíma efnavöktun í grunnvatni til jarðvárviðvörunar er meðal þeirra rannsóknarverkefna sem unnið er að í samvinnu við Veðurstofuna og fleiri aðila. Í samvinnu við RES-Orkuskóla hefur ennfremur verið byggð upp fullkomnasta aðstaða hér á landi til efnisfræðirannsókna með röntgenaðferðum. Öflugt og traust samstarf er við ýmis orkufyrirtæki, stofnanir, hagsmunaaðila og sveitarfélög. Sérstaklega má nefna að Landsvirkjun greiðir laun rannsóknarprófessors á sviðinu samkvæmt samstarfssamningi við háskólann.

**Tölvunarfræði**

Á árinu 2008 var tekin sú ákvörðun að skrá ekki inn nýnema í tölvunarfræði en stefna að því að endurskoða námið og þróa námsbraut í hagnýtri tölvunarfræði í fjarnámi sem geti hafist haustið 2010. Haustið 2009 var því einungis þriðja árið í boði í tölvunarfræðinni sem var þriggja ára nám, 180 ECTS. Kennsla fór fram á ensku og komu nemendur og kennarar víða að. Námið hafði yfir sér mjög fjölþjóðlegt yfirbragð. Kennarar tóku virkan þátt í ERASMUS kennaraskiptum og lögðu mikla áherslu á tengsl við erlenda háskóla. Voru þeir mjög virkir í samstarfi með innlendum og erlendum aðilum.

**Meistaranám**

**Auðlindafræði**

M.S. nám í auðlindafræðum er alþjóðlegt rannsóknarnám á sviðum umhverfisfræði, orkufræði, líftækni og sjávarútvegsfræði. Þessi fræðasvið endurspegla faglega sérstöðu auðlindadeildar í kennslu og rannsóknum.

Námið er 120 ECTS námseiningar, skipulagt til tveggja ára og er einstaklingsmiðað. Megináhersla er lögð á meistaraverkefnið sem vegur 60–90 ECTS, og að nemendur tileinki sér vísindaleg vinnubrögð.

Námskeiðshluta meistaranámsins tekur nemandinn að hluta við HA, við aðra innlenda háskóla ef kostur er og við

# VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

erlenda rannsóknarháskóla samkvæmt ákvörðun meistaranámsnefndar hverju sinni.

Námið er í samstarfi og sterkum tengslum við erlenda rannsóknarháskóla og rannsóknarstofnanir.

**Haf- og strandsvæðastjórnun**
M.S. nám í haf- og strandsvæðastjórnun er alþjóðleg og þverfagleg námsleið sem boðin er í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða. Allt námið er kennt á Ísafirði en HA ber faglega ábyrgð á gæðum kennslu, námsefnis og námsmats. Mikil tengsl eru við auðlindadeild og prófgráða við námslok er frá HA.

**VIÐSKIPTADEILD**
Starfsemi viðskiptadeildar á árinu 2009 var með svipuðu sniði og árin á undan. Í viðskiptadeild hófu 83 nemendur grunnnám og 16 nemendur hófu meistaranám. Þá brautskráðust 43 nemendur frá deildinni með B.Sc. próf í viðskiptafræðum og 5 nemendur með meistarapróf, M.Sc. Um 70% nemenda í grunnnámi eru fjarnemar en meistaranámið fer fram í lotum.

**Grunnnám í viðskiptafræði**
Boðið var upp á þriggja ára, 180 ECTS B.S. nám í viðskiptafræðum, bæði í staðarnámi og fjarnámi. Staðarnámið fer fram með hefðbundnum hætti í fyrirlestrum, umræðutímum og dæmatímum. Fjarnámið fer hins vegar fram um myndfundabúnað og með upptökum úr kennslustundum í staðarnámi sem dreift er til nemenda um lokaðan kennsluvef. Fjöldi kennslustunda fjarnema um myndfundabúnað eru um 50% af kennslustundum staðarnema.

Til að mæta kröfum um sparnað var námsleiðum í viðskiptadeild fækkað í tvær haustið 2009. Nú eru þær tvær: Stjórnun og markaðsfræði og Stjórnun og fjármálafræði. Innan beggja námsleiða er lögð áhersla á almennt og hefðbundið viðskiptanám, s.s. reikningshald, tölfræði, hagrannsóknir, hagnýta stærðfræði, þjóðhagfræði, rekstrarhagfræði og skattaskil svo eitthvað sé nefnt.

**Stjórnun og markaðsfræði**
Auk almenns viðskiptanáms er lögð áhersla á að mennta fólk til að gegna stjórnunarstörfum í fyrirtækjum með áherslu á markaðsmál. Fjallað er m.a. um stefnumótun, stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun og gæðastjórnun, en auk þess um auglýsinga- og kynningarmál, þjónustumarkaðsfræði, neytendahegðun, boðmiðlun og markaðsrannsóknir.

**Stjórnun og fjármál**
Auk almenns viðskiptanáms er lögð áhersla á að mennta fólk til að gegna ábyrgðarstöðum í fjármálafyrirtækjum. Mikilvægar námsgreinar eru stefnumótun, stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun, gæðastjórnun og námskeið í fjármálum þar sem m.a. er fjallað um fjármál fyrirtækja, verðmat og fjárfestingar, fjármálamarkaði, afleiður og alþjóðafjármál.

**Meistaranám í viðskiptafræði**
Haustið 2009 var í þriðja sinn í boði meistaranám í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri. Námið er skipulagt sem 90 ECTS einingar en einnig er völ á 120 eininga námi. Boðið var upp á tvö sérsvið: Alþjóðafjármál og bankastarfsemi og Stjórnun í alþjóðlegu fyrirtækjaumhverfi. Sökum hagræðingar var ákveðið sumarið 2009 að sameina þessar námslínur í eina en halda námsmarkmiðum sem eru að nemendur öðlist færni í greiningu viðfangsefna og stjórnunarfærni sem nýtist í krefjandi störfum á völdum sviðum íslensks atvinnulífs. Námið er skipulagt með þeim hætti að mögulegt sé að stunda það samhliða vinnu.

Námið fer að mestu fram á íslensku. Kennarar HA og innlendir sérfræðingar bera ábyrgð á skipulagi og kennslu. Jafnframt voru erlendir fyrirlesarar fengnir til þess að kenna ásamt því að halda fyrirlestra fyrir styrktaraðila og almenning.

Margvíslegar kennsluaðferðir eru notaðar til að auka þátttöku og frumkvæði nemenda. Þar má nefna umræður, málstofur, einstaklings- og hópverkefni og raunverkefni/tilviksrannsóknir (case studies). Þungamiðja kennslunnar er skipulögð í rafrænu vefumhverfi. Þar er að finna námskeiðslýsingar, glærur, leslista, verkefnalýsingar, ítarefni og þar eiga samskipti nemenda og kennara sér stað á milli kennslulota.



# VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ



Frá vinstri: Oddur Vilhelmsson lektor og Steinar Rafn Beck líftæknifræðingur.

Kennt er í námslotum, að jafnaði einu sinni í mánuði, frá fimmtudegi til laugardags, alls 24 kennslutíma í senn. Á hverju misseri eru fjórar lotur.

Styrktaraðilar námsins eru fjármálafyrirtæki með starfsemi á Norðurlandi: Saga Capital fjárfestingarbanki, Byr sparisjóður og Íslensk verðbréf hf.

**Rannsóknir**

Kennarar í viðskiptadeild hafa á undanförnum árum verið afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf á eftirtöldum sviðum: Fjármálum og fjármálamörkuðum, ferðaþjónustu, samruna fyrirtækja, útvistun í þjónustufyrirtækjum, alþjóðastofnunum, fjarkennslu, norrænum vinnumörkuðum, sveitarstjórnarmálum, markaðsmálum, stjórnun og skipulagningu fyrirtækja og rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Rannsóknir þeirra hafa birst í sérstökum bókum, íslenskum og erlendum fræðitímaritum og safnritum.

Kennarar deildarinnar eiga í margvíslegum samskiptum og samstarfi við erlendar stofnanir og vísindamenn. Nemendur hafa sótt nám erlendis að hluta á vegum Erasmus og Nordplus.

Viðskipta- og raunvísindasvið á aðild að ECBE, *The European Council for Business Education,* frá árinu 2005. Um frekari upplýsingar varðandi ECBE vísast til heimasíðu samtakanna: http://ecbe.qualilearning.org/.

Viðskiptadeild er einnig aðili að EkoTekNord, sem er tengslanet 19 háskóla á Norðurlöndum. Markmið netsins er að auka nemenda- og kennaraskipti og bjóða upp á stutt námskeið. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu samtakanna: http://www.ekoteknord.nu/etn/index.shtml



Háskólinn á Akureyri

# MARKAÐS- OG KYNNINGARSVIÐ

Markaðs- og kynningarstarf var með hefðbundnum hætti árið 2009. Forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs vann kynningarefni fyrir háskólann í samstarfi við deildir hans en það er auglýsingastofan Stíll á Akureyri sem sér um hönnun kynningarefnis og Ásprent prentar.

Allir háskólar landsins héldu áfram góðu samstarfi um að skipuleggja háskóladaginn sem er orðinn að árlegum viðburði í Ráðhúsi Reykjavíkur og Háskóla Íslands. Einnig var háskóladagurinn haldinn sameiginlega á Egilsstöðum, Akureyri og Ísafirði. Lögð var áhersla á vandaðar auglýsingar í fjölmiðlum fyrir innritun skólaárið 2009 – 2010. Meðal annars var auglýst í sjónvarpi í fyrsta sinn. Markaðs- og kynningarsvið er í samstarfi við Birtingahúsið ehf um að útbúa auglýsingaáætlun og eru auglýsingar unnar af auglýsingastofunum Kapital og Ásprenti Stíl ehf. Að venju var farið í heimsóknir í framhaldsskóla og háskólinn kynntur fyrir stúdentsefnum, farið var í vel flesta framhaldsskóla landsins og oft voru nemendur HA með í för. Að auki var sendur markpóstur til stúdentsefna og þá tók markaðs- og kynningarsvið á móti hópum sem heimsóttu háskólann. Markaðs- og kynningarsvið sá einnig um að skipuleggja fjölmarga viðburði innan háskólans, svo sem fullveldishátíð 1. desember, opið hús í mars og móttöku eftir brautskráningu í júní. Forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs starfaði að venju fyrir Góðvini Háskólans á Akureyri, meðal annars við að útbúa nýja heimasíðu fyrir félagið og aðstoða við skipulagningu endurfunda- og brautskráningarveislu sem haldin var í lok brautskráningardags.



# FJÁRMÁLA-, STARFSMANNA- OG REKSTRARSVIÐ

Fjármála- starfsmanna- og rekstrarsvið annast rekstur og umsjón fasteigna og búnaðar háskólans, þar með talinn rekstur tölvu- og símakerfa. Jafnframt annast sviðið helstu sameiginleg verkefni á sviði fjármála. Má þar nefna umsjón með gerð rekstraráætlana til lengri og skemmri tíma, vinnslu bókhalds og launa, miðlun fjárhagslegra upplýsinga svo og eftirlit og ráðgjöf um fjárhagsleg málefni háskólans.

Á árinu 2009 var fram haldið byggingu fjórða áfanga húsanna á Sólborg og áætlað að húsnæðið verði tilbúið haustið 2010.

# NEMENDUR OG DEILDIR

### Lögheimili nemenda á haustmisseri 2009




| Lögheimili | Karlar | Konur | Samtals | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| Norðvestur | 42 | 133 | 175 | 11,50% |
| Norðaustur | 234 | 608 | 842 | 55,32% |
| Suður | 32 | 165 | 197 | 12,94% |
| Suðvestur | 50 | 108 | 158 | 10,38% |
| Reykjavík | 41 | 101 | 142 | 9,33% |
| Erlendis | 2 | 6 | 8 | 0,53% |
| **Samtals** | **401** | **1.121** | **1.522** | **100,00%** |

### Nemendafjöldi eftir deildum

| | 2005 | | | 2006 | | | 2007 | | | 2008 | | | 2009 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Deild** | **Karlar** | **Konur** | **Alls** | **Karlar** | **Konur** | **Alls** | **Karlar** | **Konur** | **Alls** | **Karlar** | **Konur** | **Alls** | **Karlar** | **Konur** | **Alls** |
| Félagsvísindadeild | 59 | 116 | 175 | 54 | 104 | 158 | 42 | 111 | 153 | 45 | 101 | 146 | 50 | 126 | 176 |
| Kennaradeild | 78 | 455 | 533 | 48 | 371 | 419 | 57 | 308 | 365 | 61 | 294 | 355 | 68 | 330 | 398 |
| Lagadeild | 30 | 34 | 64 | 38 | 44 | 82 | 38 | 55 | 93 | 39 | 50 | 89 | 63 | 57 | 120 |
| Hjúkrunarfræðideild | 3 | 174 | 177 | 2 | 195 | 197 | 1 | 172 | 173 | 2 | 179 | 181 | 2 | 213 | 215 |
| Iðjuþjálfunardeild | 2 | 70 | 72 | 4 | 59 | 63 | 6 | 53 | 59 | 4 | 68 | 72 | 3 | 74 | 77 |
| Framh.deild í heilbr.vísindum | 3 | 51 | 54 | 3 | 36 | 39 | 4 | 35 | 39 | 7 | 44 | 51 | 5 | 55 | 60 |
| Auðlindadeild | 67 | 52 | 119 | 64 | 55 | 119 | 56 | 54 | 110 | 57 | 41 | 98 | 67 | 64 | 131 |
| Viðskiptadeild | 89 | 208 | 297 | 106 | 218 | 324 | 110 | 205 | 315 | 135 | 239 | 374 | 140 | 195 | 335 |
| Utan brauta | 3 | 0 | 3 | 3 | 8 | 11 | 8 | 7 | 15 | 4 | 1 | 5 | 3 | 7 | 10 |
| **Samtals** | **334** | **1.160** | **1.494** | **322** | **1.090** | **1.412** | **322** | **1.000** | **1.322** | **354** | **1.017** | **1.371** | **401** | **1.121** | **1.522** |

### Nemendafjöldi eftir deildum








# KENNSLUSVIÐ

Meginmarkmið kennslusviðs er að tryggja samræmi og gott skipulag á daglegu starfi háskólans ásamt því að veita nemendum og starfsfólki almennar upplýsingar, þjónustu og ráðgjöf.

Fulltrúar á kennslusviði annast meðal annars almenna þjónustu, upplýsingagjöf, símsvörun, útgáfu vottorða og innkaup og afgreiðslu á skrifstofuvörum fyrir starfsfólk háskólans. Fulltrúar annast jafnframt innritun nýnema og hafa umsjón með nemendaspjaldskrá.

Skrifstofur fræðasviða heyra undir kennslusvið. Hlutverk þeirra er að annast skipulag á daglegu starfi í kennsludeildum háskólans í samstarfi við deildarforseta. Í þessu felst meðal annars frágangur á nám- og kennsluskrá, brautskráningarskjölum og kennsluskiptingu ásamt stundaskrárgerð og einkunnaskráningu. Skrifstofur skrá og veita nemendum upplýsingar og ráðgjöf varðandi námsframvindu ásamt því að aðstoða fræðasvið og deildir með fundi, nemenda- og starfsmannamál og vinnuferla.

Skipulag og umsjón prófahalds fer fram á kennslusviði undir stjórn prófstjóra. Prófstjóri gefur út próftöflur og hefur yfirumsjón með prófhaldi og einkunnaskilum. Reglulegar próftíðir eru í desember og apríl/maí og sjúkra- og endurtökupróf eru að lokinni próftíð. Loks gafst nemendum tækifæri á að þreyta próf í öllum námskeiðum í ágúst. Ágústpróf voru felld niður með reglum um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri nr. 885/2009.

Kennslusvið hefur umsjón með framkvæmd fjarkennslu háskólans og samskiptum við símenntunar- og fræðslumiðstöðvar um allt land. Á sviðinu fer líka fram þróun, aðstoð og fræðsla í upplýsinga- og samskiptatækni vegna fjarkennslu.

Á kennslusviði starfar sérfræðingur háskólans í upplýsingakerfum sem hefur umsjón með innra upplýsingakerfi hans og annast gagnamiðlun á milli tölvukerfa háskólans ásamt vefumsjón. Hann sér líka um uppsetningu og birtingu námskrár, framkvæmir námskeiðsmat og aðrar kannanir og veitir ýmsar tölfræðilegar upplýsingar úr nemendabókhaldi.



Frá vinstri: Laufey Petrea Magnúsdóttir, Steinunn Aðalbjarnardóttir.

# KENNSLUSVIÐ

Náms- og starfsráðgjafi tilheyrir kennslusviði. Markmið starfsins er aðallega þríþætt: Að leiðbeina núverandi og væntanlegum nemendum háskólans um val á námi, að veita einstaklingum og hópum leiðsögn á meðan á námi stendur, ekki síst um námstækni og bætt vinnubrögð í námi og að veita nemendum persónulega ráðgjöf, m.a. varðandi námsframvindu og einkalíf. Náms- og starfsráðgjafi hélt tvö námskeið á haustmisseri 2009, annars vegar átta tíma námskeið um námstækni og vinnubrögð í námi og hins vegar átta tíma námskeið um prófkvíða/kvíðastjórnun. Fjarnemum var boðinn fjarnámsaðgangur að námskeiðinu um námstækni og vinnubrögð í námi. Námskeiðshald þetta er liður í að auka þjónustu við nemendur HA og auka færni þeirra til náms. Að öðru leyti var starfsemi náms- og starfsráðgjafar hefðbundin og fólst aðallega í víðtækri upplýsingagjöf og viðtalsþjónustu við nemendur og aðra sem eftir þjónustunni leita ásamt því að reka ýmiss konar hagsmunamál nemenda.

Verkefnastjóri alþjóðamála hefur umsjón með nemenda-, kennara- og starfsmannaskiptum og fleiri alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Árið 2009 stunduðu 48 erlendir skiptinemar nám við HA. Alls stunduðu 19 nemendur frá HA skiptinám erlendis í eftirtöldum löndum: Búlgaríu, Danmörku, Finnlandi, Kanada, Póllandi, Slóveníu, Svíþjóð og Þýskalandi. Sjö kennarar HA fóru erlendis í kennaraskipti og HA tók á móti þrettán erlendum kennurum í skiptum. Auk þess tók Alþjóðaskrifstofa HA á móti fjölda starfsfólks frá erlendum samstarfsskólum HA og sendiráðum og skipulagði kynningu á starfsemi háskólans. Nemenda- og kennaraskiptasamningum við erlenda háskóla fjölgar stöðugt. HA er nú í samstarfi við yfir 200 háskóla á þessu sviði. Samstarfið er unnið í gegnum Erasmus, Nordplus og North2North skiptiáætlanir og tvíhliða samninga. Alþjóðadagur HA var haldinn 29. október 2009 í umsjá alþjóðafulltrúa, í samstarfi við FSHA og kennara háskólans.

Steinunn Aðalbjarnardóttir, fulltrúi á fjármálasviði, gegndi starfi forstöðumanns kennslusviðs skólaárið 2008-2009 í leyfi Laufeyjar Petreu Magnúsdóttur. Solveig Hrafnsdóttir, náms- og starfsráðgjafi HA, var forstöðumaður kennslusviðs skólaárið 2009-2010. Starf verkefnastjóra í upplýsinga- og samskiptatækni færðist frá kennslusviði til Gagnasmiðju haustið 2009. Starfsmenn kennslusviðs skólaárið 2009-2010 voru tólf.



# FJARNÁM

Háskólinn á Akureyri kappkostar að bjóða öllum nemendum sínum öfluga stoðþjónustu á sviði tölvu- og upplýsingatækni hvort sem þeir stunda nám á háskólasvæðinu eða í heimabyggð.

Fjarkennsla við Háskólann á Akureyri hófst haustið 1998 þegar boðið var upp á fjarnám við heilbrigðisdeild. Um var að ræða nám í dagskóla á hjúkrunarfræðibraut, þar sem kennt var um myndfundabúnað samtímis á Akureyri og Ísafirði. Ári síðar bættust svo nemendur á Egilsstöðum í þennan hóp. Frá árinu 1998 hefur fjarnám verið vaxandi þáttur í námsframboði Háskólans á Akureyri og skólaárið 2009–2010 buðu öll fræðasvið háskólans upp á fjarnám í ákveðnum greinum.

**Heilbrigðisvísindasvið – hjúkrunarfræðideild og iðjuþjálfunarfræðideild**
Í hjúkrunarfræðideild fer fram fullt nám í dagskóla þar sem fjarnemendur stunda nám samhliða nemendum í staðarnámi. Námið byggir að mestu á gagnvirkum myndfundabúnaði, en kennarar nýttu einnig vefnámsumhverfið Blackboard árið 2009 og tölvusamskipti í síauknum mæli. Skólaárið 2009–2010 voru nemendur við heilbrigðisvísindasvið í fjarnámi á Egilsstöðum, Höfn, Ísafirði, Reyðarfirði, í Reykjanesbæ, á Sauðárkróki, Selfossi og í Vestmannaeyjum.

**Hug- og félagsvísindasvið - kennaradeild**
Fjarnámið er að hluta til miðað við fólk sem er starfandi í skólum þó vissulega sé það opið öðrum sem uppfylla inntökuskilyrði. Nemendur stunda því ekki fullt nám en taka námið á lengri tíma. Á leikskólabraut hófst fjarnám árið 1999 og á grunnskólabraut árið 2003. Sömu námskeið eru kennd í fjarnámi og í staðarnáminu. Notkun Moodle vefnámsumhverfisins hófst með einu námskeiði í kennaradeild á vormisseri 2009 og á haustmisseri var þeim fjölgað. Í upphafi skólaárs 2010-2011 kom Moodle kerfið síðan til fullrar notkunar í háskólanum. Skólaárið 2009–2010 voru nemendur við kennaradeild í fjarnámi á Akranesi, í Árborg, á Blönduósi og Egilsstöðum, í Hafnarfirði, á Húsavík, Ísafirði, í Reykjanesbæ, á Sauðárkróki og á Þórshöfn.

**Viðskipta- og raunvísindasvið – auðlindadeild og viðskiptadeild**
Í viðskiptadeild og auðlindadeild er miðað við að nemar geti stundað vinnu meðfram fjarnáminu og dreifist það því á lengri tíma. Námið fór fram að mestu leyti á netinu gegnum Blackboard. Til stuðnings eru fundir í gagnvirkum myndfundabúnaði utan dagvinnutíma í mörgum námskeiðum. Einnig hafa nemendur tækifæri til að eiga samskipti við kennara og sín á milli í vefumræðum sem settar eru upp fyrir hvert námskeið. Skólaárið 2009–2010 voru nemendur við deildirnar í fjarnámi á eftirtöldum stöðum: í Árborg, á Blönduósi, í Borgarnesi, á Egilsstöðum, Grundarfirði og í Hafnarfirði, á Húsavík, Hvammstanga, Ísafirði, Patreksfirði, Reyðarfirði og í Reykjanesbæ, á Sauðárkróki, Siglufirði, í Snæfellsbæ, Stykkishólmi, Vestmannaeyjum, á Vopnafirði og Þórshöfn.

Í árdaga fjarkennslunnar var námið nær eingöngu byggt á útsendingum fyrirlestra með gagnvirkum myndfundabúnaði. Enn í dag er myndfundabúnaður notaður í miklum mæli við háskólann. Hröð þróun í upplýsingatækni býður þó upp á fjölbreyttar leiðir í kennslu, við miðlun námsefnis, í samskiptum og við að mæta þörfum nemenda í fjarnámi. Háskólinn fylgist vel með þróun í upplýsinga-, samskipta- og kennslutækni og innleiðir markvisst nýjungar á því sviði. Má þar nefna gagnvirkar töflur og skjái, upptökur í staðarnámi, beinar útsendingar, vefsíður kennara og kennslukerfið Moodle sem m.a. hefur að geyma innbyggt póstforrit, vefumræður, spjallrásir, próftæki, verkefnaúthlutara, hópvinnuverkfæri og ýmsa möguleika til framsetningar námsefnis á margvíslegu formi.

Upplýsingakerfið Stefanía sem þróað hefur verið í Háskólanum á Akureyri veitir aðgang að öllum helstu upplýsingum sem tengjast daglegu starfi í háskólanum svo sem stundaskrá, próftöflum, námsframvindu, námskrá, kennsluskrá og námskeiðslýsingum.

Frá upphafi hefur Háskólinn á Akureyri lagt áherslu á að nemendahópar myndist á þeim stöðum þar sem fjarnám er í boði. Háskólinn hefur því átt öflugt samstarf um fjarkennslu við bæjarfélög, háskólasetur og símenntunar- og fræðslumiðstöðvar víðs vegar um landið. Enda er það talin forsenda fjarnámsins að nemendum sé sköpuð góð aðstaða til móttöku kennslu gegnum myndfundabúnað, tölvur og net. Hefur það sýnt sig að myndun námshópa á fjarkennslustöðvum hefur reynst góð leið til að efla hópkennd og stuðning nemenda í milli. Á fjarkennslustöðvunum hafa nemendur aðgang að myndfundabúnaði og tölvuveri ásamt ljósritunar- og vinnuaðstöðu.

Helstu samstarfsaðilar háskólans eru:
Farskóli Norðurlands vestra, Fræðslunet Suðurlands, Háskólasetur Vestfjarða, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Námsflokkar Hafnarfjarðar – Miðstöð símenntunar, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Viska – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, Þekkingarnet Austurlands og Þekkingarsetur Þingeyinga,

Í fjarnáminu er ýmist um að ræða fullt nám í dagskóla eða nám sniðið að þörfum þeirra sem stunda það samhliða starfi. Fjarnemar greiða sömu skrásetningargjöld og aðrir nemendur við háskólann en þurfa jafnan að greiða hófleg aðstöðugjöld til sinnar fræðslu- eða símenntunarstöðvar.

Verkefnastjóri fjarnáms er Daníel Freyr Jónsson.



# RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARMIÐSTÖÐ - RHA

Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri er sjálfstæð eining innan HA. Stofnunin nýtur ekki fastra fjárframlaga, heldur aflar sér tekna með rannsóknarverkefnum og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir, ráðuneyti, félagasamtök og með rannsóknarstyrkjum innanlands sem utan.

Í árslok 2009 störfuðu 15 starfsmenn í um 11,5 stöðugildum við RHA. Forstöðumaður, skrifstofustjóri, þrír verkefnastjórar, níu sérfræðingar og aðstoðarmaður sérfræðinga.

Hlutverk RHA er að efla rannsóknarstarfsemi við Háskólann á Akureyri sem og að styrkja tengsl háskólans við atvinnulífið. Einnig hefur miðstöðin það hlutverk að vinna að þróun nýrra verkefna innan HA og koma þeim í réttan farveg.

„Hlutverk RHA er að efla rannsóknarstarfsemi við Háskólann á Akureyri sem og að styrkja tengsl háskólans við atvinnulífið. Einnig hefur miðstöðin það hlutverk að vinna að þróun nýrra verkefna innan HA og koma þeim í réttan farveg."

**Markmiðið með rekstri RHA er í meginatriðum fjórþætt:**

- Efla umsýslu og þjónustu við rannsóknir innan HA með það að markmiði að efla rannsóknir við HA og auka fjármagn til rannsókna úr samkeppnissjóðum
- Vinna að þróunar- og sérverkefnum á vegum HA á skilvirkan og markvissan hátt
- Vera tengiliður við setur og stofnanir sem starfa innan eða í tengslum við HA. Að skapa umgjörð til að hægt sé að hýsa litlar stofnanir og setur á sem skilvirkastan og hagkvæmastan hátt
- Vera tengiliður HA við atvinnulífið með því að sinna verkefnum fyrir atvinnulífið og stuðla að þekkingaryfirfærslu þangað frá HA

Auk þessa hefur RHA með höndum stjórnsýslu rannsókna með þjónustusamningi við Háskólann á Akureyri. Er þar um að eftirtalda þætti er lúta að stjórnsýslu, umsjón, þjónustu og ráðgjöf við rannsóknir í HA:

- Umsjón með stigamati og rannsóknarskýrslum
- Umsjón með sjóðum og styrkumsóknum
- Þjónusta við dómnefnd HA vegna grunnmats og framgangs akademískra starfsmanna
- Umsjón með rannsóknar- og starfsþjálfunarleyfum
- Umsjón með vinnumatssjóði
- Þjónusta við Vísindaráð HA

Þá hýsir RHA ýmis verkefni, bæði langtíma- og skammtímaverkefni. Má þar nefna skrifstofu Rannsóknaþings Norðursins, Northern Research Forum – NRF, skv. þjónustusamningi við Háskólann á Akureyri. RHA sinnir umsýslu fyrir Sjávarútvegsmiðstöðina fyrir HA og teljast starfsmenn þessara stofnana með starfsmönnum RHA. Ennfremur hefur RHA þjónustað nemendur Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem hafa komið til HA til náms.

RHA er samstarfsaðili í nokkrum Evrópuverkefnum. Þar má nefna líftækniverkefnið *AquaTerre* sem er undir sjöundu rammaáætlun Evrópusambandsins 2008–2010 og verkefnið *North Hunt* sem miðar að því að þróa sjálfbæra skotveiðitengda ferðaþjónustu og styrkt er af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins 2008–2010. Þá tekur RHA þátt í ESPON verkefninu *Nordic Baltic Dialogues on Transnational Perspectives in Spatial Planning* - NORBA og einnig umsýslar RHA svokallaðan ESPON-ECP tengilið Íslands í umboði Háskólans á Akureyri, en tengiliðir eru í öllum aðildarlöndum ESPON samstarfsins.

Byggðarannsóknastofnun Íslands hefur verið rekin í tengslum við RHA og er forstöðumaður RHA jafnframt forstöðumaður hennar. Starfsemi stofnunarinnar hefur verið lítil undanfarin ár en rannsókn á samfélagslegum áhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi hefur þó verið unnin undir merkjum stofnunarinnar. Á árinu 2009 var lokið við gagnasöfnun fyrir lokaskýrslu verkefnisins. Rannsóknir í verkefninu hafa einkum verið unnar af starfsmönnum RHA.

Rannsóknarverkefni sem unnin voru af starfsmönnum RHA árið 2009 voru margvísleg og gefur eftirfarandi listi yfir rannsóknarskýrslur RHA góða innsýn í umfang og fjölbreytileika starfseminnar. Listinn er ekki tæmandi en sýnir þær rannsóknarskýrslur sem eru aðgengilegar á vefsíðu RHA, www.rha.is, en þar má einnig finna allar nánari upplýsingar um starfsemi RHA.

**Rannsóknarskýrslur**:

*Aluminum Plant in Húsavík - Socioeconomic Impact Assessment*
Höfundar: Hjalti Jóhannesson, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Kjartan Ólafsson og Valtýr Sigurbjarnarson

*Álver á Bakka við Húsavík - Mat á samfélagsáhrifum*
Höfundar: Hjalti Jóhannesson, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Kjartan Ólafsson og Valtýr Sigurbjarnarson

*Framhaldsnemar og sjávarútvegsnám*
Höfundar: Hjördís Sigursteinsdóttir og Sigrún Sif Jóelsdóttir

*Interaction between higher education institutions and their surrounding business environment - Six Nordic case studies*
Höfundar: Eija-Riitta Niinikoski, Hjalti Jóhannesson, Jon Moxnes Steineke, Lise Smed Olsen, Lukas Smas og Sigrid Hedin

*Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum*
Höfundar: Hjördís Sigursteinsdóttir, Sigrún Sif Jóelsdóttir og Tryggvi Hallgrímsson

*Mat á framkvæmd menningarsamnings Eyþings*
Höfundur: Valtýr Sigurbjarnarson

*North Hunt - Rannsóknarrit nr. 1: Sales Organizational Survey*
Höfundar: Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Hjördís Sigursteinsdóttir

*Nýnemakönnun 2009*
Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir

*Rangárþing ytra. Úttekt á rekstri fræðslustofnana*
Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson

*Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi - Rannsóknarrit nr. 6: Úrtakskönnun meðal almennings haustið 2008*
Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Sigrún Sif Jóelsdóttir

*Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi - Rannsóknarrit nr. 7: Könnun meðal fyrirtækja 2008. Helstu niðurstöður*
Höfundur: Sigrún Sif Jóelsdóttir

*Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi - Rannsóknarrit nr. 8: Niðurstöður vinnuviðhorfskönnunar sem gerð var sumarið 2006*
Höfundur: Tryggvi Hallgrímsson

*Samanburður á launum karla og kvenna hjá Orkuveitu Reykjavíkur í nóvember 2008*
Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir

*Skólamál í Öxarfirði - Mat á ytri aðstæðum vegna breytinga á skipulagi skólamála*
Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Sigrún Sif Jóelsdóttir

# UPPLÝSINGASVIÐ

Upplýsingasvið rak bókasafn háskólans og annaðist sérsöfn eins og lista- og steinasöfn. Auk þess annaðist upplýsingasvið mál er snerta útgáfu á skýrslum og hvers kyns ritröðum á vegum fræðasviða eða deilda. Aðra umsýslu vegna útgáfumála háskólans annast Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri, RHA.

Fastráðnir starfsmenn á sviðinu í árslok 2009 voru fjórir talsins í 4,0 stöðugildum. Einn starfsmaður í fullu starfi var í tímabundnu verkefni sem styrkt var af Vinnumálastofnun og tveir nemendur unnu á bókasafninu yfir vetrartímann, samtals í hálfu stöðugildi.

Hlutverk upplýsingasviðs er að annast kennslu og þjálfun í upplýsingalæsi og veita notendum safnsins þannig markvissan aðgang að víðtækri þekkingu hvaðanæva að. Mikil áhersla hefur verið lögð á kennslu og þjálfun nemenda í upplýsingalæsi en það er sú færni sem gerir mönnum kleift að leita upplýsinga, leggja mat á gæði þeirra og hagnýta þær í námi, kennslu og rannsóknum. Fræðsla í upplýsingalæsi (kennslustundir í deildum, námskeið fyrir nemendur og starfsfólk) fór samtals fram í um 130 kennslustundum á árinu.



Í forgrunni eru frá vinstri Astrid M. Magnúsdóttir forstöðumaður upplýsingasviðs, Kristín Konráðsdóttir bókavörður, Sigríður Vilhjálmsdóttir verkefnastjóri bókasafni HA og Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri.

Bókasafnið hefur lagt áherslu á að geta boðið aðgang að vönduðu úrvali gagnasafna og rafrænna tímarita á fræðasviðum háskólans og reynt að byggja bóka- og tímaritakost safnsins upp jafnt og þétt þannig að hann endurspegli fræðasvið háskólans.

Starfsfólk bókasafnsins leggur áherslu á að veita nemendum, starfsfólki háskólans og öðrum lánþegum faglega og persónulega þjónustu. Á bókasafninu er lögð áhersla á þjónustu við fjarnema og lagt til grundvallar að þeir skuli njóta sömu þjónustu og nemendur í staðarnámi. Því hefur bókasafnið m.a. komið upp gagnasafninu Hlöðunni sem geymir skannað lesefni vegna valinna námskeiða við háskólann að því tilskildu að greitt hafi verið til höfunda fyrir birtinguna skv. samningi við Fjölís, hagsmunasamtök höfunda og erlenda höfundarréttarhafa. Hlaðan geymir einnig próf sem tekin hafa verið við háskólann á undangengnum þremur árum.

Á árinu var áfram unnið að þróun Skemmunnar, rafrænu geymslusafni (digital repository) Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Háskólans á Bifröst, Landbúnaðarháskóla Íslands, Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns og Listaháskóla Íslands. Í safninu eru einkum geymd lokaverkefni nemenda en einnig rannsóknarrit kennara og fræðimanna. Geymslusafnið er samvinnuverkefni háskólanna en Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn sér um hýsingu og rekstur Skemmunnar. Hugbúnaðurinn DSpace er notaður fyrir Skemmuna. DSpace er opið kerfi (open source software) sem háskólar og rannsóknarstofnanir um allan heim geta nýtt sér og aðlagað að eigin þörfum.





# FÉLAG STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI



FSHA, félag stúdenta við Háskólann á Akureyri, var stofnað árið 1987 og hóf starfsemi sína á árinu 1988. FSHA er hagsmunafélag stúdenta við Háskólann á Akureyri og jafnframt málsvari allra háskólastúdenta. Félagið fer með þau mál er varða hagsmuni jafnt innan skóla sem utan, til að mynda gagnvart háskólayfirvöldum, stjórnvöldum og öðrum þeim sem áhrif hafa á málefni stúdenta. Allir nemendur við háskólann verða sjálfkrafa félagar við greiðslu skrásetningargjalda. Frá upphafi hefur meginhlutverk FSHA verið að berjast fyrir bættum kjörum stúdenta á margvíslegan hátt. Þessu var að sjálfsögðu haldið áfram og hélt aðalkjarni stjórnarinnar áfram að einbeita sér að því á meðan sérstakar nefndir eins og til dæmis skemmtinefnd sá að mestu um að halda utan um skemmtanir á vegum FSHA. Þar má nefna sprellmót, stóru vísindaferðina til Reykjavíkur og árshátíð. Styrkir voru veittir til deildafélaga til að gera þeim kleift að halda utan um félagslíf innan sinna deilda og voru deildirnar duglegar að nýta sér þennan möguleika við mikla ánægju nemenda. Stjórnin sá um að kynna háskólann fyrir nýnemum á sérstakri nýnemaviku sem haldin er árlega í upphafi skólaárs í samstarfi við háskólann og þótti það takast vel. FSHA tók að venju virkan þátt í að kynna háskólann, meðal annars með þátttöku í Háskóladeginum sem haldinn var í ráðhúsi Reykjavíkur þann 20. febrúar, ásamt kennurum og starfsfólki HA.

Aðalfundur FSHA var haldinn þann 27. mars og kynnti fráfarandi stjórn félagsins nýja heimasíðu fyrir nemendum. Einnig tilkynnti fjármálastjóri FSHA deildarfélögum að aukagreiðsla til þeirra myndi berast vegna yfirstandandi starfsárs en sum þeirra voru komin í slæma fjárhagsstöðu og áleit stjórn FSHA best að koma þeim til aðstoðar en ítreka fyllsta aðhald í útgjöldum.

Óvenju mörg hagsmunamál komu á borð stjórnar FSHA og mun fleiri nemendur leituðu með mál sín til félagsins en oftast áður. FSHA tók öllum nemendum opnum örmum og leitaðist við að finna viðeigandi úrlausn á þeirra málum. Í ljósi þessa hefur FSHA leitað til náms- og starfsráðgjafa HA og fengið leiðbeiningar og ráðleggingar í slíkum málum og hefur það samstarf reynst FSHA afar vel. Stjórnin einbeitti sér að því að sýna aðhald í rekstri félagsins en lét það ekki bitna á starfseminni. Styrkjamál FSHA voru í ólestri. Samningar frá fyrra ári höfðu ekki verið efndir og því var FSHA án aðalstyrktaraðila þetta árið. Stjórn FSHA átti frumkvæði

# FÉLAG STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

að því 2008 að stúdentahreyfingar landsins komu saman til þess að ræða aukið samstarf og að jafnframt yrðu stofnuð samtök sem gætu talað einni röddu um málefni stúdenta. Formaður FSHA, Ragnar Sigurðsson, sat fundi hópsins. Með tilkomu þessara samtaka myndast aukið svigrúm fyrir FSHA til þess að koma í auknum mæli að málefnum LÍN auk annarra málefna sem varða hagsmuni stúdenta á landsvísu.

FSHA lýsir ánægju sinni með aðgerðir til að koma til móts við þá nemendur sem leigja á stúdentagörðum FÉSTA. Það tókst að tryggja nemendum betri leigukjör en aðrir leigjendur njóta og jafnframt að lækka leigu til stúdenta, en nemendur sáu sig knúna til að beita greiðsluverkfalli tímabundið. Fulltrúar nemenda í stjórn FÉSTA voru Ragnar Sigurðsson formaður FSHA og kjörinn fulltrúi var Karl Óðinn Guðmundsson. Fulltúar nemenda í háskólaráði voru Aðalheiður Ámundadóttir, og Steinþór Þorsteinsson til vara. Það má með sanni segja að aðhald í rekstri félagsins og hagsmunabarátta nemenda hafi einkennt starfsemi félagsins á þessu ári en einnig var félagslíf mjög til fyrirmyndar.

**Stjórn FSHA 2009-2010**

Ragnar Sigurðsson formaður
Jóhanna Guðrún Snæfeld Magnúsdóttir varaformaður
Eva Dröfn Möller skemmtanastjóri
Jóhanna Jónsdóttir alþjóðafulltrúi
Karl Óðinn Guðmundsson fjármálastjóri
Stefán Birgir Birgisson fulltrúi nýnema
Þórólfur Ómar Óskarsson upplýsinga- og kynningarfulltrúi

**Formenn deildarfélaga 2009-2010**

*Eir,* félag heilbrigðisdeildarnema: Eydís Inga Sigurjónsdóttir

*Kumpáni,* félag nema við félagsvísindadeild: Daníel Sigurður Eðvaldsson

*Þemis,* félag laganema: Davíð Birkir Tryggvason

*Magister,* félag kennaradeildarnema: Þorgbjörg Dagný Kristbjörnsdóttir

*Reki,* félag nema við viðskiptadeild: Valdemar Pálsson

*Stafnbúi,* félag auðlindadeildarnema: Hrafn Bjarnason

Heimasíða félagsins er: www.fsha.is
Netfang félagsins er fsha@fsha.is

## FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI - FÉSTA

Félagsstofnun stúdenta á Akureyri er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir nemendur og Akureyrarbær eiga aðild að. Tilgangur FÉSTA er að eiga og reka námsmannaíbúðir og annast aðra þjónustu við námsmenn. Sérstakar reglur gilda um úthlutun nemendahúsnæðis. Umsóknarfrestur um vetrarvist er til 20. júní og sumarvist til 1. mars.

**Félagsstofnun rekur stúdentagarða við:**

Útstein með 14 herbergjum og 10 íbúðum sem teknar voru í notkun 1989,

Klettastíg með 12 herbergjum og 18 íbúðum sem teknar voru í notkun 1994,

Drekagil þar sem 29 íbúðir voru teknar í notkun 2001,

Tröllagil með 36 tveggja og þriggja herbergja íbúðum sem teknar voru í notkun í september 2004 og Kjalarsíðu með 40 íbúðum sem teknar voru í notkun í ágúst 2008.

Framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta er Jónas Steingrímsson. Í stjórn stofnunarinnar sitja Steinunn Aðalbjarnardóttir verkefnastjóri skipuð af háskólaráði HA, Halla Margrét Tryggvadóttir starfsmannastjóri skipuð af Akureyrarbæ, Ólafur Búi Gunnlaugsson forstöðumaður skipaður af háskólaráði og Stefán Birgir Stefánsson og Jóhanna Guðrún Magnúsdóttir nemar, skipuð af FSHA.



Háskólinn á Akureyri

# SÍMENNTUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Símenntun Háskólans á Akureyri leitast við að bjóða upp á alhliða sí- og endurmenntun á háskólastigi með þarfir viðskiptavina og hagkvæmni í rekstri að leiðarljósi.

Þar sem Símenntun HA nýtur ekki fjárveitinga frá Alþingi þarf starfsemin að standa undir öllum útlögðum kostnaði sem af henni hlýst og taka tillit til samkeppnislaga. Eitt stöðugildi er hjá Símenntun og hefur verið svo í um áratug.

Á vormisseri voru skipulögð 35 námskeið, mismunandi að gerð og lengd. Koma kennarar víða að til kennslunnar úr háskólum svo og sérfræðingar úr atvinnulífinu. Samstarf er við ýmsar stofnanir á sviði mennta og vísinda um námskeið á ýmsum sérsviðum eins og t.d. Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. Nokkur námskeið voru í boði í fjarkennslu til símenntunarmiðstöðva og var námskeið í mannauðsstjórnun þeirra vinsælast. Einnig var námskeið um Sturlungu í umsjón Einars Kárasonar rithöfundar vinsælt. Þá lauk að vori þriggja missera námi í rekstrar- og viðskiptafræðum og hafa allmargir nemendur úr þeim hópi haldið áfram námi við háskólann í viðskiptafræðum. Rekstrar- og viðskiptanám hefur verið mjög vinsælt undanfarin ár en eftir að viðskiptadeildin hóf að bjóða upp á viðskiptanám með starfi er ekki lengur grundvöllur fyrir slíku námi hjá Símenntun.

Starfsemi haustsins hófst samkvæmt venju með aðfaranámskeiðum fyrir nýja háskólanemendur í efnafræði sem fjarkennt var út um land, fjárhagsbókhaldi og stærðfræði sem einnig var kennd fjarnemendum háskólans í Hafnarfirði. Um 120 nemendur sóttu þessi námskeið. Á haustmisserinu voru 27 mismunandi námskeið skipulögð og var námskeið í ferðaþjónustu sem fjarkennt var um landið þeirra vinsælast. Einnig var bókmenntanámskeið með Jóni Kalman rithöfundi mjög vel sótt og góður rómur gerður að því. Þá hófst spænskukennsla á árinu sem hefur notið vinsælda.

Það kemur líklega fáum á óvart að það eru fleiri konur en karlar sem sækja sér símenntun hjá HA. Á árinu voru konur um 450 en karlar um 300 og nemendastundir voru hátt í 12.000. Þátttakendur á námskeiðum eru á öllum aldri en fjölmennasti hópurinn er milli 40 og 50 ára. Þá hafði kreppan merkjanleg áhrif á starfsemi Símenntunar eins og við mátti búast þar sem fyrirtæki og stofnanir minnkuðu eða hættu fjárhagslegum stuðningi við starfsfólk til að afla sér símenntunar.

Elín Margrét Hallgrímsdóttir er símenntunarstjóri. Í stjórn Símenntunar sem skipuð er af háskólaráði HA sitja Anna Þóra Baldursdóttir lektor, Helgi Jóhannesson, umdæmisstjóri VÍS, Jóna Jónsdóttir, starfsmannastjóri Norðlenska ehf, Steinunn Aðlbjarnardóttir verkefnastjóri og Úlfar Hauksson forstöðumaður sem er formaður.





# MATVÆLASETUR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Matvælasetur Háskólans á Akureyri sem tók til starfa í janúar árið 2000 var lagt niður í ársbyrjun 2009 og Sjávarútvegsmiðstöð stofnuð við Háskólann á Akureyri. Matvælasetrið var upphaflega stofnsett af HA, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Iðntæknistofnun Íslands. Frá í nóvember 2004 starfaði Matvælasetrið eftir samstarfssamningi milli Háskólans á Akureyri, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og sjávarútvegsráðuneytisins.

„Meginmarkið Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar er öflun og miðlun upplýsinga á sviði sjávarútvegs milli skóla, stofnana og atvinnulífs og að styðja þannig við stefnu HA í þeim efnum."



Háskólinn á Akureyri

# SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐIN VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI - SHA

Sjávarútvegsmiðstöðin við Háskólann á Akureyri var formlega opnuð fimmtudaginn 16. apríl 2009 þegar samningur milli HA og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins var undirritaður.

Meginmarkið Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar er öflun og miðlun upplýsinga á sviði sjávarútvegs milli skóla, stofnana og atvinnulífs og að styðja þannig við stefnu HA í þeim efnum.

Markmið miðstöðvarinnar eru ennfremur að styrkja forystuhlutverk HA á sviði menntunar og rannsókna í sjávarútvegi með eflingu hagnýtra rannsókna, verkefna og kennslu tengdri sjávarútvegi. Í því felst m.a. að auka samstarf HA við atvinnugreinina, stuðla að bættri ímynd sjávarútvegs meðal almennings og að efla nám í sjávarútvegsfræðum við HA. SHA leitast við að ná markmiðum sínum með því að:

- Afla og miðla upplýsingum til fyrirtækja og samstarfsaðila
- Annast gerð rannsóknaráætlana og framkvæmd þeirra
- Stuðla að nýsköpun og styðja við frumkvöðlastarfssemi í sjávarútvegi
- Stuðla að samvinnu við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir og aðra aðila um málefni er varða sjávarútveg
- Standa fyrir ráðstefnum, umræðufundum, námskeiðum, fyrirlestrum og annarri fræðslustarfsemi
- Tengja nemendur HA við verkefni í fyrirtækjum
- Annast þjónusturannsóknir í eigin nafni
- Safna upplýsingum um sjávarútveg í gagnagrunn sem nýtist í rannsóknum
- Standa fyrir útgáfu rita og söfnun bóka, tímarita og annars efnis um sjávarútveg

**Meðal verkefna SHA á árinu 2009 voru:**

- Rekstur og ritstjórn upplýsingaveitu um íslenskan sjávarútveg, http://www.fisheries.is
- Efling náms í sjávarútvegsfræðum með könnunum meðal brautskráðra sjávarútvegsfræðinga og framhaldsskólanemenda, kynningum og auglýsingum á náminu
- Aðkoma að Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, UNU-FTP
- Rannsóknir á ígulkerum í Eyjafirði (M.Sc. verkefni)




Hreiðar Þór Valtýsson forstöðumaður Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar við HA.

- Kræklingarannsóknir, stytting ræktunartíma kræklings
- Kennsla í sjávarútvegsfræðum og aðstoð við nemendur, t.d. við lokaverkefni
- Heimsóknir í sjávarútvegsfyrirtæki til að styrkja tengsl atvinnulífs og skóla
- Öflun styrkja
- Kennsla grunnskólanemenda á skólaskipinu Húna II

Miðstöðin hefur eitt stöðugildi sem er aukið með rannsóknar- og verkefnastyrkjum. Starfsmenn eru því í hlutastarfi við SHA en sinna jafnframt kennslu við HA, eru í M.Sc. námi eða eru verkefnaráðnir til lengri eða skemmri tíma. Forstöðumaður SHA er Hreiðar Þór Valtýsson sem einnig er lektor við auðlindadeild HA. Auk hans störfuðu Bjarni Eiríksson, Halldór Pétur Ásbjörnsson, Hörður Sævaldsson og Jón Benedikt Gíslason við miðstöðina á árinu 2009. SHA er í nánu samstarfi við Rannsókna- og þróunarmiðstöð háskólans og sér RHA um umsýslu verkefna og bókhalds auk þess sem sérfræðingar RHA koma að vinnu við einstök verkefni.

Nánari upplýsingar um sjávarútvegsmiðstöðina má finna á vefsíðu hennar http://www.sjavar.is

# RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA - RMF

Markmið stofnunarinnar eru að styrkja tengsl háskólastarfs og atvinnulífs, efla rannsóknir og menntun á sviði ferðamála og auka þekkingu um ferðamál.

Árið einkenndist af óvissu og samdrætti, ljóst var að væntingar um tekjur og framlög frá hinu opinbera gengju ekki eftir og árið 2008 var gert upp með umtalsverðum halla. Við þessu þurfti að bregðast. Það dró þó ekki þrótt úr starfseminni og þegar var hafist handa um að afla styrkja úr samkeppnissjóðum og er sú vinna viðvarandi. Verkefnastaðan er góð og munar þar mestu um verkefni á vegum Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar og Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins. Hófust þau síðla árs 2008 og lýkur í lok árs 2010. Einnig voru unnin nokkur verkefni vegna umhverfismats í tengslum við mannvirkjagerð.

Starfsmenn á árinu 2009 voru fimm auk forstöðumanns, Edwards H. Huijbens.

Stjórnarfundir á árinu voru tveir. Í stjórninni sátu: Ingjaldur Hannibalsson frá Háskóla Íslands, formaður, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir frá Háskólanum á Akureyri, varaformaður, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Háskóla Íslands, Áslaug Alfreðsdóttir frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Elías Gíslason frá Ferðamálastofu, Fjóla Björk Jónsdóttir, Háskólanum á Akureyri, og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir frá Hólaskóla, háskólanum á Hólum.

**Rannsóknaverkefni ársins**

**Áætlanirnar þrjár**
Atvinna – menning – umhverfi

Áætlanirnar þrjár lúta að rannsóknum á hagrænum áhrifum ferðaþjónustu, umhverfi og ferðamennsku og menningu og ferðaþjónustu.

**Sagnaslóðir-sögur sem hluti af ferðalögum**
Verkefnið er fjármagnað af Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni frá 2008 til loka árs 2010 og eru samstarfsstofnir RMF fjórar á hinum Norðurlöndunum. Markmiðið er að þróa notendavæna tækni við miðlun á söguhefð og staðbundinni menningu. Skoðað er sérstaklega hvort samskiptavettvangur gæti gagnast norrænni sagnamennsku, eflt samvinnu milli hagsmunaaðila og bætt upplifun ferðamanna. Íslenski hluti þessa verkefnis mun skoða uppbyggingu slíkrar ferðamennsku í Borgarfirði með áherslu á Snorrastofu í Reykholti og Landnámssetur í Borgarnesi. Einnig er unnið með sagnahefð í framhaldi af verkefninu *Destination Viking Sagalands* sem styrkt var af NPP og lauk fyrir tveimur árum.

**Heilsutengd ferðaþjónusta á Norðurlöndunum**
Verkefnið er fjármagnað af Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni frá 2008 til loka árs 2010. Heilsutengd ferðaþjónusta er álitin grein velferðarþjónustu á Norðurlöndum. Verkefnið snýr að því að skýra tengsl velferðar og heilsutengdrar ferðaþjónustu sem geta nýst ferðaþjónustuaðilum í markaðssetningu. Í íslenska hluta verkefnisins eru Jarðböðin í Mývatnssveit og uppbygging heilsutengdrar ferðaþjónustu þar í kring til sérstakrar skoðunar en einnig hugmyndir um heilsutengda ferðaþjónustu á landsvísu.

Samstarfsstofnanir RMF í verkefninu eru fimm á hinum Norðurlöndunum.

**Norrænt samstarfsverkefni um skotveiðitengda ferðaþjónustu – North hunt verkefnið**
Verkefnið er styrkt af NPP til þriggja ára. Það snýst um uppbyggingu sjálfbærrar ferðaþjónustu sem tengist skotveiði á Íslandi og jaðarsvæðum Norðurlanda.

**SWIFT – Sjálfbærni í rekstri smáfyrirtækja sem gera út á víðáttuna**
RMF sótti um styrk til Evrópusambandinu, EC Enterprise and Networks, ásamt sex samstarfsstofnunum, einni íslenskri og fimm á erlendri grundu, til að hefja verkefni um innleiðingu sjálfbærniviðmiða í rekstri smáfyrirtækja sem gera út á náttúru víðerna.

**Samstarf við háskóla í Póllandi**
Styrkur fékkst frá EFTA (Fundusz Stypendialny i Szkoleniowy) til að hefja samstarf milli RMF og aðila í Póllandi um náttúrutengda ferðamennsku.

**Mat á áhrifum svæðisbundinnar markaðssetningar**
RMF leiðir verkefni sem stofnað var til að frumkvæði Markaðsskrifstofu Vestfjarða um að meta áhrif af svæðisbundinni markaðssetningu. Rannsóknin er styrkt af Ferðamálastofu. Með haustinu var gefin út skýrsla og eru næstu skref ekki ákveðin.

**Uppbygging MTA náms**
Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Hólaskóli, háskólinn á Hólum standa sameiginlega að framhaldsnámi í ferðamálafræði, titlað MTA, *Master of Tourism Administration*. Handbók fyrir námið er tilbúin og samþykkt. RMF sér um námið fyrir hönd Háskólans á Akureyri. Nemendur verða skráðir við HA en útskrifast að tveimur árum liðnum með prófgráðu frá skólunum þremur. Vegna sparnaðar í rekstri HA tókst ekki að bjóða upp á námið árið 2009.

**Ímyndir Íslands og Norðursins**
Markmið rannsóknarverkefnisins er að varpa ljósi á Ísland sem mikilvægan hluta af norðurslóðum, fjölbreyttar ímyndir Íslands í norðrinu, hlutverk slíkra ímynda í nútímanum og rætur þeirra. Verkefnið er þverfaglegt samstarf með þátttöku íslenskra og erlendra fræðimanna í hug- og félagsvísindum.

RMF leggur til þessa verkefnis rannsókn á ímynd Íslands sem alþjóðlegs áfangastaðar, sérstaklega með tilliti til þeirrar vinnu sem nú fer fram um ímyndarsköpun á vegum forsætisráðuneytis og snýst um vörumerkjavæðingu landsins.

**Verkefni í Eyjafirði og með Akureyrarstofu**
RMF sinnti samskiptum við ferðaþjónustuaðila og aðra hagsmunaaðila. Meðal annars með ýmiss konar erindum á mánaðarlegum fundum aðilanna og með könnunum sem lúta að venjum ferðamanna á svæðinu.

**Stefnumótunarvinna í ferðaþjónustu**
RMF vinnur að því að hrinda í framkvæmd samræmdri stefnumótun í ferðamálum á landsvísu. Markmiðið er að tryggja grundvöll vöruþróunar og markaðssetningar í ferðamennsku.

Landfræðileg upplýsingakerfi verða notuð sem gagnagrunnur fyrir úttektir á svæðisbundnum náttúru- og menningargæðum í þágu ferðaþjónustu sem og úttektir á þjónustustigi, samgöngum og mannauði. Kortlagningin stendur yfir frá 2008 til 2013 og nær til allra landshluta. Á grundvelli kortlagningarinnar verður unnin stefnumótun til fimm ára.



**Þróunarverkefni um akademíska ferðaþjónustu að Svartárkoti í Bárðardal**
RMF er þáttakandi í uppbyggingu ferðaþjónustu að Svartárkoti í Bárðardal. Er um nokkuð viðamikið og sérstakt verkefni að ræða þar sem til stendur að byggja gisti- og kennsluaðstöðu við jaðar Ódáðahrauns þar sem markhópurinn er nemendur og fræðimenn. Markmiðið er að koma á framfæri einstakri náttúru, menningu og sögu svæðisins og þannig reyna að laða að rannsakendur og nema alls staðar að úr heiminum. Þrjú námskeið voru haldin sumarið 2009, og stóð RMF fyrir því að fá tvo hópa til landsins.

Ítarlegri upplýsingar er að finna á vefnum www.rmf.is.

# RANNSÓKNAÞING NORÐURSINS - NRF NORTHERN RESEARCH FORUM

Rekstur skrifstofu Rannsóknaþings norðursins er samvinnuverkefni Háskólans á Akureyri, Rannsókna- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri og Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar. Níu manna alþjóðleg stjórn stýrir NRF.

Markmið NRF er að skapa vettvang fyrir umræður um málefni norðurslóða og að auka samvinnu vísindamanna og hagsmunaaðila á norðurslóðum. Viðfangsefnin eru loftslagsbreytingar, sjálfbær þróun, nýting auðlinda, menntun, heilsa og öryggi, svo nokkuð sé nefnt.



Til að uppfylla markmið sín skipuleggur NRF rannsóknarþing á tveggja til þriggja ára fresti í aðildarríkjum Norðurskautsráðsins, The Arctic Council. Forsvarsmenn NRF hvetja til að tekið sé heildrænt á málefnum norðursins og að reynsla og velferð samfélaga og fólks á svæðinu séu höfð að leiðarljósi. Því er leitast við að tryggja þátttöku á rannsóknarþingum frá sem flestum sviðum samfélagsins. Þátttakendur rannsóknarþinganna eru vísindamenn, háskólakennarar, stjórnmálamenn, stjórnendur, embættismenn, sveitarstjórnarmenn og síðast en ekki síst ungir vísindamenn. Um tuttugu ungir vísindamenn hljóta styrk til að sækja hvert þing og gegna þar veigamiklu hlutverki.

Síðast var haldið rannsóknarþing í Anchorage í Alaska árið 2008. Næsta rannsóknarþing verður haldið í Osló og Kirkenes í Noregi haustið 2011, í samstarfi við Ocean Futures sem er sjálfstæð rannsóknarstofnun sem leggur áherslu á málefni tengd úthöfunum, sjávarbotninum og heimskautunum. Meginþema þingsins verður bráðnandi ís og áhrif því samfara, út frá hnattrænum, lagalegum, efnahagslegum, samfélagslegum og pólitískum sjónarhornum, nýtingu auðlinda og öryggi sem og samspili ólíkra þátta í ljósi breyttra aðstæðna.

Árið 2009 tók NRF þátt í fjölbreytilegum verkefnum, svo sem ráðstefnu um heimskautarétt og vinnuhópi um lagaleg og pólitísk málefni norðurslóða. Einnig skipulagningu fundar samtaka ungra vísindamanna í heimskautafræðum, APECS. NRF tók þátt í hringborðsumræðum um nýtingu auðlinda á norðurslóðum, sjötta alþjóðlega sumarskólanum í Karelia í Finnlandi og stofnun samstarfsnets um haf- og strandsvæði á norðurslóðum svo nokkuð sé nefnt.

nrf
Northern Research Forum



# RES – ORKUSKÓLINN Á AKUREYRI

RES - Orkuskólinn, The School for Renewable Energy Science, var settur í annað sinn þann 7. febrúar 2009. Undirbúningur að stofnun hans tók fjögur ár en hann er einkarekin mennta- og vísindastofnun sem byggir starfsemi sína á forystu Íslendinga á sviði orkumála. Boðið er upp á eins árs alþjóðlegt meistaranám í vistvænni orkunýtingu auk leiðtogaskóla og sumarnámskeiða í samstarfi við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands. Fyrsti nemendahópurinn sem lauk meistaranámi samanstóð af 30 nemendum frá níu löndum og voru þeir brautskráðir með M.Sc. í endurnýjanlegum orkufræðum í samstarfi við HA og HÍ þann 21. febrúar 2009. Samhliða hóf nýr nemendahópur nám í febrúar 2009,samtals 38 nemendur frá 11 löndum. Voru þeir við nám á fjórum sviðum orkufræða: jarðhitaorku, lífmassaorku og vistvænu eldsneyti, sviði efnarafala og vetnis, og á sviði orkukerfa og orkustjórnunar. Af þessum nemendum luku 35 námi sínu í febrúar 2010.

Orkuvörður ehf eiga og starfrækja RES – Orkuskóla. Hluthafar í Orkuvörðum eru Þekkingarvörður ehf (þróunarfélag Háskólans á Akureyri), Landsvirkjun, Akureyrarbær, RARIK, KEA, Norðurorka, Landsbanki Íslands, Gift fjárfestingarfélag, og Háskóli Íslands. Markmið skólans eru af samfélagslegum toga, að byggja upp og miðla alþjóðlegri þekkingu á sviði vistvænna orkugjafa og umhverfismála. RES stuðlar að styrkingu háskólasamfélagsins og vinnur á alþjóðlegum vettvangi á þessu mikilvæga fræðasviði. RES - Orkuskóli er í nánu samstarfi við flest orkufyrirtæki og verkfræðistofur landsins. Rektor skólans er dr. Björn Gunnarsson.



Háskólinn á Akureyri

# SAMNINGAR OG SAMSTARFSSTOFNANIR

**Samningar**

Háskólinn Í skránni hér á eftir er getið helstu samninga sem Háskólinn á Akureyri gerði á árinu. Fyrst er getið um samningsaðila, síðan eðli samningsins og loks dagsetningar undirskriftar. Auk þessa hafa deildir og svið gert fjölda samstarfssamninga, m.a. við erlendar stofnanir og háskóla.

**Háskólinn á Akureyri og Tokyo University of Marine Science and Technology.**

Tvíhliða samningur um samstarf og nemendaskipti, 3. mars 2009.

**Háskólinn á Akureyri og Landsvirkjun**

Framlenging á samningi um kennslu og rannsóknir frá 2001, 23. mars 2009.

**Háskólinn á Akureyri, Hafnarfjarðarbær og Námsflokkar Hafnarfjarðar – Miðstöð símenntunar.**

Samstarfssamningur um háskólanám í Hafnarfirði, 30. mars 2009.

**Háskólinn á Akureyri og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.**

Samstarfssamningur um málefni norðurslóða og sjálfbærrar þróunar, 31. mars 2009.

**Háskólinn á Akureyri og Gámaþjónusta Norðurlands ehf.**

Verksamningur um sorpþjónustu, 1. apríl 2009.

**Háskólinn á Akureyri og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.**

Samningur um sjávarútvegsmiðstöð við Háskólann á Akureyri, 16. apríl 2009.

**Háskólinn á Akureyri og Akureyrarbær.**

Samningur um styrk Akureyrarbæjar til Verkefnasjóðs Háskólans á Akureyri, 24. apríl 2009.

**Háskólinn á Akureyri og Þekkingarsetur Vestmannaeyja.**

Samstarfssamningur á sviði sjávarútvegs, 8. maí 2009.

**Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst, Háskóli Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands, Listaháskóli Íslands og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.**

Samstarfssamningur um þróun, rekstur og viðhald Skemmunnar, 20. maí 2009.

**Háskólinn á Akureyri og Landgræðsla ríkisins.**

Samstarfssamningur um rannsóknir og fræðslu á sviði auðlindastjórnunar, 13. júní 2009.

**Háskólinn á Akureyri og Menntavísindasvið Háskóla Íslands.**

Samstarfssamningur um útgáfu tímaritsins Uppeldi og menntun, 29. júní 2009.

**Háskólinn á Akureyri og Creditinfo Ísland.**

Samningur um aðgang að safni hæstaréttardóma Creditinfo, 23. september 2009.

**Háskólinn á Akureyri og Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi.**

Samkomulag um notkun á húsnæði Þórunnarstræti 99, 1. október 2009.

**Háskólinn á Akureyri og Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Akranesi.**

Samstarfssamningur um klíníska kennslu og rannsóknir á heilbrigðissviði, 7. október 2009.

**Háskólinn á Akureyri og Suleyman Demirel University.**

Samningur um nemendaskipti, 25. nóvember 2009.

**Viljayfirlýsingar**

**Mennta- og menningarmálaráðuneyti í samstarfi við Háskólann á Akureyri, Akureyrarbæ, Rauða kross Íslands og Ungmennafélag Íslands.**

Viljayfirlýsing um að efla lýðræði og mannréttindi í skólum, félags- og æskulýðsstarfi, 9. desember 2009.

# STYRKIR OG GJAFIR

**Styrkir**
Í janúar var úthlutað styrkjum úr **Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri.** Alls bárust 29 umsóknir að upphæð kr. 28.768.829. Úthlutað var 11 mkr. úr Rannsóknasjóði auk 2 mkr. frá Akureyrarbæ alls kr. 13.015.865. Eftirtaldir hlutu styrk:

*Anna Ólafsdóttir.* Margbreytileg sjónarhorn og hugmyndir innan háskólastofnana um gæði háskólanáms og kennslu. Kr. 220.865.

*Ársæll Már Arnarsson.* Aldursbundin hrörnun í augnbotnum – algengi og orsakir. Kr. 200.000.

*Fjóla Björk Jónsdóttir og Ögmundur Knútsson.* Hefur árangur af samruna fyrirtækja á Íslandi verið í samræmi við markmið á síðastliðnum árum? Kr. 1.500.000.

*Hafdís B. Hjálmarsdóttir.* Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja – hvers konar fyrirtækjamenning er einkennandi fyrir fyrirtæki sem leggja áherslu á samfélagslega ábyrgð. Kr. 150.000.

*Hilmar Þór Hilmarsson.* Er samstarf við alþjóðafjármála-stofnanir fýsilegt fyrir íslenska fjárfesta á nýmörkuðum? Kr. 250.000.

*Hjördís Sigursteinsdóttir og Edward H. Huijbens.* North Hunt – Sustainable hunting tourism in Northern Europe. Kr. 1.500.000.

*Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Eygló Björnsdóttir.* Menntun til sjálfbærrar þróunar: Skilningur kennara. Kr. 400.000.

*Jóhann Örlygsson.* Framleiðsla endurnýjanlegra orkugjafa á frumbjarga og ófrumbjarga máta með hitakærum bakteríum. Kr. 1.000.000.

*Kristinn P. Magnússon og Ólafur K. Nielsen.* Stofngerð íslenska fálkans útskýrð með erfðaefni fjaðra. Kr. 1.640.000.

*Nikolai Gagunashvili.* Development of imbalance data problem methods for selection. Kr. 1.000.000.

*Oddur Vilhelmsson og Starri Heiðmarsson.* Ljósóháðar sambýlisbakteríur strandfléttna. Kr. 985.000.

*Rannveig Björnsdóttir og Jónína Þ. Jóhannsdóttir.* Ræktun náttúrulegs dýrasvifs og framleiðsla dvalareggja. Kr. 1.000.000.

*Rósa Eggertsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir.* Leiðsagnarmat í byrjendalæsi. Kr. 140.000.

*Sigríður Halldórsdóttir og Margrét Hrönn Svavarsdóttir.* Andlegt álag á hjúkrunarfræðingum á lyflækningasviði. Kr. 400.000.

*Sigurður Kristinsson og Árún K. Sigurðardóttir.* Tölfræðileg gagnasöfn fyrir háskólanema og rannsakendur. Kr. 1.000.000.

*Sólveig Ása Árnadóttir.* Líkamsvirkni, færni og fötlun eldri Íslendinga í dreifbýli og þéttbýli. Kr. 380.000.

*Steinar Rafn Beck og Hildur Vésteinsdóttir.* Framleiðsla á lífdísil úr þörungum. Kr. 1.000.000.

*Steingrímur Jónsson.* Haffræðilegar aðstöður á Drekasvæðinu og nágrenni þess. Kr. 250.000.

Þann 3. apríl voru afhentir styrkir frá **Hugviti** til nemenda sem stunda raunvísindanám við HA. Styrkina hlutu:

Ívar Örn Pétursson nemandi í umhverfis- og orkufræði. Kr. 500.000.

Jón Helgi Sveinbjörnsson nemandi í umhverfis- og orkufræði. Kr. 500.000.

Þann 13. júní afhentu Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA 7,6 milljónir króna úr **Háskólasjóði KEA.** Alls bárust sjóðnum 25 umsóknir að upphæð 26 milljónir. Eftirtaldir tíu aðilar hlutu styrk:

**Vegna rannsóknarverkefna:**
*Árún K. Sigurðardóttir.* Eflandi fræðsla til bæklunarsjúklinga - mat og alþjóðlegur samanburður. Kr. 500.000.

*Fjóla Björk Jónsdóttir og Ögmundur Knútsson.* Hefur árangur af samruna fyrirtækja á Íslandi verið í samræmi við markmið á síðastliðnum árum? Kr. 250.000.





*Kristinn P. Magnússon.* Stofngerð íslenska fálkans útskýrð með erfðaefni fjaðra. Kr. 500.000.

*Rannsóknamiðstöð ferðamála.* Rannsókn meðal ferðamanna í Eyjafirði sumarið 2009. Kr. 750.000.

**Til búnaðarkaupa:**
*Hafdís Skúladóttir.* SimMan 3G kennsluhermir. Kr. 1.000.000.

*Steinar Rafn Beck.* Búnaður til þörungaræktunar. Kr. 900.000.

**Vegna sérverkefna:**
*Dagmar Ýr Stefánsdóttir.* Heimildarmynd um vísindi. Kr. 500.000.

*Jóhann Örlygsson.* Gasaðgreiningartæki (GC). Kr. 1.000.000.

*Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri.* ECP. Tengiliður íslensks rannsóknar samfélags við evrópskar rannsóknir á svæðisbundinni þróun og skipulagi. Kr. 750.000.

*Þóroddur Bjarnason.* Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri. Kr. 350.000.



Frá fullveldishátíð hálskólans 1. desember. Heiti listaverksins er: Stórbrotnar furður og raunsannir atburðir.

# EITT OG ANNAÐ



Þriðjudaginn 30. júní framkvæmdi Þorsteinn Gunnarsson, fráfarandi rektor HA sitt síðasta embættisverk þegar hann hengdi upp minningarskjöld um Þorbjörgu Finnbogadóttur. Þorbjörg ánafnaði háskólanum andvirði íbúðar sinnar þegar hún féll frá og var fjármununum varið í að bæta aðstöðu til fjarkennslu. Ættingjar Þorbjargar og vinkonur voru viðstaddar athöfnina.

Erlendur Steinar Friðriksson, verkefnastjóri fjarkennslu- og samskiptatækni greindi frá þeim tækjabúnaði sem er í stofnuni. Stofa er best tækjum búin til fjarkennslu í Háskólanum á Akureyri.

Að þessu loknu afhenti Þorsteinn nýjum rektor, Stefáni B. Sigurðssyni lyklavöldin að Háskólanum á Akureyri en Stefán tók formlega til starfa 1. júlí.



Stúdentar Háskólans á Akureyri skemmta sér á Ráðhústorgi á svokölluðu Sprellmóti þann 2. október. Þar fór fram hvatninga- og búningakeppni. Í hádeginu mátti sjá sjóræningja, hippa, prinsessur og fleiri furðuverur. Stúdentar héldu síðan út í sveit og kepptu þar í óhefðbundnum íþróttagreinum. Keppninni lauk með söngvakeppni milli deildarfélaga FÉSTAí Sjallanum.



Solveig Hrafnsdóttir náms- og kennsluráðgjafi, Þorsteinn Gunnarsson rektor og Stefán Jóhannsson sérfræðingur.

Föstudaginn 19. júní var haldið kveðjuhóf fyrir Þorstein Gunnarsson sem hafði þá gegnt starfi rektors HA í fimmtán ár. Veislan fór fram í ókláruðum hátíðarsal nýbyggingarinnar á Sólborg. Rektor var leystur út með gjöfum og margir stigu á stokk og rifjuðu upp kynnin af Þorsteini.





Þann 25. apríl fór fram minningarathöfn í Akureyrarkirkju um Harald Bessason, fyrrum rektor Háskólans á Akureyri, en hann lést í Toronto 8. apríl þar sem hann bjó ásamt eiginkonu sinni Sigrúnu Björgvinsdóttur. Haraldur var fyrsti rektor HA og stýrði háskólanum á uppbyggingarárum hans frá 1987 til 1994. Haraldur gegndi síðan stöðu prófessors í íslensku í kennaradeild frá 1994 til 2001. Haraldur Bessason var kjörinn fyrsti heiðursdoktor við Háskólann á Akureyri við brautskráningarathöfn 10. júní 2000. Haraldur var afkastamikill fræðimaður og rithöfundur og ógleymanlegur öllum sem honum kynntust.





Frá vinstri Rósa B. Eggertsdóttir sérfræðingur á Miðstöð skólaþróunar, Stefán B. Sigurðsson rektor og Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra.



Torfhildur S. Þorgeirsdóttir deildarstjóri í kennaradeild.

Frá árinu 1965 hafa Sameinuðu þjóðirnar helgað 8. september málefnum læsis. Markmiðið er að vekja athygli á mikilvægi læsis og hvetja til aukins lestrar.

Skólaþróunarsvið HA hefur frá stofnun þess 1999 unnið að málefnum læsis. Sviðið mun mun hér eftir standa fyrir dagskrá sem tengist læsi ár hvert. Amtsbókasafnið á Akureyri og Bókasafn HA komu til samstarfs við Skólaþróunarsvið við undirbúning dagskrár Dags læsis 2009. Meðal annars lásu starfsmenn og nemendur HA upphátt hver fyrir aðra víðs vegar um húsakynni háskólans.

# EITT OG ANNAÐ

Dagana 12.-22. október fékk HA heimsókn nemenda frá Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-FTP). Tilgangurinn ferðarinnar var að kynna íslenskan sjávarútveg fyrir nemendum með heimsóknum í fyrirtæki og fyrirlestrum.

Nemendur Sjávarútvegsskólans er 19 talsins og koma frá Belís, Grænhöfðaeyjum, Fiji,

Jamaica, Kamerún, Kína, Madagaskar, Mósambík, Namibíu, Norður Kóreu,

Saint Vincent og Grenadines, Sierra Leone, Srí Lanka, Suður Afríku og Úganda.

Háskólinn á Akureyri (HA) og Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-FTP) hafa átt í samstarfi frá árinu 1998 eða frá stofnun Sjávarútvegsskólans. Á hverju ári dvelja 4-6 nemendur Sjávarútvegsskólans á Akureyri og njóta leiðsagnar kennara HA við gerð lokaverkefna.



Hópur nemenda frá Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna í heimsókn. Fremst eru frá vinstri Helgi Gestsson lektor, Ársæll Már Arnarsson dósent og Ögmundur Knútsson dósent.



Fyrsti blaðamannafundur nýrrar ríkisstjórnar var haldinn í húsakynnum Háskólans á Akureyri 11. maí. Ríkisstjórnin byrjaði á því að halda sinn fyrsta ríkisstjórnarfund í Ráðhúsi Akureyrarbæjar en kom svo í háskólann og svaraði spurningum blaðamanna.

Starfsfólk Háskólans á Akureyri fjölmennti á fundinn enda í fyrsta skipti sem ríkisstjórn Íslands fundar utan höfuðborgarsvæðisins og því um merkisviðburð að ræða.Á fundinum kynnti ríkisstjórnin nýja sóknaráætlun fyrir alla landshluta.





Sumarsólstöðuhátíð starfsfólks HA var haldin á Végeirsstöðum í Fnjóskadal 25. júní. Þar koma árlega saman ungir og gamlir í skjólsælum skógarlundunum. Grillþjónusta Greifans sá um að grilla ofan í mannskapinn og kom ekki að sök þótt grillveður væri ekki með besta móti. Þrátt fyrir rigninguna var ferðin vel heppnuð og ungviðið á staðnum skemmti sér í leikjum eftir matinn.



Erlendur Steinar Friðriksson verkefnastjóri fjarkennslu, Inga Margrét Birgisdóttir, Ingibjörg Hulda og Ólafur Helgi.

Þann 21. febrúar fór Háskóladagurinn fram í Ráðhúsi Reykjavíkur, Háskóla Íslands og Norræna húsinu. Í Háskóla Íslands og Ráðhúsinu kynntu allir íslensku háskólarnir námsframboð sitt og í Norræna húsinu var kynning á framhaldsnámi í Danmörku og Svíþjóð. Dagurinn þótti heppnast vel í alla staði og var vel sóttur, sérstaklega af ungu fólki. Háskólinn á Akureyri með kynningarbás í Ráðhúsinu þar sem myndin var tekin.

Síðan voru íslensku háskólarnir með sameiginlega kynningu í Menntaskólanum á Ísafirði 3. mars.



# ÁRSREIKNINGUR 2009

## Skipting kostnaðar




| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| Launagjöld | 71,83% | 1.210.082 |
| Húsnæðiskostnaður | 9,61% | 161.845 |
| Skrifst.- og stjórnunarkostn. | 4,81% | 81.002 |
| Funda- og ferðakostnaður | 3,25% | 54.719 |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 5,02% | 84.568 |
| Annar rekstrarkostnaður | 3,76% | 63.288 |
| Eignakaup | 1,09% | 18.382 |
| Annað | 0,63% | 10.656 |
| | | **1.684.543** |

## Rekstrarreikningur árið 2009

| | | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| | Innritunargjöld | 56.021.845 | 49.843.750 |
| | Framlög og styrkir | 135.504.956 | 153.907.506 |
| | Aðrar tekjur | 121.381.209 | 121.819.239 |
| | | **312.908.010** | **325.570.495** |
| **Gjöld** | | | |
| | Laun og launatengd gjöld | 1.210.082.115 | 1.158.762.606 |
| | Húsnæðiskostnaður | 161.844.833 | 136.059.158 |
| | Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 81.002.245 | 86.301.073 |
| | Funda- og ferðakostnaður | 54.719.333 | 86.134.919 |
| | Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 84.568.161 | 72.941.081 |
| | Annar rekstrarkostnaður | 63.287.576 | 50.761.248 |
| | Tilfærslur | 10.656.288 | 24.424.299 |
| | | **1.666.160.551** | **1.615.384.384** |
| | Eignakaup | 18.382.485 | 18.078.580 |
| | | **1.684.543.036** | **1.633.462.964** |
| **Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármunatekjur** | | (-1.371.635.026) | (-1.307.892.469) |
| Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) | | 6.083.001 | 1.820.667 |
| **Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag** | | (-1.365.552.025) | (-1.306.071.802) |
| Ríkisframlag | | 1.388.065.700 | 1.540.444.119 |
| **Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins** | | **22.513.675** | **234.372.317** |





## Skipting tekna




| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| Innritunargjöld | 3,3% | 56.022 |
| Aðrar tekjur | 7,5% | 127.464 |
| Framlög | 7,9% | 135.505 |
| Ríkisframlag | 81,3% | 1.388.066 |
| | | **1.707.057** |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2009

| | | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| | Áhættufjármunir | | |
| | Eignarhlutir í félögum | 14.000.000 | 14.000.000 |
| | | 14.000.000 | 14.000.000 |
| | **Veltufjármunir** | | |
| | Viðskiptakröfur | 67.395.995 | 81.029.500 |
| | Handbært fé | 90.053.601 | 45.322.863 |
| | | 157.449.596 | 126.352.363 |
| | **Eignir alls** | **171.449.596** | **140.352.363** |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| | **Höfuðstóll:** | | |
| | Höfuðstóll í ársbyrjun | (101.684.542) | (336.056.859) |
| | Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins | 22.513.675 | 234.372.317 |
| | **Höfuðstóll** | **(79.170.867)** | **(101.684.542)** |
| | **Eigið fé** | **(79.170.867)** | **(101.684.542)** |
| **Skuldir** | | | |
| | Skammtímaskuldir | | |
| | Ríkissjóður | 224.860.420 | 226.608.423 |
| | Viðskiptaskuldir | 25.760.043 | 15.428.482 |
| | Skuldir | 250.620.463 | 242.036.905 |
| **Eigið fé og skuldir** | | **171.449.596** | **140.352.363** |

# BRAUTSKRÁNING 13. JÚNÍ 2009

Háskólinn á Akureyri brautskráði 288 kandídata á háskólahátíð 13. júní. Af þessum hópi voru 73 sem hafa stundað fjarnám fyrir milligöngu háskólasetra og símenntunarmiðstöðva á 11 stöðum á landinu.

Þorsteinn Gunnarsson rektor brautskráði kandídata í síðasta sinn, en hann lét af störfum 30. júní.

Forseti Íslands var viðstaddur brautskráninguna og einnig Stefán B. Sigurðsson, nýskipaður rektor, sem tók til starfa 1. júlí.

Á háskólahátíð veitti rektor í fyrsta sinn viðurkenningu til starfsmanns fyrir árangur í starfi. Sigurður Bjarklind, aðjúnkt á heilbrigðisvísindasviði, tók á móti viðurkenningu fyrir framúrskarandi kennslu.

Flestir kandídatar voru brautskráðir frá hug- og félagsvísindadeild eða 155. Frá viðskipta- og raunvísindadeild brautskráðust 69 kandídatar, og frá heilbrigðisvísindadeild 64.

Brautskráning var sem hér segir:

| | |
|---|---|
| B.S. próf í hjúkrunarfræði | 38 |
| B.S. próf í iðjuþjálfunarfræði | 19 |
| Dipl.Sc. í heilbrigðisvísindum | 4 |
| M.S. próf í heilbrigðisvísindum | 3 |
| B.S. próf í líftækni | 4 |
| B.S. próf í sjávarútvegsfræði | 4 |
| B.S. próf í umhverfis- og orkufræði | 1 |
| M.S. próf í auðlindafræði | 6 |
| B.S. próf í tölvunarfræði | 7 |
| B.S. próf í viðskiptafræði | 42 |
| M.S. próf í viðskiptafræði | 5 |
| B.A. próf í fjölmiðlafræði | 6 |
| B.A. próf í nútímafræði | 2 |
| B.A. próf í samfélags- og hagþróunarfræði | 2 |
| B.A. próf í sálfræði | 10 |
| B.A. próf í þjóðfélagsfræði | 1 |
| B.Ed. próf í leikskólakennarafræði | 17 |
| B.Ed. próf í grunnskólakennarafræði | 26 |
| Kennslufræði til kennsluréttinda | 46 |
| Dipl.Ed. í menntunarfræði | 13 |
| M.Ed. próf í menntunarfræði | 10 |
| B.A. próf í lögfræði | 12 |
| Diploma í heimskautarétti | 4 |
| M.L. próf í lögfræði | 6 |

**Viðurkenningu fyrir afburða námsárangur hlutu:**

Auðlindafræði – Jón Ingi Björnsson
Félagsvísindi – Hjörtur Ágústsson
Grunnskólakennarafræði – Þjóðbjörg Gunnarsdóttir
Hjúkrunarfræði – Kristín Katla Swan
Iðjuþjálfunarfræði – Eyrún Björk Pétursdóttir
Leikskólakennarafræði – Eva Hrönn Jónsdóttir
Lögfræði – Agnes Björk Blöndal
M.L. lögfræði – Birna Ágústsdóttir
Tölvunarfræði – Jenny Schulze
Viðskiptafræði – Helena Guðrún Bjarnadóttir.

**Brautskráðir frá upphafi**

| Deild | 2009 | Samtals |
|---|---|---|
| Auðlindadeild | | 49 |
| Félagsvísinda- og lagadeild | 43 | 221 |
| Heilbrigðisdeild | 64 | 693 |
| Kennaradeild | 113 | 1.257 |
| Viðskipta- og raunvísindadeild | 69 | 228 |
| Viðskipta-/Rekstrardeild | | 476 |
| Sjávarútvegsdeild | | 96 |
| Upplýsingatæknideild | | 32 |
| **Samtals** | **289** | **3.052** |






Háskólinn á Akureyri



# BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS

Ræða Þorsteins Gunnarssonar, rektors Háskólans á Akureyri, á háskólahátíð við brautskráningu 13. júní 2009.

**I.**

Forseti Íslands, kæru kandídatar, ráðherrar, alþingismenn, sveitarstjórnarmenn, ágæta samstarfsfólk og góðir gestir.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til þessarar árlegu háskólahátíðar Háskólans á Akureyri.

**II.**

Kæru kandídatar.

Í Skólakveðju Matthíasar Jochumssonar segir:

> Norðurland, hér þín gifta, þinn gróður,
> gáfur og framtíðarnægð;
> héðan skal spretta þinn ófæddi óður,
> afrek og skínandi frægð.

Ég vil tileinka ykkur ljóðlínur skáldsins á Sigurhæðum Akureyrar, nú þegar leiðir ykkar og háskólans skilja. Ég vonast til að þið farið héðan með bjartsýni og þor í huga. Þannig vinnast þau afrek sem skáldið kvað um. Þannig sprettur ykkar ófæddi óður, ykkar sem standið á tímamótum þeirrar lærdómsbrautar sem framtíðarstörf krefjast. Ykkar sem eigið það verk fyrir höndum að skipa forystusveit þess góða samfélags sem við viljum byggja. Samfélag visku, félagsskapar og dyggðar. Samfélag einstaklingsfrelsis til ábyrgra athafna. Samfélag lýðræðis, gagnrýnnar hugsunar og gagnsæis. Samfélag jafnréttis og réttlætis.

Þið skipið glæsilegan hóp 288 kandídata sem brautskrást frá Háskólanum á Akureyri vorið 2009. Eins og oft áður eru konur þar í miklum meirihluta eða 226 á móti 63 körlum.

Líkt og þið eruð hreykin af þeim áfanga sem þið fagnið í dag er háskólinn stoltur af ykkur. Þið eruð glæsilegur vitnisburður um Háskólann á Akureyri.

Þessi brautskráning er fyrst og síðast gleðidagur ykkar sem eruð að ljúka markverðum áfanga í lífinu. Ykkar er dagurinn. Nú takið þið við vitnisburði um þau góðu verkefni sem þið hafið innt af hendi.

Fyrir okkur starfsmenn Háskólans á Akureyri er gleðin blendin því við horfum á bak tryggum og metnaðarfullum hópi.

Senn skipið þið þann sterka og trausta hóp fyrrum nemenda háskólans sem hvetja til áframhaldandi starfa og uppbyggingar.

**III.**

Þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður hefur háskólastarfið á þessu skólaári einkennst af þrótti og uppbyggingu.

Í heilbrigðisdeild hefur áfram verið unnið að eflingu framhaldsnáms í heilbrigðisvísindum og eflingu grunnnáms í hjúkrunarfræði og iðjuþjálfun. Þannig hóf deildin fjarnám í iðjuþjálfun sl. haust. Aldrei fyrr hefur verið meiri aðsókn í nám í hjúkrunarfræði og iðjuþjálfun.

Rannsóknarstarfsemi í heilbrigðisdeild er öflug og rannsóknir unnar í samstarfi við erlenda og innlenda aðila. Rannsóknarverkefni þar sem stöðluð matstæki eru þróuð, þýdd og aðlöguð að íslenskum veruleika eru áberandi innan deildarinnar og má þar nefna alþjóðlegt verkefni um líðan fólks með stóma.

Í hug- og félagsvísindadeild var ákveðið að bjóða upp á rannsóknartengt meistaranám við félagsvísindaskor frá og með haustmisseri 2009.

Í lagaskor deildarinnar var í fyrsta sinn starfrækt alþjóðlegt meistaranám í lögfræði með áherslu á heimskautarétt. Náminu var komið á fót með stuðningi frá utanríkisráðuneyti, enda kalla áherslur Íslands í utanríkismálum á þá sérfræðiþekkingu og þau faglegu tengsl sem námið skapar. Einn af velunnurum háskólans, Arngrímur Jóhannsson, hefur veitt nemendum veglega styrki til þessa náms.

Í kennaraskor deildarinnar var unnið ötullega að endurskipulagningu kennaranáms á grundvelli nýrra laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Lögin gera kröfu um fimm ára háskólanám í stað þriggja áður. Þeir sem hefja grunnnám haustið 2009 munu fylgja námskrá til fimm ára sem skiptist í þriggja ára nám á bakkalárstigi og tveggja ára nám á meistarastigi.

Í hug- og félagsvísindadeild voru sem fyrr stundaðar miklar

# BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS

og fjölbreyttar rannsóknir, enda rúmar deildin afar vítt fræðasvið. Sem dæmi um gróskumiklar rannsóknir í deildinni má nefna að nýverið var hleypt af stokkunum viðamiklu rannsóknarverkefni, sem styrkt er af rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar og snýst um að meta samfélagsleg áhrif jarðganganna um Héðinsfjörð.

Í viðskipta- og raunvísindadeild er virkt samstarf við margar rannsóknarstofnanir. Eitt dæmi um þetta samstarf er Rannsóknarstofa í sameindaerfðafræði sem var stofnuð með samstarfssamningi háskólans og Náttúrufræðistofnunar á skólaárinu.

Innan deildarinnar var komið á fót Sjávarútvegsmiðstöð í apríl sl. með stuðningi sjávarútvegsráðuneytisins. Markmið hennar er að styrkja hlutverk háskólans á sviði menntunar og rannsókna tengdum sjávarútvegi.

Kennarar deildarinnar taka í auknum mæli þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum. Sem dæmi má nefna að háskólinn stýrir umfangsmiklu verkefni sex rannsóknarstofnana í fjórum Evrópulöndum. Áætluð velta verkefnisins sem tilheyrir sjöttu rammaáætlun Evrópusambandsins er um 70.000.000 kr.

Viðskipta- og raunvísindadeild brást með myndarlegum hætti við tilmælum menntamálaráðherra um að bjóða upp á sumarnámskeið fyrir stúdenta sem ekki hefðu tækifæri á vinnu í sumar. Viðskiptaskor deildarinnar gekk til samstarfs við viðskiptadeild Háskóla Íslands um að kenna ellefu námskeið sem nemendur beggja skóla gætu tekið þátt í yfir sumarið.

Í öllum deildum háskólans er unnið ötullega að eflingu fjarnáms. Háskólinn á Akureyri ætlar sér að vera áfram í fararbroddi uppbyggingar fjarnáms þannig að nemandi geti stundað nám sitt óháð stað og tíma. Í þeirri vinnu er haft að leiðarljósi að líta ekki á framtíðarnámsframboð sem staðarnám og fjarnám heldur að nám við háskólann sé boðið með hámarks sveigjanleika fyrir alla nemendur.

### IV.

Nú brautskrást alls 288 kandídatar frá Háskólanum á Akureyri. Af þessum hópi hafa margir stundað fjarnám fyrir milligöngu háskólasetra og símenntunarmiðstöðva á ellefu stöðum á landinu. Flestir koma frá Reykjanesbæ, Hafnarfirði, Selfossi og Ísafirði. Fjarnemendurnir sem hér brautskrást eiga sérstakt hrós skilið. Það er afrek að stunda nám víðs vegar um landið fjarri móðurskipinu, hvað þá samhliða vinnu sem oft er raunin.

Ég vil þakka forsvarsmönnum og starfsfólki símenntunarmiðstöðva og háskólasetra kærlega fyrir mjög árangursríkt og ánægjulegt samstarf við uppbygginguna fjarnámsins.

Skipting brautskráðra eftir deildum er sem hér segir: heilbrigðisdeild 64, hug- og félagsvísindadeild 155 og viðskipta- og raunvísindadeild 69. Ég vil geta þess sérstaklega að í dag er Háskólinn á Akureyri í fyrsta sinn að brautskrá fimm kandídata með M.S. próf í viðskiptafræði.

### V.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að það hefur dimmt yfir íslenskum efnahag um stund og hér hefur orðið brestur í samfélagsgerð okkar sem þarf að bæta fyrir. Einhver ykkar kunna að vera uggandi um framtíðina vegna þeirra verkefna sem bíða okkar í uppbyggingarstarfi vegna efnahags þjóðarinnar.

Hér er ég bjartsýnismaður. Ég vil ekki hljóma yfirlætislega, en ég trúi því að við munum vinna vel úr þeim áföllum sem við höfum orðið fyrir. Þessi þjóð hefur séð meiri harðindi.

Ég trúi því að við höfum félagslegan styrk, aðlögunarhæfni og sveigju til að byggja upp. Mótlætið verður þannig meðbyr í seglin. Við þá iðju er þó nauðsynlegt að samfélagsleg gildi eins og jafnrétti og réttlæti verði endurvakin bæði í orðum og gjörðum manna.

Erfiðir tímar gefa líka tækifæri. Við sem þjóð búum yfir eiginleikum og verðmætum sem verða ekki frá okkur tekin svo sem tungumáli, menningu og hugviti. Með þessa eiginleika að vopni byggjum við upp mannlíf og atvinnulíf framtíðarinnar hér á landi. Þar þurfum við að líta til sjálfbærra atvinnugreina sem skapa gjaldeyri, m.a. sjávarútvegs, endurnýjanlegra orkugjafa og ferðamennsku. Þessi atvinnustarfsemi þarf að nærast á meiri nýsköpun og hugviti.





Ágætu kandídatar, hér hafið þið verk að vinna.

Það er litið til þess krafts og þekkingar sem háskólarnir búa yfir til að efla nýsköpun og skapa ný atvinnutækifæri. Sú starfsemi sem fram fer í háskólunum, þ.e. kennsla, rannsóknir og þjónusta er ein af undirstöðum frelsis og sjálfstæðis þjóðarinnar. Sú undirstaða felst ekki síst í því að atvinnulíf framtíðarinnar nýti þá þekkingu sem er innan háskólanna til að skapa ný störf og auka verðmætasköpun. Inni í háskólunum og víðs vegar hjá fólkinu í landinu bíða hugmyndirnar þess að verða beislaðar til að byggja upp atvinnulíf framtíðarinnar. Svo dæmi séu tekin af margvíslegri nýsköpun innan Háskólans á Akureyri vil ég nefna rannsóknir prófessors Hjörleifs Einarssonar á sviði hagnýtrar örverufræði og prófessors Jóhanns Örlygssonar á sviði orkulíftækni. Rannsóknarniðurstöður þeirra hafa bæði leitt til stofnunar sprotafyrirtækja og þess að önnur fyrirtæki í rekstri hagnýti sér þær. Á stuttum tíma hafa þannig orðið til a.m.k. 20 ársverk víða um land sem byggjast á rannsóknarstarfi þessara tveggja prófessora.

Þetta sýnir að fjárfesting í menntun og rannsóknum skilar beinum arði til samfélagsins, skapar verðmæti og störf. Á þeim óvissutímum sem nú eru í efnahagslífi þjóðarinnar er mikilvægt að standa vörð um menntun og rannsóknir. Þar er falinn sá vegvísir sem vísar leiðina úr þeirri kreppu sem þjóðin er stödd í.

### VI.

Á síðustu árum hefur aukinn kraftur færst í umræðu um sameiningu háskóla. Þetta er skiljanlegt, því nýta verður almannafé af ráðdeild og tryggja að háskólastofnanir geti haldið uppi þeim gæðum og rannsóknakröfum sem við viljum halda á lofti.

Þær hugmyndir sem fram komu hjá erlendum sérfræðihópi á dögunum um breytingar á háskólastiginu eru um margt áhugaverðar. Um margar þeirra má þó segja að sumar áherslur þar eru of markaðsmiðaðar. Hlutverk háskóla er mun víðara en að þjóna markaðinum á hverjum tíma. Það má orða það svo að hlutverk háskóla sé að þjóna samfélaginu með því að mennta nemendur sína og með því að stunda sem fjölbreytilegastar rannsóknir. Auðvitað kemur það atvinnulífinu til góða að fá menntað vinnuafl og niðurstöður úr rannsóknum sem geta leitt af sér fyrirtæki. En það er bara hluti af því sem háskólar gera. Starfsemi háskólanna felur meðal annars einnig í sér að viðhalda og byggja upp innviði samfélagsins og iðka gagnrýna hugsun.

En ég vil vara sérstaklega við þeim hugmyndum í skýrslu sérfræðihópsins að öllum háskólum landsins verði steypt saman í tvo háskóla sem hefðu höfuðstöðvar sínar í nokkur hundruð metra fjarlægð frá hvor öðrum í Vatnsmýrinni í Reykjavík. Með því yrði öll sjálfstæð háskólastarfsemi á landsbyggðinni lögð af en komið yrði á fót óskilgreindum útibúum sem ættu allt undir miðstýrðu valdi höfuðstöðvanna í Reykjavík. Ég dreg í efa ágæti slíkrar útibúastarfsemi á landsbyggðinni.

Þegar draga þarf saman seglin verður tilhneiging rík til að spara og síðan leggja niður útibúin á meðan höfuðstöðvarnar halda sínum hlut eða jafnvel styrkjast.

Sérstaða Háskólans á Akureyri er mikil. Hann er sá eini utan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar sem býður upp á nám á fleiri en einu fræðasviði. Frá því að Háskólinn á Akureyri var stofnaður hafa rúmlega 3000 einstaklingar brautskráðst héðan. Samkvæmt könnun á afdrifum brautskráðra má gera ráð fyrir að um helmingur þessara einstaklinga, eða 1500, búi og starfi hér á Eyjafjarðarsvæðinu, 750 á höfuðborgarsvæðinu og 750 annars staðar á landinu. Einstaklingar sem menntaðir eru í háskólum í Reykjavík skila sér ekki í nægilegum mæli út fyrir Reykjavíkursvæðið. Starfsemi Háskólans á Akureyri er þannig ein forsenda þess að blómlegt atvinnulíf og þjóðlíf vaxi og dafni utan höfuðborgarsvæðisins. Hugmyndir um útibúavæðingu Háskólans á Akureyri eru því ekki aðeins skaðlegar fyrir Háskólann á Akureyri sem stofnun heldur eru þær ógnun við lífvænlega búsetu á landsbyggðinni.

En hvað er þá til ráða? Vel má hugsa sér að fækka háskólum þannig að tveir væru með höfuðstöðvar í Reykjavík og einn með sínar bækistöðvar á Akureyri.

Í annan stað, en óháð sameiningarumræðum, er nauðsynlegt að auka samstarf háskólanna og huga að verkaskiptingu og

# BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS

sérhæfingu þeirra. Ef litið er á námsframboð þá er mikil skörun í námsframboði Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Stjórnvöld og stjórnendur háskóla verða að spyrja sig erfiðra spurninga eins og þeirrar hvort nauðsynlegt sé að bjóða upp á viðskiptafræði við fimm háskóla í landinu eða laganám við fjóra háskóla. Við mat á þessum atriðum þarf að hafa í huga þætti eins og gæði viðkomandi náms og að jafnrétti til náms án tillits til búsetu og efnahags sé virt.

Skynsamlegt er einnig að fjölga sameiginlegum prófgráðum innlendra sem erlendra háskóla. Dæmi um það eru nemendur RES - Orkuskóla á Akureyri sem útskrifast með sameiginlega meistaragráðu frá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands.

Áhersla á gæði menntunar og rannsókna er krafa um þátttöku í alþjóðasamfélaginu. Staðla og viðmið sækjum við æ meir í slíkt samstarf. Rannsóknarstarfsemi er í auknum mæli alþjóðleg. Þessi þátttaka mun meðal annars kalla á aukið framlag okkar, m.a. hvað varðar notkun erlendra tungumála.

Hér má heldur ekki gleyma þeirri staðreynd að íslenskir háskólar munu keppa í auknum mæli við erlendar háskólastofnanir. Samkeppnishæfi háskóla hér á landi mun í auknum mæli byggja á því hversu vel þeir sérhæfa sig á ólíkum fræðasviðum. Við þurfum að spyrja: Hvar liggur sérþekking okkar, frumkvæði og vilji til uppbyggingar? Hvert verður framlag okkar til annarra þjóða?

Í framtíðinni er líklegt að alþjóðleg háskólanet taki á sig sífellt sterkari mynd. Slík alþjóðleg háskólanet munu styrkja viðkomandi háskóla í ólgusjó aukinna samskipta og alþjóðavæðingar. Aðgangur að þeim netum mun byggja á þeirri sérhæfingu sem háskólarnir geta boðið.

**VII.**

Ágætu kandídatar.

Eins og ykkur er flestum kunnugt mun ég láta af störfum sem rektor Háskólans á Akureyri um næstu mánaðamót eftir fimmtán ára starf.

Ég er líkt og þið, kæru kandídatar, að útskrifast. Þetta er þannig mitt burtfararpróf.

Það er háskólanum mikilvægt að endurnýjun verði í forystusveit hans með reglulegu millibili. Ég tók því ákvörðun um að nú væri mál að linnti. Nýir menn ættu að fá tækifæri að koma að stjórnun háskólans.

Á þessum tímamótum vil ég minnast fyrsta rektors háskólans, Haraldar Bessasonar, sem lést í apríl sl., með virðingu og þakklæti fyrir hans farsælu stjórnun á háskólanum fyrstu sjö árin sem hann starfaði. Ég vil einnig bjóða Stefán B. Sigurðsson velkominn sem næsta rektor Háskólans á Akureyri og óska honum alls velfarnaðar í þessu mikilvæga starfi.

Reynslunni ríkari kveð ég. Síðastliðin fimmtán ár sem háskólarektor hafa verið mér gefandi en þau voru ekki alltaf auðveld. Þetta hefur verið tími átaka, tími mistaka, tími sigra og tími ósigra.

Það hefur oft gefið á bátinn í rekstri og uppbyggingu háskólans. Sjógangurinn hefur verið svo mikill á stundum að erfitt var að stíga ölduna. Við slíkar aðstæður kom oft til erfiðra en nauðsynlegra ákvarðana.

Mestu vonbrigði mín sem rektors er það óréttlæti sem viðgengst í útdeilingu fjármagns til háskóla eftir rekstrarformi. Bæði ríkisháskólarnir og einkaskólarnir fá sambærilegar fjárveitingar til kennslu en því til viðbótar heimila stjórnvöld einkaskólunum að auka tekjur sínar með því að leggja skólagjöld á nemendur sem eru svo niðurgreidd úr ríkissjóði með skólagjaldalánum. Þetta er óheilbrigt fjárveitingakerfi sem ógnar jafnrétti til náms. Ég trúi því að þetta hafi staðið uppbyggingu Háskólans á Akureyri fyrir þrifum.

En það eru mun fleira jákvætt sem stendur upp úr eftir fimmtán ára starf. Það eru ekki mín verk heldur þeirrar öflugu liðsheildar sem skapað hefur Háskólann á Akureyri. Ég er stoltur af þeirri liðsheild:

Ég er stoltur af því að Háskólinn á Akureyri hefur gefið meira en þrjú þúsund Íslendingum kost á að ljúka háskólanámi sem margir hverjir höfðu áður ekki möguleika á vegna búsetu sinnar eða annarra aðstæðna. Mér hefur þótt vænt um það þakklæti sem margir þessara nemenda og aðstandenda þeirra hafa sýnt fyrir að hafa fengið þetta tækifæri.

Ég er stoltur af því að Háskólinn á Akureyri er frumkvöðull í því að koma á fót RES - Orkuskóla sem kemur íslenskri þekkingu á vistvænum orkugjöfum á framfæri við alþjóðasamfélagið sem er í mikilli þörf fyrir þessa þekkingu sem mótvægi við loftslagsbreytingar í heiminum.

Ég er stoltur af því að Háskólinn á Akureyri var frumkvöðull í að byggja upp þekkingu á málefnum norðurslóða hér á landi. Nú er öllum orðið ljóst mikilvægi norðurslóða fyrir íslenskt samfélag og reyndar fyrir heiminn allan.

Ég er stoltur af því samfélagshlutverki sem Háskólinn á Akureyri hefur gegnt í umbreytingu bæjarfélagsins á Akureyri. Hann hefur reynst menntabænum og Norðurlandi öllu lyftistöng, verið aflstöð nýrra hugmynda og leiðarljós uppbyggingar á landsbyggðinni.

Og síðast en ekki síst er ég stoltur af því að hafa fengið tækifæri til að vinna með þeim öfluga hópi kennara, starfsfólks og nemenda sem hefur gert Háskólann á Akureyri að þeirri sterku stofnun sem hann er í dag. Ég er þakklátur fyrir þá alþjóðlegu viðurkenningu sem starf Háskólans á Akureyri hefur fengið. Mér þykir vænt um það samfélag sem háskólann byggir. Menn skilja að skólinn þarf varðstöðu og samstöðu.

Ágætu kandídatar.

Skáldið á Sigurhæðum Akureyrar var ekki einungis afburðaskáld, heldur einnig víðlesinn og víðförull afburðamaður. Hann var allt í senn ritstjóri, prestur, forystumaður í bæjarfélaginu og athafnamaður til verka.

Eftir hann liggur ógrynni kvæða. En það sem meiru skiptir er sá vísdómur sem hörð lífsreynsla virðist hafa kennt honum. Átök og erfitt veraldarvafstur bugaði hann ekki, heldur varð honum hvatning til góðra verka og trúar á manninn og Guð.

Orð Matthíasar til gagnfræðinga á Akureyri haustið 1909 eiga einnig erindi til ykkar:

Margt er að læra, ljúfu menntavinir,
En listin æðst er þó að verða menn,
sem reynast sinna þjóða heilla-hlynir,
því harðar skúrir bíða Snælands enn.
Gott er að fljúga, vinna veröld hálfa,
Og verða mikill hver í sinni byggð.
En mest er vert, að sigra vel sig sjálfa
Með sannri visku, félagsskap og dygð.

Ágætu kandídatar.

Ég vil þakka ykkur fyrir gott samstarf á vegferð með Háskólanum á Akureyri.

Hér á eftir verður ykkur afhentur vitnisburður um námsárangur. Líkt og í fimmtán ár hvet ég ykkur, kandídata, að hafa hugfast að hvert sem leiðin liggur, til starfa eða framhaldsnáms, verður háskólinn metinn eftir menntun ykkar hér.

Fyrir hönd Háskólans á Akureyri óska ég ykkur og fjölskyldum ykkar til hamingju. Ég óska ykkur velfarnaðar í því starfi, námi og lífi sem bíður ykkar.

Háskólaráði, nemendum, deildarforsetum, kennurum og öðru starfsfólki Háskólans þakka ég gott og árangursríkt samstarf undanfarin fimmtán ár. Munum einnig þann stóra hóp utan hins hefðbundna háskólasamfélags sem hefur með skilningi og áhuga stutt við Háskólann á Akureyri og haft metnað fyrir hönd hans. Þar vil ég sérstaklega þakka forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, ráðherrum menntamála, alþingismönnum og bæjarstjórn Akureyrarbæjar.

Ég skal viðurkenna að síðustu fimmtán árin hefur háskólinn skipað stærri sess í lífi mínu en ég átti von á að nokkur stofnun gæti gert. Hann tók mig með töfrum.

Og svo í lokin - nokkuð sem má ekki gleymast við eigin útskrift: Ég þakka fjölskyldu minni fyrir tillitssemina og stuðninginn síðustu fimmtán ár meðan rektorsvaktin hefur staðið. Andvökum og álagi hefur verið mætt af mikilli rósemi konu minnar, Árþóru Ágústsdóttur. Hún skildi mikilvægið.

**Lifið heil. Megi viska, gæfa og hamingja fylgja ykkur öllum.**



Ljósmynd: Páll A. Pálsson

Brautskráðir kandídatar 13. júní 2009 ásamt rektor og deildarforsetum.

# BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR 13. JÚNÍ 2009

## HEILBRIGÐISDEILD

**B.S. próf í hjúkrunarfræði**
Andrea Klara Hauksdóttir
Axel Wilhelm Einarsson
Barbara Ösp Ómarsdóttir
Berglind Sigurðardóttir
Berglind Skúladóttir
Björg Alexandersdóttir
Bryndís Hulda Pétursdóttir
Brynja Vignisdóttir
Elín Anna Hreinsdóttir
Ester Jóhannsdóttir
Eva Mjöll Sigurbjörnsdóttir
Eygló Brynja Björnsdóttir
Eygló Anna Tómasdóttir
Eyrún Guðjónsdóttir
Gerður Garðarsdóttir
Guðfinna Eðvarðsdóttir
Guðlaug Gunnarsdóttir
Guðlaug Heiðdís Sveinsdóttir
Guðný Birna Guðmundsdóttir
Hafdís Lilja Guðlaugsdóttir
Heiðdís Dögg Sigurbjörnsdóttir
Helena Hrund Jónsdóttir
Hildur Dís Kristjánsdóttir
Hulda Dóra Þorgeirsdóttir
Ingibjörg Ýr Óskarsdóttir
Jóhanna Rós F. Hjaltalín
Kristín Guðmundsdóttir
Kristín Katla Swan
Margrét Björnsdóttir
Margrét Ingþórsdóttir
Petra Halldórsdóttir
Rebekka Laufey Ólafsdóttir
Sigríður Guðmundsdóttir
Soffía Kristjánsdóttir
Steinunn Guðlaug Skúladóttir
Svala Berglind Robertson
Þóra Gunnarsdóttir
Þóra Bryndís Hjaltadóttir

**B.S. próf í iðjuþjálfunarfræði**
Arnþrúður Eik Helgadóttir
Björg Jónína Gunnarsdóttir
Brynhildur Guðmundsdóttir
Eva Einarsdóttir
Eyrún Björk Pétursdóttir
Guðjón Benediktsson
Guðríður Erna Guðmundsdóttir
Guðrún Linda Guðmundsdóttir
Guðrún Þorvaldsdóttir
Hrefna Óskarsdóttir
Ingibjörg Anna Björnsdóttir
Kristín Vilhjálmsdóttir
Ragnheiður Reykjalín Magnúsdóttir
Ragnheiður Ragnarsdóttir
Rakel Anna Másdóttir
Rósa Gunnsteinsdóttir
Sigrún Jóna G. Eydal
Sigurður Hólm Gunnarsson
Unnur María Þorvarðardóttir

**Dipl.Sc. í heilbrigðisvísindum (60 ECTS)**
Eydís Birta Jónsdóttir
Halla Eiríksdóttir
Kári Ellertsson
Valgerður Jónsdóttir

**M.S. próf í heilbrigðisvísindum (120 ECTS)**Hólmfríður Margrét Bjarnadóttir
Unnur Árnadóttir
Unnur Pétursdóttir

## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDADEILD

**B.A. próf í fjölmiðlafræði**
Hafdís Ársælsdóttir
Hjalti Þór Hreinsson
Kristín Elísabet Gunnarsdóttir
Reynir Albert Þórólfsson
Sóley Björk Stefánsdóttir
Þorgeir Rúnar Finnsson

**B.A. próf í nútímafræði**
Bára Jóhannesdóttir
Hjörtur Ágústsson

**B.A. próf í samfélags- og hagþróunarfræði** Anna Þorsteinsdóttir
Sölmundur Karl Pálsson

**B.A. próf í sálfræði**
Anna Guðlaug Gísladóttir
Hafþór Óskarsson
Hjalti Jónsson
Ingibjörg Sigr. Hjartardóttir
Linda Rós Rögnvaldsdóttir
Margrét Eiríksdóttir
Margrét Hannesdóttir
Sigríður Klara Sigfúsdóttir
Valdimar Heiðar Valsson
Þórdís Gísladóttir

**B.A. próf í þjóðfélagsfræði**
Atli Hafþórsson

**B.Ed. próf í leikskólakennarafræði**
Aðalheiður Fanney Björnsdóttir
Birna Davíðsdóttir
Edda Lydia Þorsteinsdóttir
Elínborg Hallbjörnsdóttir
Eva Hrönn Jónsdóttir
Guðbjörg Steinunn Sigfúsdóttir
Guðný Hulda Ingibjörnsdóttir
Guðríður Anna Sveinsdóttir
Harpa Kristín Hlöðversdóttir
Hera Guðmundsdóttir
Hulda Björg Jónasdóttir
Ingunn Þormar
Katrín Jóhannesdóttir
Laufey Heimisdóttir
Selma Sigurðardóttir Malmquist
Soffía Gunnlaugsdóttir
Þórdís Guðrún Magnúsdóttir

**B.Ed. próf í grunnskólakennarafræði**
Andrea Eðvaldsdóttir
Anna Þorsteinsdóttir
Ágústa Berglind Hauksdóttir
Árni Davíð Haraldsson
Árni Stefán Hilmarsson
Elín Berglind Skúladóttir
Friðrik Ragnar Friðriksson
Guðbjörg Þóra Jónsdóttir
Guðmundur Albert Aðalsteinsson
Guðný Lára Gunnarsdóttir
Guðrún Hallfríður Bjarnadóttir
Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson
Haraldur Rúnar Sverrisson
Herdís Hermannsdóttir
Hilma Steinarsdóttir
Íris Ósk Tryggvadóttir
Jón Heimir Hreinsson
Jónas Bergmann Magnússon
Kolbrún Einarsdóttir
Lilja Dögg Bjarnadóttir
Linda Björk Sveinsdóttir
Magnea Guðrún Karlsdóttir
Magnús Jón Hilmarsson
Stella Aradóttir
Sædís Eva Gunnarsdóttir
Tinna Hermannsdóttir
Þjóðbjörg Gunnarsdóttir

**Kennslufræði til kennsluréttinda á bakkalárstigi (30 ECTS)**
Aðalbjörg Bragadóttir
Álfheiður Karlsdóttir
Bragi Finnbogason
Eðvald Sveinn Valgarðsson
Eyjólfur Magnússon
Guðni Guðjónsson
Guðríður Elísa Vigfúsdóttir
Guðrún Björg Víkingsdóttir
Helgi Pálsson
Ingibjörg Valsdóttir
Kristín Petra Guðmundsdóttir
Sigrún Baldursdóttir
Sigurður Ingi Ragnarsson
Stefán Finnbogason
Sunna Hlín Jóhannesdóttir

**Kennslufræði til kennsluréttinda á bakkalárstigi (60 ECTS)**
Dögg Stefánsdóttir
Freyja Theresa Ásgeirsson
Guðrún Rúnarsdóttir
Harpa Birgisdóttir
Herdís Björk Þórðardóttir
Hildur Salína Ævarsdóttir
Hólmfríður Þorsteinsdóttir
Inga Björk Harðardóttir
Ísak Sigurjón Bragason
Kristján Sturluson
Kristján Bergmann Tómasson
Sigurlín Margét Grétarsdóttir
Soffía Margrét Hafþórsdóttir
Steinn Kristjánsson

**Kennslufræði til kennsluréttinda á meistarastigi (30 ECTS)**
Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir
Linda Sólveig Magnúsdóttir
Sjöfn Mueller Þór
Sólveig Hlín Sigurðardóttir
Stefanía G. Kristinsdóttir



**Kennslufræði til kennsluréttinda á meistarastigi (60 ECTS)**
Auður Jónasdóttir
Ása Sigurðardóttir
Guðrún Hjartardóttir
Helgi Viðar Tryggvason
Íris Dröfn Hafberg
Jónína Margrét Guðbjartsdóttir
Kolbrún Erla Pétursdóttir
Kristín Þorgeirsdóttir
Lilja Dögg Jónsdóttir Eldon
Margrét Ósp Stefánsdóttir
Nicoleta Lacramioara Jidiuc
Valgeir Jens Guðmundsson

**Dipl.Ed. í menntunarfræðum (30 ECTS)**
Anna Bryndís Skúladóttir
Maggý Hrönn Hermannsdóttir
Stella Rósa Gústafsdóttir

**Dipl.Ed. í menntunarfræðum (60 ECTS)**
Berglind Hlín Baldursdóttir
Elín Árnadóttir
Fanney Halldóra Kristjánsdóttir
Guðrún Ásta Guðjónsdóttir
Hafdís Guðlaug Skúladóttir
Hjördís Fenger
Katrín Guðrún Guðjónsdóttir
Kristín Sigurðardóttir
Margrét Hákonardóttir
Yrsa Hörn Helgadóttir

**M.Ed. próf í menntunarfræði (120 ECTS)**
Anna Birna Einarsdóttir
Baldur Daníelsson
Bjargey Gígja Gísladóttir
Bryndís Arnardóttir
Iðunn Antonsdóttir
Ingibjörg Jóhannsdóttir
Ragnheiður Björk Þórsdóttir
Sigríður Kristjánsdóttir
Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir
Sverrir Haraldsson

**B.A. próf í lögfræði**
Aðalheiður Ámundadóttir
Agnes Björk Blöndal
Alena Ingvarsdóttir
Andrés Már Magnússon
Anna Jenný Jóhannsdóttir
Arnór Sigmarsson
Árni Sigurgeirsson
Drengur Óla Þorsteinsson
Húni Heiðar Hallsson
Jóna Benný Kristjánsdóttir
Sara Halldórsdóttir
Stefán Þór Hauksson

**Diploma í heimskautarétti (60 ECTS)**
Alena Ingvarsdóttir
Anna Aðalsteinsdóttir
Brynjar Helgi Ásgeirsson
Kári Fannar Lárusson

**M.L. próf í lögfræði (120 ECTS)**
Birna Ágústsdóttir
Bjarki Sigursveinsson
Dagný Rut Haraldsdóttir
Ingibjörg Björnsdóttir
Margrét Lilja Friðriksdóttir
Margrét Kristín Helgadóttir

## VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDADEILD

**B.S. próf í líftækni**
Arnheiður Rán Almarsdóttir
Ingólfur Bragi Gunnarsson
Matthildur Ingólfsdóttir
Þórunn Indíana Lúthersdóttir

**B.S. próf í sjávarútvegsfræði**
Halldór Pétur Ásbjörnsson
Jón Ingi Björnsson
Markús Jóhannesson
Sigurður Jóhann Ringsted

**B.S. próf í umhverfis- og orkufræði**
Helga Rakel Guðrúnardóttir

**M.S. próf í auðlindafræði (120 ECTS)**
Guðbjörg Stella Árnadóttir
Hilma Eiðsdóttir Bakken
Jón Eðvald Halldórsson
Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir
Rut Hermannsdóttir
Sigríður Helga Sigurðardóttir

**B.S. próf í tölvunarfræði**
Arnfríður Ingvarsdóttir
Jenny Schulze
Olga Romanovna Druzhinina
Páll Rúnar Gíslason
Snorri Guðjón Sigurðsson
Yeli Zhu
Ævar Karl Karlsson

**B.S. próf í viðskiptafræði - Fjármál**
Anna María Axelsdóttir
Ástráður Þorgils Sigurðsson
Bergvin Fannar Gunnarsson
Björgvin Guðmundsson
Fjóla Þorsteinsdóttir
Guðbjörg Ósk Hjartardóttir
Guðmundur Þorkell Eyjólfsson
Guðríður Sturludóttir
Helga Finnbogadóttir
Ingunn Hjaltalín Ingólfsdóttir
Izaar Arnar Þorsteinsson
Katrín Pálsdóttir
Nanna Hjálmþórsdóttir
Salome Rannveig Birgisdóttir
Sara Jóhannsdóttir
Sigríður Hulda Sigfúsdóttir
Skúli Páll Björnsson
Steina M. Lazar Finnsdóttir
Þuríður Sigurðardóttir

**B.S. próf í viðskiptafræði – Ferðaþjónusta**
Ingibjörg Jónsdóttir
Sara Ómarsdóttir

**B.S. próf í viðskiptafræði – Markaðsfræði**
Ásrún Benediktsdóttir
Bylgja Jóhannesdóttir
Guðleif Ósk Árnadóttir
Helena Guðrún Bjarnadóttir
Jóhannes Már Sigurðarson
Kristín Helgadóttir
Sigríður María Hammer
Sigrún Erla Valdimarsdóttir
Valdemar Valdemarsson

**B.S. próf í viðskiptafræði – Stjórnunarfræði**
Auður Jóna Erlingsdóttir
Edda Elísabet Egilsdóttir
Gerður Eðvarðsdóttir
Guðrún Elsa Gunnarsdóttir
Halla Björk Reynisdóttir
Hildur Hrund Hallsdóttir
Ingibjörg Jóhannsdóttir
Ingibjörg Þóra Sæmundsdóttir
Magnína G. Kristjánsdóttir
Margrét Melstað
Snjólaug Einarsdóttir
Þóra Einarsdóttir

**M.S. próf í viðskiptafræði – Alþjóðafjármál og bankastarfssemi (90 ECTS)**
Jakobína Edda Sigurðardóttir
Ragnheiður Sigurðardóttir

**M.S. próf í viðskiptafræði – Stjórnun í alþjóðlegu fyrirtækjaumhverfi (90 ECTS)**
Atli Kristjánsson
Eggert Þór Óskarsson
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir

# LOKAVERKEFNI

## HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

### Hjúkrunarfræði

**Andrea Klara Hauksdóttir, Ester Jóhannsdóttir og Hafdís Lilja Guðlaugsdóttir**
„Svo reynir maður alltaf að semja við almættið": upplifun aðstandenda af þjónustu við notendur innan sérhæfðrar deildar á geðsviði Landspítala.

**Axel Wilhelm Einarsson, Jóhanna Rós F. Hjaltalín, Margrét Björnsdóttir og Petra Halldórsdóttir**
Að fá og skilja upplýsingar: reynsla sjúklinga af þátttöku í undirbúningi og eftirmeðferð skurðaðgerðar.

**Barbara Ösp Ómarsdóttir, Bryndís Hulda Pétursdóttir, Elín Anna Hreinsdóttir**

**og Gerður Garðarsdóttir**
„Ég hafði hana og hún mig": bjargráð foreldra langveikra barna með hjartagalla.

**Berglind Sigurðardóttir**
Streita og vellíðan í lífi fólks með sykursýki.

**Berglind Skúladóttir, Björg Alexandersdóttir, Guðfinna Eðvarðsdóttir og Kristín Guðmundsdóttir**
Að spyrja er ekki bara að spyrja: forprófun spurningalista um upplifun kvenna af fæðingu.

**Brynja Vignisdóttir, Heiðdís Dögg Sigurbjörnsdóttir og Helena Hrund Jónsdóttir**
Þátttaka kvenna í leghálsskoðun og regluleg sjálfskoðun brjósta: er munur á milli fagstétta?

**Eva Mjöll Sigurbjörnsdóttir, Hulda Dóra Þorgeirsdóttir og Kristín Katla Swan**
Ristruflanir eftir skurð- og/eða geislameðferð vegna blöðruhálskirtilskrabbameins: ánægja með meðferð, áhrif á andlega líðan og fræðsla.

**Eygló Brynja Björnsdóttir, Guðlaug Heiðdís Sveinsdóttir, Sigríður Guðmundsdóttir og Þóra Bryndís Hjaltadóttir**
Eitt hjarta - eitt líf: hver er ávinningur einstaklinga með kransæðasjúkdóm af eftirfylgd hjúkrunarfræðinga á göngudeild hjartasjúklinga, lyflækningadeildar Sjúkrahússins á Akureyri?

**Eygló Anna Tómasdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Soffía Kristjánsdóttir**
„Ég vissi ekki í hvorn fótinn ég átti að stíga": áhrif geðrænna raskana á lífsstíl einstaklinga.

**Eyrún Guðjónsdóttir**
Þyngdarstuðull 65-88 ára einstaklinga á Norðurlandi.

**Guðlaug Gunnarsdóttir, Margrét Ingiþórsdóttir og Þóra Gunnarsdóttir**
Að fá stóma er hrein lífsgjöf: lífsgæði einstaklinga með bólgusjúkdóma í meltingarvegi.

**Hildur Dís Kristjánsdóttir og Ingibjörg Ýr Óskarsdóttir**
Áhrif slæmrar fjárhagsstöðu fjölskyldunnar á líkamlegt heilbrigði nemenda í 10. bekk.

**Rebekka Laufey Ólafsdóttir, Steinunn Guðlaug Skúladóttir og Svala Berglind Robertson**
„Maður var búinn að tapa..tapa slagnum": upplifun eftirlifandi maka af því að vera umönnunaraðili og reynsla þeirra af þjónustu frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

### Iðjuþjálfunarfræði

**Arnþrúður Eik Helgadóttir, Eyrún Björk Pétursdóttir og Ragnheiður Ragnarsdóttir**
„Glöggt er gests augað"; aðgengi að heilsugæslustöðvum í sveitarfélaginu Norðurþingi.

**Björg Jónína Gunnarsdóttir, Eva Einarsdóttir og Hrefna Óskarsdóttir**
„Það er enginn dagur eins": upplifun iðjuþjálfa af ánægju í starfi.

**Brynhildur Guðmundsdóttir, Kristín Vilhjálmsdóttir og Sigrún Jóna G. Eydal**
Dagþjónusta á Akureyri fyrir einstaklinga með langvinna sjúkdóma af líkamlegum toga.

**Guðjón Benediktsson og Sigurður Hólm Gunnarsson**
Akureyrarmódelið.

**Guðríður Erna Guðmundsdóttir**
Skólataskan og grunnskólabarnið.

**Guðrún Linda Guðmundsdóttir, Rakel Anna Másdóttir og Unnur María Þorvarðardóttir**
Halur er heima hver...: upplifun aldraðra af heilsueflandi heimsóknum á vegum Akureyrarbæjar.

**Guðrún Þorvaldsdóttir**
Ég er samt að gera meira en áður: félagsleg þátttaka hreyfihamlaðra unglingsstúlkna í framhaldsskólum.

**Ingibjörg Anna Björnsdóttir, Ragnheiður Reykjalín Magnúsdóttir og Rósa Gunnsteinsdóttir**
Áhrif umhverfis á líf og aðstæður fjölskyldna fatlaðra barna.

### Framhaldsnám í heilbrigðisvísindum (120 ECTS)

**Hólmfríður Margrét Bjarnadóttir**
Áhrif svæðameðferðar á þunglyndi og kvíða: að meðhöndla hið stóra í gegnum hið smáa.

**Unnur Árnadóttir**
Hvað finnst foreldrum barna með hreyfihömlun um þjónustu sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa og talmeinafræðinga?: mat á fjölskyldumiðaðri þjónustu.

**Unnur Pétursdóttir**
Áhrifaþættir þjálfunar hjá fólki með slitgigt: hvað hvetur, hvað letur?

## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

### Fjölmiðlafræði

**Hafdís Ársælsdóttir**
Skrifa blaðamenn og konur um það sama?: rannsókn á efnisvali íslenskra blaðamanna á dagblöðum landsins í almennum fréttahluta þeirra.

**Hjalti Þór Hreinsson og Reynir Albert Þórólfsson**
Íslensk tónlist á Rás 2.

**Kristín Elísabet Gunnarsdóttir**
Birtingarmynd tóbaks í íslenskum fjölmiðlum: hvernig er birtingamynd tóbaks í íslenskum fjölmiðlum?

**Sóley Björk Stefánsdóttir**
Er Facebook hið nýja almannarými?: greining á upplýsingamiðlun og samskiptum á Facebook.

**Þorgeir Rúnar Finnsson**
Úttekt á námi í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri og rannsókn á viðhorfi útskrifaðra fjölmiðlafræðinga til námsins.

### Nútímafræði

**Bára Jóhannesdóttir**
Kennir vestrænt samfélag í brjósti um konur?: brjóstastækkanir í ljósi félagsfræðilegra kenninga.

**Hjörtur Ágústsson**
Fjölbreytt fæða til framtíðar: fæðuöryggi og grænmetisræktun á Íslandi.

### Samfélags- og hagþróunarfræði

**Anna Þorsteinsdóttir**
Vatnajökulsþjóðgarður og ferðaþjónusta: efling byggðar með ferðaþjónustu

**Sölmundur Karl Pálsson**
The North Atlantic region and socio-economic impacts of global change: tracking change using arctic social indicators.

### Sálfræði

**Anna Guðlaug Gísladóttir og Heiða Rún Sveinsdóttir**
Geta karlmenn gert tvennt í einu?: rannsókn á kynjamun hvað varðar skipta athygli.

**Hafþór Óskarsson**
Próffræðileg mæling á réttmætiskvörðum PAI persónuleikaprófsins.

**Hjalti Jónsson**
Áhrif tónlistarnáms á námsárangur barna í stærðfræði og íslensku.

**Ingibjörg Sigr. Hjartardóttir og Eva Beekman**
Áhrif ómótaðs efniviðar á ímyndunarleik fjögurra ára drengs með einhverfu.

**Linda Rós Rögnvaldsdóttir og Þórdís Gísladóttir**
Rafmeðferðir: lækning eða pynding fyrir sjúklinga með þunglyndi.

**Margrét Eiríksdóttir og Ranveig S. Tausen**
Áhrif stjórnrótar á smit þunglyndis hjá hjónum.

**Margrét Hannesdóttir og Sigríður Klara Sigfúsdóttir**
Ómeðvituð birtingaráhrif andlitsmynda.

**Valdimar Heiðar Valsson**
Tengsl tölvuleikja og þunglyndis.

### Þjóðfélagsfræði

**Atli Hafþórsson**
Stoltir eyjaskeggjar?: tengsl menningar og viðhorfa við þjóðernisstolt unglinga í evrópskum eyjasamfélögum

### Leikskólakennarafræði

**Aðalheiður Fanney Björnsdóttir**
Af máli má manninn þekkja: máltaka og málörvun ungra barna.

**Birna Davíðsdóttir**
Jafnrétti í leikskóla: hafa börn í fámennum leikskólum í dreifbýli á Íslandi jöfn tækifæri til menntunar og uppeldis, óháð kyni?

**Edda Lydía Þorsteinsdóttir**
Gleði og gaman í útikennslu: verkefnabanki.

**Elínborg Hallbjörnsdóttir og Hera Guðmundsdóttir**
Leikskólar í ríki Vatnajökuls.

**Eva Hrönn Jónsdóttir**
Foreldrasamstarf: könnun meðal kennara og foreldra í leikskóla.

**Guðbjörg Steinunn Sigfúsdóttir**
Lengi býr að fyrstu gerð: tónlistaruppeldi barna á leikskólaaldri.

**Guðný Hulda Ingibjörnsdóttir**
Tónlist í leikskóla: hugmyndabanki um sögustund.

**Guðríður Anna Sveinsdóttir**
Lesum saman: hvaða áhrif hefur lestur á börn?

**Harpa Kristín Hlöðversdóttir**
Umhyggja: umhyggja í skólastarfi.

**Hulda Björg Jónasdóttir og Ingunn Þormar**
Stærðfræði er leikur einn: fræðileg umfjöllun um stærðfræðinám yngri barna í gegnum leik og drög að þróunarverkefni.

**Katrín Jóhannesdóttir**
Kramið hjarta er heimsins þyngsta byrði: áhrif skilnaðar foreldra á börn.

**Laufey Heimisdóttir**
Málþroski og ritmálsþroski, íslenskukennsla í leikskólum.

**Soffía Gunnlaugsdóttir**
Það skal vanda sem lengi á að standa: aðlögun og foreldrasamstarf.

**Selma Sigurðardóttir Malmquist**
Réttindi og þarfir barna eftir skilnað.





**Þórdís Guðrún Magnúsdóttir**
Leikur: leikur stráka og stelpna og hlutverk leikskólakennarans.

### Grunnskólakennarafræði

**Andrea Eðvaldsdóttir og Hilma Steinarsdóttir**
Uppeldi til ábyrgðar: skynsamlegasta lausnin getur legið í því að bæta eigið sjálf.

**Anna Þorsteinsdóttir**
Dygðir: gömlu gildin í kennslustofunni.

**Árni Davíð Haraldsson**
Grenndarkennsla á Þórshöfn: hvernig er hægt með grenndarkennslu að vekja þá hugsun hjá börnum að læra að meta náttúruna, umhverfi sitt og þá sögu sem það hefur að geyma?

**Árni Stefán Hilmarsson**
Úthlutun Nýja testamentisins í grunnskólum: æskilegt eða óæskilegt?

**Elín Berglind Skúladóttir**
Myndmenntakennsla í grunnskólum: myndmennt á fræðilegum grunni.

**Guðrún Hallfríður Bjarnadóttir**
Hnífar eru drjúgir til afþreyingar.

**Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson**
Almenn menntun til alhliða þroska: skóli, heimili, samfélag.

**Guðbjörg Þóra Jónsdóttir**
Foreldrasamstarf: hvað segja lögin?

**Jón Heimir Hreinsson**
Hegðun og líðan barna í grunnskóla: hver ber ábyrgð?

**Lilja Dögg Bjarnadóttir**
Námsefni sem leggur áherslu á tilfinningagreind.

**Stella Aradóttir**
Einelti: án öryggis er ekkert frelsi.

**Þjóðbjörg Gunnarsdóttir**
Stærðfræðinám sem efling á skilningi og vakning á sjálfstæðri hugsun.

### Grunnskólakennarafræði – hugvísinda- og tungumálasvið

**Guðmundur Albert Aðalsteinsson**
Stafsetning: saga og kennsluaðferðir.

**Magnús Jón Hilmarsson**
Samanburður á enskukennslu- og kunnáttu í þremur skólum í tveimur löndum.

### Grunnskólakennarafræði – nám og kennsla yngri barna

**Ágústa Berglind Hauksdóttir**
„Auddað geeeeggt kreisi mál skoh": staða ritmáls unglinga í nútímasamfélagi.

**Friðrik Ragnar Friðriksson**
Kennarastarfið og fagmennska: lærist ekki á einni nóttu.

**Guðný Lára Gunnarsdóttir**
Líf með einhverfu: brúin milli leik- og grunnskóla.

**Haraldur Rúnar Sverrisson**
Eiga kenningar John Dewey erindi við okkur í dag?

**Herdís Hermannsdóttir**
Rannsóknaáætlun: tengsl líðanar nemenda í 8. bekk á Akureyri við árangur þeirra í námi.

**Íris Ósk Tryggvadóttir**
Hvernig vinna PMT og SMT gegn agavandamálum barna?

**Kolbrún Einarsdóttir og Magnea Guðrún Karlsdóttir**
Agi og bekkjarstjórnun.

**Linda Björk Sveinsdóttir**
Einhverfa: aðferðir við kennslu í grunnskólum.

**Sædís Eva Gunnarsdóttir**
Fátt er betra veganesti á lífsleiðinni en góð lestrarfærni.

**Tinna Hermannsdóttir**
Leyfum þeim að leika sér: leikur sem námsleið á yngsta stigi grunnskóla.

### Meistaranám í menntunarfræði til M.Ed.-gráðu

**Anna Birna Einarsdóttir**
Sköpunarhæfni barna í textílmennt.

**Baldur Daníelsson**
Framkvæmd starfsmannasamtala í grunnskólum á Norðurlandi eystra.

**Bjargey Gígja Gísladóttir**
... ég ætla að verða sú fyrsta sem útskrifast ... í einhverju!: brotthvarf stúlkna úr framhaldsskóla, kynlægar hindranir og framtíðardraumar.

**Bryndís Arnardóttir**
Að vera listamaður: hverjum dettur það eiginlega í hug.

**Iðunn Antonsdóttir**
„....hendist milli Kópaskers og Kína...": skólastjórnun í austri og vestri.

**Ingibjörg Jóhannsdóttir**
Lífsleikni í grunnskólum við Eyjafjörð.

**Ragnheiður Björk Þórsdóttir**
Að nýta sköpunarkraftinn sem í okkur býr: upplifun nemenda af veru sinni á listnámsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri.

**Sigríður Kristjánsdóttir**
Konur, stjórnun og samskipti: stjórnunaraðferðir kvenna í ólíkum atvinnugreinum.

**Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir**
„Það gengur allt út á lestur og skrift": líðan nemenda með leshömlun og hugmyndir þeirra um námsval og framtíðarmöguleika.

**Sverrir Haraldsson**
Hvernig lífsleikni?: staða lífsleikni í fjórum íslenskum framhaldsskólum

### B.A. Lögfræði

**Aðalheiður Ámundadóttir**
Réttaráhrif álita Mannréttindanefndar og skuldbindingar Íslands.

**Agnes Björk Blöndal**
Sjálfsákvörðunarréttur þjóða: staða Grænlands.

**Alena Ingvarsdóttir**
Sovereignty and supra-nationalism.

**Andrés Már Magnússon**
Self defence or reprisals?: the legality of the United States' response to the 9/11 attacks.

**Anna Jenný Jóhannsdóttir**
Exercise of extraterritorial jurisdiction: does the United Nations convention on the law of the sea violate Ius Cogens by denying to grant Erga Omnes jurisdiction over slavers on the high seas?

**Arnór Sigmarsson**
Is there such a thing as international copyright?

**Árni Sigurgeirsson**
Taser as an enforcement tool.

**Drengur Óla Þorsteinsson**
Software patents and the EPO: should software patents be granted under the European patent system?

**Húni Heiðar Hallsson**
Stjórnarskrárfesta og stjórnarskrárbreytingar.

**Jóna Benný Kristjánsdóttir**
Um lögmæti félagaskiptareglna Alþjóðaknattspyrnusambandsins frá sjónarhóli Evrópuréttar.

**Sara Halldórsdóttir**
Tibet: past, present and future: the question of self-determination for Tibet.

**Stefán Þór Hauksson**
A legally binding regime for the arctic.

### Meistaranám í lögfræði

**Birna Ágústsdóttir**
Sameiginleg forsjá samkvæmt íslenskum barnarétti.

**Bjarki Sigursveinsson**
Refsiábyrgð lögaðila og önnur viðurlagaúrræði vegna efnahagsbrota.

**Dagný Rut Haraldsdóttir**
Sáttamiðlun í sakamálum.

**Ingibjörg Björnsdóttir**
Refsimat dómstóla í kynferðisbrotamálum: rannsókn á refsiviðurlögum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og beitingu þeirra hjá íslenskum dómstólum.

**Margrét Lilja Friðriksdóttir**
Mismunandi réttarstaða aðila í mismunandi sambúðarformi.

**Margrét Kristín Helgadóttir**
Sekt uns sakleysi er sannað?: umfjöllun fjölmiðla skoðuð í samhengi við rétt einstaklinga til réttlátrar málsmeðferðar skv. 6. gr. MSE og 70. gr. stjórnarskrár Íslands.

## VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDADEILD

### Líftækni

**Arnheiður Rán Almarsdóttir og Ingólfur Bragi Gunnarsson**
Framleiðsla etanóls úr flóknum lífmassa með hitakærum bakteríum.

**Matthildur Ingólfsdóttir**
Endurnýtingakerfi með lífhreinsi: áhrif bætibaktería.

**Þórunn Indiana Lúthersdóttir**
Tjáning próteina í methicillin og gentamicin ónæmum staphylococcus aureus stofni.

### Sjávarútvegsfræði

**Halldór Pétur Ásbjörnsson**
Baráttan um hvalinn: að skjóta eða njóta.

**Jón Ingi Björnsson**
Áframeldi á túnfiski (Thunnus Thynnus).

**Markús Jóhannesson**
Makríll: sóknartækifæri við nýjan nytjastofn.

**Sigurður Jóhann Ringsted**
Hagkvæmni endurbóta á Hrafni Sveinbjarnarsyni GK 255.

### Umhverfis og orkufræði – umhverfis- og orkulína

**Helga Rakel Guðrúnardóttir**
Efnaeiginleikar og nýtingarmöguleikar neysluvatnslinda í Langanesbyggð.

### Meistaranám í auðlindafræði

**Guðbjörg Stella Árnadóttir**
The effects of cold cathode lights on growth of juvenile Atlantic cod (Gadus morhua L.) use of IGF-I as an indicator of growth.

**Hilma Eiðsdóttir Bakken**
BioEthanol: fuel of the future?

**Jón Eðvald Halldórsson**
Feasibility of ranching coastal cod in Nortwest Iceland.

**Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir**
Physiological and phylogenetic studies of Caloramator and Thermoanaerobacterium species: ethanol and hydrogen production from complex biomass.

# LOKAVERKEFNI

**Rut Hermannsdóttir**
Effect and bioactive products on innate immunity and development of Atlantic halibut (Hippoglossus hippoglossus L.) larvae.

**Sigríður Helga Sigurðardóttir**
Bioethanol: production of ethanol with anaerobic thermophilic mutant strains.

**Tölvunarfræði**

**Arnfríður Ingvarsdóttir**
RRR – Rescue Robot Ranane.

**Jenny Schulze**
Setup of a DNS server with dynamic updates.

**Olga Romanovna Druzhinina**
The Game in C++.

**Páll Rúnar Gíslason**
NetKiljan.

**Snorri Guðjón Sigurðsson**
A spatially-enabled Internet application to support information access.

**Yeli Zhu**
A rational reconstruction of Analogy.

**Ævar Karl Karlsson**
A computer based approach on autism.

**Viðskiptafræði – fjármál**

**Anna María Axelsdóttir**
Hvaða forsendur gefa konur sér við val á fjárfestingum á markaði?

**Ástráður Þorgils Sigurðsson**
Verðmat fyrirtækja: er munur á matsaðferðum hjá þjónustu og framleiðslufyrirtækjum?

**Bergvin Fannar Gunnarsson**
Áframeldi þorsks (gadus morhua): atvinnuvegagreining og arðsemi.

**Björgvin Guðmundsson**
Áætlanagerð sveitarfélaga.

**Fjóla Þorsteinsdóttir og Sigríður Hulda Sigfúsdóttir**
Rekstur háskóla á Íslandi og áhrifaþættir á val nemenda til námssetu.

**Guðbjörg Ósk Hjartardóttir**
Vanskilaskrá: hver er þróun vanskila einstaklinga síðustu ár með tilliti til kyns og búsetu?

**Guðmundur Þorkell Eyjólfsson**
Hvað er undirmálslán og hvaða áhrif hafa þau haft á hagkerfi heimsins?

**Guðríður Sturludóttir**
Virði Kaupþings: verðmat.

**Helga Finnbogadóttir**
Kostnaðargreining grunnskóla í Skagafirði.

**Ingunn Hjaltalín Ingólfsdóttir og Nanna Hjálmþórsdóttir**
Áhrif skattabreytinga á tekjustofna sveitarfélaga.

**Izaar Arnar Þorsteinsson**
Kostnaðarbókhald og EVE Online.

**Katrín Pálsdóttir**
Arðsemismat á kattafóðurframleiðslu.

**Salome Rannveig Birgisdóttir**
Uppgjörsmiðstöð Íslands.

**Sara Jóhannsdóttir**
Byggðastefna ESB og Íslands.

**Skúli Páll Björnsson**
Hver eru áhrif lánsfjárkreppunnar á samruna og skuldsettar yfirtökur fyrirtækja?

**Steina M. Lazar Finnsdóttir**
Dýrakotsnammi ehf: arðsemismat.

**Þuríður Sigurðardóttir**
Arðsemismat á ljósastýringu við þorskeldi.

**Viðskiptafræði – ferðaþjónusta**

**Ingibjörg Jónsdóttir**
Laugarbakkaskóli: hagnýtt hlutverk í ferðaþjónustu.

**Sara Ómarsdóttir**
Hlíðarfjall: nýsköpun í vetrartengdri ferðaþjónustu á Norðurlandi.

**Viðskiptafræði – markaðsfræði**

**Ásrún Benediktsdóttir**
Hvernig líta Íslendingar á sig sem neytendur?

**Bylgja Jóhannesdóttir**
Markaðsáætlun á raflagnaefnum fyrir Plastiðjuna Bjarg- Iðjulundi.

**Guðleif Ósk Árnadóttir**
Kvartanastjórnun: ferli í átt að bættri þjónustu.

**Helena Guðrún Bjarnadóttir**
Stubbasmiðjan ehf: frá hugmynd að veruleika.

**Jóhannes Már Sigurðarson**
Hvernig á fyrirtæki að bera sig að til að ná hámarks árangri á auglýsingamarkaði á Íslandi?

**Kristín Helgadóttir**
Áhrif svæðisbundinnar auðkenningar á matvælaframleiðslu Eyjafjarðar.

**Sigríður María Hammer**
Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki og útrás: Samherji, Útgerðarfélag Akureyringa og Þormóður rammi.

**Sigrún Erla Valdimarsdóttir**
Upplifun farþega Icelandair á þjónustunni um borð með tilliti til markaðssvæða.

**Valdemar Valdemarsson**
Akureyri að vetri.

**Viðskiptafræði - stjórnunarfræði**

**Auður Jóna Erlingsdóttir**
Leið til árangurs: stefnumótun íslenskra fyrirtækja.

**Edda Elísabet Egilsdóttir**
Bankahrun og uppsagnir starfsfólks á Austurlandi.

**Gerður Eðvarsdóttir**
Hefur frammistöðumat merkjanleg áhrif á starfsánægju?

**Guðrún Elsa Gunnarsdóttir**
Þekkingarverðmæti í reikningsskilum.

**Halla Björk Reynisdóttir**
Áframeldi þorsks (gadus morhua): atvinnuvegagreining og arðsemi.

**Hildur Hrund Hallsdóttir**
Hvernig er öflun umsækjenda og starfsmannavali innan Kaffitárs háttað?

**Ingibjörg Jóhannsdóttir**
Eftirfylgni starfsmannastefna.

**Ingibjörg Þóra Sæmundsdóttir**
Endurmörkun fyrirtækja.

**Magnína G. Kristjánsdóttir**
Mannauðsstjórnun í þjónustufyrirtækjum á Vesturlandi.

**Margrét Melstað**
Stjórnun og skipulag skíðasvæða.

**Snjólaug Einarsdóttir**
Birgðastýring á hreinlætistækjum og flísum hjá Byko.

**Þóra Einarsdóttir**
Móttaka og þjálfun nýliða hjá Actavis.

**Meistaranám í viðskiptafræði - alþjóðafjármál og bankastarfsemi**

**Jakobína Edda Sigurðardóttir**
Er munur á peninga- og gengisstýringu landa eftir stærð?

**Ragnheiður Sigurðardóttir**
Hvort er betra fyrir Ísland að taka upp Bandaríkjadal eða evru?

**Meistaranám í viðskiptafræði - stjórnun í alþjóðlegu fyrirtækjaumhverfi**

**Atli Kristjánsson**
Skipulag íslenskra fyrirtækja undir áhrifum alþjóðavæðingar.

**Eggert Þór Óskarsson**
Alcoa í Fjarðabyggð: alþjóðafyrirtæki á Austfjörðum.

**Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir**
Útvistun í opinberri stjórnsýslu: hagræðingarmöguleikar og hindranir.










**Háskólinn á Akureyri**

www.unak.is

Sólborg v/Norðurslóð

600 Akureyri

Sími: 460 8000


www.unak.is